

# Kynning á heildarkröfum

vegna þjóðlendumála á svæði 10C:

*Barðastrandarsýslur*

**KYNNING 12. DESEMBER 2019 – 24. JANÚAR 2020**  
FRESTUR TIL ATHUGASEMDA ER TIL 31. JANÚAR 2020





## Þjóðlendumál á svæði 10C

Hér eru kynntar kröfur og athugasemdir sem óbyggðanefnd hafa borist vegna þjóðlendumála á svæði sem við málsmeðferð óbyggðanefndar er auðkennt sem svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslur. Kynningin fer fram skv. 12. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu.

Forsaga málsins er sú að með bréfi dags. 9. nóvember 2018 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt að svæði 10C, Barðastrandarsýslur, hefði verið tekið til meðferðar og veittur frestur til 15. febrúar 2019 til að lýsa kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur þar en fresturinn var síðan framlengdur til 15. apríl 2019. Þann dag bárust svo kröfur ríkisins en þær ná til fimm svæða sem eru í kröfulýsingunni nefnd Hvannahlíð, Skálmardalsheiði, Auðshaugslund, Vatnsfjörður og Bæjarbjarg.

Krafa íslenska ríkisins var kynnt með lögformlegum hætti, þ.e. bæði í Lögbirtingablaði og með auglýsingum í fjölmíðum. Einnig var sýslumanninum á Vestfjörðum og öllum sveitarfélögum á svæði 10C tilkynnt um þjóðlendukröfu ríkisins og kröfulýsingarfrest gagnaðila. Kynningargögn voru aðgengileg á öllum skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum og hjá viðkomandi sveitarfélögum, þ.e. Reykhólahreppi og Vesturbyggð, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki var var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru aðgengileg, og nokkrir fjölmíðlar fjölluðu um málið. Samhliða kynningunni var öðrum mögulegum hagsmunaaðilum veittur frestur til að skila kröfulýsingum, fyrst til 16. ágúst 2019 en fresturinn var tvívar framlengdur, síðast til 15. nóvember 2019. Innan þess frests bárust síðan gagnkröfur vegna fimm jarða og athugasemdir vegna einnar í viðbót.

Nú eru heildarkröfur kynntar en í þessu hefti er bæði að finna kröfur ríkisins um þjóðlendur og kröfur þeirra sem telja til eignarréttinda á sömu svæðum, sem og athugasemdir sem óbyggðanefnd hafa borist. Skv. 12. gr. laga nr. 58/1998 ber óbyggðanefnd á þessu stigi málsins að gera yfirlit yfir lýstar kröfur á því svæði sem til meðferðar er og kynna þær í a.m.k. einn mánuð en frestur til athugasemda er síðan sjö dagar frá lokum kynningartímabilssins. Kynningargögn eru aðgengileg á sömu stöðum og við fyrri kynningu, þ.e. á skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum, Reykhólahrepps og Vesturbyggðar, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar.

Að athugasemda fresti liðnum rannsakar óbyggðanefnd málín sem felur m.a. í sér ítarlega og kerfisbundna gagnaöflun um svæðin í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands en skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 ber óbyggðanefnd að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar eru og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum.

Einnig eru vettvangsferð og svonefnd aðalmeðferð mikilvægir liðir í málsmeðferðinni. Það felur í sér að farið er á vettvang undir leiðsögn heimamanna, aðilar og vitni gefa skýrslur og málín eru flutt munnlega. Leiði rannsókn óbyggðanefndar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili

máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignar-réttarlegri stöðu svæðisins mun nefndin úrskurða um fram komnar kröfur. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu óbyggðanefndar og á vefsíðu hennar: [obyggdanefnd.is](http://obyggdanefnd.is).

**Kynning þessi á heildarkröfum stendur yfir 12. desember 2019 – 24. janúar 2020.**  
**Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, í síðasta lagi 31. janúar 2020.** Netfang nefndarinnar er [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is).

*Óbyggðanefnd*

## EFNISYFIRLIT

<b>Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 10C .....</b>	<b>1</b>
1. Almenn atriði .....	5
2. Landsvæði.....	5
3. Nánar um kröfusvæðið.....	6
4. Kröfusvæðið, aðliggjandi jarðir og svæði .....	10
5. Kröfulínur og röksemdir .....	57
6. Dómsúrlausnir og aðrar úrlausnir.....	62
7. Kröfugerð.....	62
8. Áskilnaður og fyrirvari.....	64
 <b>Kröfur og athugasemdir gagnaðila íslenska ríkisins .....</b>	 <b>67</b>
<i>Hvallátrar, kröfulýsing .....</i>	<i>67</i>
Fylgiskjal .....	71
<i>Brjánslækur, athugasemdir .....</i>	<i>73</i>
<i>Auðshaugur, kröfulýsing .....</i>	<i>77</i>
Fylgiskjöl .....	86
<i>Vattarnes, kröfulýsing .....</i>	<i>117</i>
<i>Skálmardalur, kröfulýsing .....</i>	<i>125</i>
<i>Múli, kröfulýsing .....</i>	<i>127</i>
Fylgiskjöl .....	131

### Yfirlitskort um kröfur ríkisins:

- [https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C\\_riki-kort-krofulinur-yfirlit.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C_riki-kort-krofulinur-yfirlit.pdf)

### Kort með kröfulínum málsaðila:

- Kort 1: Bæjarbjarg:  
[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C\\_kort1-krofulinur.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C_kort1-krofulinur.pdf)
- Kort 2: Vatnsfjörður, Auðshaugsland, Skálmardalsheiði:  
[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C\\_kort2-krofulinur.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C_kort2-krofulinur.pdf)
- Kort 3: Hvannahlíð:  
[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C\\_kort3-krofulinur.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C_kort3-krofulinur.pdf)



**KRÖFULÝSING  
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS  
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10C,  
BARÐASTRANDARSÝSLUR**

## EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI.....	5
2.	LANDSVÆÐI .....	5
2.1.	Afmörkun kröfusvæðis .....	5
2.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu .....	6
3.	NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ.....	6
3.1.	Heimildir um landnám í Barðastrandarsýslum .....	6
3.2.	Afréttarmál.....	8
4.	KRÖFUSVÆÐIÐ; AÐLIGGJANDI JARÐIR OG SVÆÐI .....	10
4.1.	Reykhólahreppur .....	10
4.1.1.	Hvannahlíð .....	10
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	10
ii.	<i>Reykhólar (réttindi)</i> .....	11
iii.	<i>Kollabúðir</i> .....	12
iv.	<i>Hjallar</i> .....	13
v.	<i>Djúpidalur</i> .....	14
vi.	<i>Múli (Múlakot)</i> .....	15
vii.	<i>Kirkjuból í Strandasýslu</i> .....	17
4.2.	Múlahreppur .....	17
4.2.1.	Skálmardalsheiði.....	17
i.	<i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	17
ii.	<i>Vattarnes</i> .....	18
iii.	<i>Skálmardalur</i> .....	19
iv.	<i>Skálmardalsmúli (Múli á Skálmarnesi)</i> .....	21
v.	<i>Kirkjuból á Bæjarnesi</i> .....	22
vi.	<i>Fjörður</i> .....	22
vii.	<i>Auðshaugsland</i> .....	23
viii.	<i>Friðland Vatnsfjarðar</i> .....	23
ix.	<i>Kvígindisfjörður</i> .....	23
x.	<i>Illugastaðir</i> .....	24
4.3.	Barðastrandarhreppur.....	24

4.3.1. Auðshaugsland .....	24
<i>i.</i> <i>Auðnir</i> .....	24
<i>ii.</i> <i>Auðshaugur</i> .....	27
<i>iii.</i> <i>Fjörður</i> .....	30
<i>iv.</i> <i>Kirkjuból á Litlanesi</i> .....	31
4.3.2. Vatnsfjörður .....	31
<i>i.</i> <i>Sérstaklega um kröfusvæðið</i> .....	31
<i>ii.</i> <i>Auðshaugur, Auðnir og Auðshaugsland</i> .....	36
<i>iii.</i> <i>Fossá á Hjarðarnesi</i> .....	36
<i>iv.</i> <i>Hella (eign Brjánslækjarkirkju)</i> .....	37
<i>v.</i> <i>Pverá (eign Brjánslækjarkirkju)</i> .....	38
<i>vi.</i> <i>Brjánslækur á Barðaströnd</i> .....	39
<i>vii.</i> <i>Undirtún (hjáleiga Brjánslækjarkirkju)</i> .....	53
<i>viii.</i> <i>Vaðall (Efri- og Neðri-Vaðall)</i> .....	53
4.4. Rauðasandshreppur .....	56
4.4.1. Bæjarbjarg .....	56
<i>i.</i> <i>Bær (réttindi)</i> .....	56
<i>ii.</i> <i>Hvallátur (Látur)</i> .....	56
<i>iii.</i> <i>Breiðavík</i> .....	57
5. KRÖFULÍNUR OG RÖKSEMDIR .....	57
5.1. Almennt .....	57
5.2. Hvannahlíð .....	58
5.3. Skálmardalsheiði .....	58
5.4. Auðshaugsland .....	59
5.5. Vatnsfjörður .....	60
5.6. Bæjarbjarg .....	61
6. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR .....	62
7. KRÖFUGERÐ .....	62
7.1. Hvannahlíð .....	62
7.2. Skálmardalsheiði .....	62
7.3. Auðshaugsland .....	63
7.4. Vatnsfjörður, friðland .....	63
7.5. Bæjarbjarg .....	63

8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI ..... 64

**KRÖFULÝSING**  
**FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS**  
**UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10C,**  
**BARÐASTRANDARSÝSLUR**

## **1. ALMENN ATRIDI**

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 9. nóvember 2018, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10C til meðferðar, Barðastrandarsýslur. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 15. febrúar 2019. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, fyrst til 15. mars 2019 og síðan til 15. apríl 2019.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirsvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirsvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirsvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Andri Árnason, kt. 121257-3869, Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

## **2. LANDSVÆÐI**

### **2.1. Afmörkun kröfusvæðis**

Kröfusvæðið afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 9. nóvember 2018:

Að suðaustanverðu afmarkast svæðið af mörkum Reykhólahrepps og Dalabyggðar, sem jafnframt eru sýslumörk milli Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu. Þessum sýslu- og sveitafélagamörkum er fylgt frá hafi til norðausturs að mörkum Reykhólahrepps og Strandabyggðar, þar sem jafnframt eru sýslumörk milli Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu. Þaðan er norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðurmörk Reykhólahrepps, fylgt til vesturs allt þar til komið er að norðausturmörkum Vestur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðausturmörk Vesturbyggðar. Þaðan er síðastnefndum sýslu- og sveitarfélagamörkum fylgt til vesturs að hafi. Að öðru leyti, þ.e. að vestan- og sunnanverðu, afmarkast svæðið af hafi.

## 2.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög: Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.

Reykhólahreppur varð til við sameiningu allra hreppa í Austur-Barðastrandarsýslu þann 4. júlí 1987. Þéttbýliskjarninn heitir Reykhólar. Í sveitarféluginu bjuggu 275 manns 2018.

Vesturbyggð er sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum. Það varð til þann 11. júní 1994 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Byggðakjarnar eru Birkimelur, Bíldudalur og Patreksfjörður. Í sveitarféluginu bjuggu 1.024 manns 2018.

Tálknafjarðarhreppur er í raun byggðin við Tálknafjörð, sem er einn af suðurfjörðum Vestfjarða. Þar stendur samnefnt þorp. Í sveitarféluginu bjuggu 244 manns 2018.

## 3. NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ

### 3.1. Heimildir um landnám í Barðastrandarsýslum

Í Landnámu er getið þeirra landnámsmanna sem numu lönd í Barðastrandarsýslum.<sup>1</sup>

Gils skeiðarnef nam Gilsfjörð milli Óláfsdals ok Króksfjarðarmúla; hann bjó á Kleifum.<sup>2</sup>

Samkvæmt Sturlubók náði landnám Gils vestur að Króksfjarðarmúla en samkvæmt Melabók náði landnám hans vestur í Berufjörð, til móts við landnám Úlfs hins skjálga.<sup>3</sup>

Pórarinn krókr nam Króksfjörð til Hafrafells frá Króksfjarðarnesi.<sup>4</sup>

Ketill illbreiðr nam Berufjörð, son Porbjarnar tálkna.<sup>5</sup>

Úlfr enn skjálgi son Hogna ens hvíta nam Reykjanes allt milli Porskafjarðar ok Hafrafells.<sup>6</sup>

Úlfr hinn skjálgi [...] ok nam land á milli Berufjarð[ar] og Porskafjarðar, Reykjanes allt [...]<sup>7</sup>

<sup>1</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 160-179.

<sup>2</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 160; Sturlubók (S), 119 og Hauksbók (H) 91. Króksfjarðarmúli heitir Neshyrna í dag.

<sup>3</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 160. Í S er því getið tveggja landnámsmanna á þessu svæði, þ.e. Pórarins króks og Ketils illbreiðs, sem ekki er getið í Melabók (M).

<sup>4</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 16; S 120 og H 92.

<sup>5</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 161; S 120 og H 93.

<sup>6</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 161; S 122 og H 94.

<sup>7</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 161; M 35.

Hallsteinn son Þórólfs Mostrarskeggs nam Þorskafjorð ok bjó á Hallsteinsnesi [...]<sup>8</sup>

Þorbjörn loki hét maðr, son Böðmóðs ór skut; hann fór til Íslands ok nam Djúpafjörð ok Grónes til Gufufjarðar.<sup>9</sup>

Í landnámu er svo getið Ketils gufu, sem í fyrstu bjó m.a. í Borgarfirði og Snæfellsnesi og leitaði landa:

[...] hann nam síðan Gufufjörð ok Skálanes til Kollafjarðar.<sup>10</sup>

Í Melabók segir:

Gufa hinn gamli nam Gufufjörð ok Skálanes allt til Kollafjarðar, sem fyrr er sagt, ok bjó í Gufudal.<sup>11</sup>

Kolli Hróaldsson nam Kollafjörð ok Kvígandanes ok Kvígandafjörð; hann seldi ýmsum mönnum landnám sitt.<sup>12</sup>

Í Landnámu er getið Nesja-Knjúkr.

Hann nam nes öll til Barðastrandar frá Kvígandafirði [...]<sup>13</sup>

Geirsteinn kjálki nam Kjálkafjörð ok Hjarðarnes með ráði Knjúks.<sup>14</sup>

Geirleifr son Eiríks Högnasonar ens hvíta nam Barðaströnd alla á milli Vatsfjarðar ok Berghlíða [...]<sup>15</sup>

Ármóðr enn rauði Þorbjarnarson, [...] nam Rauðasand.<sup>16</sup>

---

<sup>8</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 163; S 123 og H 95. Í Melabók, 36, segir að Hallsteinn hafi numið Þorskafjarðarströnd hina nyrðri til móts við Úlf og skv. því hefur landnám Úlfs náð inn Þorskafjörð að austanverðu.

<sup>9</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 165; S 124 og H 96. Í Melabók segir að Þorbjörn hafi numið Grónes og Djúpafjörð til móts við Hallstein og Gufu. M 37.

<sup>10</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 166, 168-169; S 125 og H 97.

<sup>11</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 168; M 38.

<sup>12</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 168-169; S 126, M 39 og H 98.

<sup>13</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 171; S 127 og H 99. Í Melabók segir að landnám Nesja-Knjúkr hafi verið lönd á milli Kvígandafjarðar og Kjálkafjarðar, M 40.

<sup>14</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 172; S 128, sjá og M 41 og H 100.

<sup>15</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 172-173; S 129, M 42, H 101. Berghlíðar eru sennilega Sigluneshlíðar eða Skorarhlíðar.

<sup>16</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 174-175. S 130, H 102, bls. 175, M 43, bls. 174.

Pórólfr spörr [...] ok nam Patreksfjörð fyrir vestan ok víkr fyrir vestan Barð nema Kollsvík; þar bjó Kollr fóstbróðir Örlygs. Pórólfr nam ok Keflavík fyrir sunnan Barð ok bjó at Hvallátrum.<sup>17</sup>

Þorbjörn tálkni ok Þorbjörn skúma, synir Böðvars blöðruskalla, kómu út með Örlygi; þeir námu Patreksfjörð hálfan og Tálknafjörð allan til Kópaness.<sup>18</sup>

Ketill illbreiðr, son Þorbjarnar tálkna, nam dali alla frá Kópanesi til Dufansdals; [...] rézk hann þá suðr í Breiðafjörð ok nam Berufjörð hjá Reykjanesi.<sup>19</sup>

Örn hét maðr ágætr; [...]. Hann nam land í Arnarfirði svá vítt sem hann vildi; hann sat um vetrinn á Tjaldanesi [...].<sup>20</sup>

Í landnámu er getið um Ánn rauðfeldr sem kom í Arnarfjörð ári eftir að Örn hafði numið þar lönd. Ánn bjó fyrsta veturinn í Dufansdal en Örn seldi honum svo öll lönd milli Langaness og Stapa.<sup>21</sup>

Geirþjófr Valþjófsson nam land í Arnarfirði, Forsfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð, Geirþjófsfjörð, ok bjó í Geirþjófsfirði.<sup>22</sup>

### 3.2. Afréttarmál

Ekki er fjallað um afréttarmál í Barðastrandarsýslum í Göngum og réttum.

Í Sóknalýsingum Vestfjarða segir eftirfarandi um afréttarmál í Barðastrandarsýslum:

*Garpsdalssókn (1852)*

Afréttarland flestra nú taldra bæja sóknarinnar er einkum Vatnadalur, svo sem hér fram er vikið til að heyrir til Múla og Brekku, og fá ábúendur jarða þeirra toll fyrir upprekstur geldfjár á dalinn. En geldfjárrétt hefir nú um tíma verið við Mársdalsmynni, þar fyrir austan ána, þ.e. Mársdalsá. Í 21. viku sumars er fénu oftast réttað. Frá Kleifum er geldfé rekið á Snartartunguheiði eða Krossárdal.<sup>23</sup>

*Staðar- og Reykhólasókn*

Búendur í kringum fjallið [Reykjanesfjall] eiga allir land á fjallinu. Reka því margir af þeim lömb þangað og geldfé, og sumir ótemjur, sem þeir eiga, til

<sup>17</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 175; S 131 og H 103. Í Melabók (44) segir að Pórólfur hafi numið fjórar víkur fyrir norðan Barð og hina fimmtu, Keflavík, fyrir sunnan Barð. Barð er Látrabjarg.

<sup>18</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 175; S 132 og H 104.

<sup>19</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 176; S 133, H 105 og M 46.

<sup>20</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 176; S 134, H 106.

<sup>21</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 176-177; S 135, H 107 og M 48.

<sup>22</sup> Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178-179; S 136. Í Hauksbók (108) segir að landnám hans hafi náð allt til Langaness, sem er í miðjum botni Arnarfjarðar.

<sup>23</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 35.

hagagöngu á sumrum, og rétta fé sitt á haustum í 22. viku sumars á nesinu, á bæ þeim, er á Skerðingsstöðum heitir.<sup>24</sup>

Við hana [Grjótá] stendur Múla-, Hvannahlíðar- og Kollabúðafjárrétt. Framfjarðar- og margir Reykhólasveitarbændur reka pening sinn í þessi lönd á sumrum, rétta fé sitt í 21. viku sumars og gjalda þeim lambatolla, sem með lömbin eiga, eitt lamb hver, sem á 20 lömb og þar yfir.<sup>25</sup>

#### *Gufudalssókn*

Ekkert er fjallað um afréttarmál í kafla um Gufudalssókn.

#### *Múlasókn*

Par [við eyðibýlið Eiðshús] stendur og fjárrétt Múlnesinga, sem reka á Múlafjall og í Vattardal.<sup>26</sup>

#### *Brjánslækjar- og Hagasóknir*

Afréttarlönd eru engin, nema að nafninu Vatnsdalur, sem liggur undir Brjánslæk. Þangað eru einkanlega lömb rekin frá nokkrum bæjum. En vegna illra fjárheimta af dal þessum, vilja margir heldur brúka þann sið, að láta geldfé sitt ganga á fjöllum og heiðum þeim, sem næst liggja bænum, hvar þetta heimtist aftur jafnbetur, þó haustleitir þar sýnist hafa óreglulegan gang. Rétt er á Brjánslæk, líka, að nafninu, á Haga og Haukabergi. Fjárleitir byrjast venjulega nálægt byrjun 23. sumarviku.<sup>27</sup>

#### *Sauðlauksdals-, Breiðavíkur- og Saurbæjarsóknir*

Hvergi (eru afréttarlönd). Fólk rekur saman geldfé sitt úr búfjárhögum á haustin um veturnætur.<sup>28</sup>

#### *Stóra-Laugardalssókn*

Ekkert er fjallað um afréttarmál í kafla um Stóru-Laugardalssókn.

#### *Selárdalssókn*

Afrétti frá Selárdal, fyrir geldneyti, er í Skandal, önnur afréttarlönd eru ekki í sókninni.<sup>29</sup>

Afréttarlönd eru engin, og ganga skepnur í dalbotnunum og hér og hvar um fjöllin millum sóknanna. Réttir eru í Selárdal, mjög gömul rétt og grjóti hlaðin, og á Hóli er einnig réttað og í Hvestu, en lögskilarétt í sveitinni er nú ákveðið, að

---

<sup>24</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 43.

<sup>25</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 46.

<sup>26</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 105.

<sup>27</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 199.

<sup>28</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 212.

<sup>29</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 229.

vera skuli í Austmannsdal. Í Tálknafirði er rétt í Botni og önnur á Kvígindisfelli. Skulu það vera skilaréttir.<sup>30</sup>

### Otradalssókn

Ekkert er fjallað um afréttarmál í kafla um Otradalssókn.

## 4. KRÖFUSVÆÐIÐ; AÐLIGGJANDI JARÐIR OG SVÆÐI

### 4.1. Reykhólahreppur

#### 4.1.1. Hvannahlíð

##### i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í máldaga kirkjunnar á Stað á Reykjanesi um 1470 segir m.a.:

[...] ad kirkian ætti heimaland alltt á stad [...] landid alltt j mulakoti j þorskafirdi fram ad grioti og þorgeirsdal halfan. Sagdist hann ei vita betur enn huannahlið ætti ad fylgja þar med.<sup>31</sup>

Ekki er fjallað um Hvannahlíð í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804, Jarðatali Johnsens frá 1847 eða jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850.

Í sóknalýsingum Barðastrandarsýslu segir m.a. um Reykhólakirkju og Hvannahlíð:

Inn með firðinum heitir Múlahlíð, sem endar við Grjótá, en skilur Múlaland frá Hvannahlíð. Hvannahlíð þessi heyrir til Reykhólakirkju. Áður var hún skógvaxin og bezta beitarland. Nú er hún næstum úr sér gengin að öllu. Grjótá rennur úr Múlavatni til suðurs, ofan í Þorskafjarðará. Við hana stendur Múla-, Hvannahlíðar- og Kollabúðafjárrétt. Framfjarðar- og margir Reykhólasveitarbændur reka pening sinn í þessi lönd á sumrum, rétta fé sitt í 21. viku sumars og gjalda þeim lambatolla, sem með löndin eiga, eitt lamb hver, sem á 20 lömb og þar yfir. [...] Kollabúðaá kemur framan Kollabúðadal, sem er að austanverðu, en Hvannahlíð vestan til. Þá fram eftir dalnum kemur, er á honum bugða, svo að áin rennur þar til suðurs. Fremst í dalnum heitir hún Ísfirðingagil, síðan Andrésargil. Hefir hún upptök sín frá Stórvatni í Fjalldölunum. Í Hvannahlíð er eyðikotið Gunnarsstaðir (Vöflu-Gunnars). En ei vita menn, nær það hefir lagzt í eyði. Kollabúðardalur er grösugur. Í honum er selstaða, sem oft hefir verið notuð. Í Þorskafjarðará er silungsveiði.<sup>32</sup>

Kollabúðadalur, grösugur og fagur, gengur norður frá Kollabúðum. [...] Hvannahlíð heitir vestan árinnar að Grjótá, sem kemur úr Múlavatni vestur á fjallinu og fellur í Þorskafjörð. Lá Hvannahlíð áður undir Reykhóla, en er nú leigð

<sup>30</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 245-246.

<sup>31</sup> Íslenskt fornþróunarhefð. V. bindi, bls. 591.

<sup>32</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 45-46.

Kollabúðabónða. [...] Hvannahlíðarfjall og Múlafjall eru vestan dalsins og innsta hluta fjarðarins, en vestan þeirra er Þorgeirsdalur.<sup>33</sup>

*ii. Reykhólar (réttindi)*

Jarðanna Reykhóla, Kollabúða og Hjalla er getið meðal annarra sem eigna Guðmundar Arasonar (ríka), í skýrslu yfir eignir hans frá 1446.<sup>34</sup>

Árið 1467 hlaut Þorleifur Björnsson m.a. jarðirnar Reykhóla, Kollabúðir og Hjalla í arf eftir föður sinn, Björn ríka.<sup>35</sup>

Þann 3. ágúst 1566 soldi sr. Þorleifur Björnsson Páli Jónssyni 60 hndr. í jörðinni Reykhólum. Þar kemur fram um Hvannahlíð:

med avllum þeim gavnum og giædum. rentu og riettugheit. eyium. jtokvm. vtskerivm. vottnum. veidestodum. skogum. afrettum og ollum landznytum er greindre jordu fylgt hefer ad fornu og nyiu j iordu og aa og eingin finzt eigande at epter þeim logmala sem giordur var fyrir nockrum arum med samþycki Greips ockar aa millvm.

[...]

a kirkian a Reykialiolum iordina Barma med þessum landamerki. ur Valagrof og sionhending upp j Skalarhofud. fyrir utan oc læk þann sem gengur fyrir jnnan hraun. a gardurin Reykholar alla Selianesstrond. j mille Hraunslækiar og Þvfnalækiar er kendur er vid Þufnariodur sem er fyrir jnnan lækinn og Huan[n]ahlid alla er liggur fyrir vestan fram j Þorskafirde j mille Griotär og Ísfirdingagils. Eru þetta landamerke j mille Reykhóla og Midhusa ofan vr Slettabergi og j Illakelldu og rettsynne j uogin fyrir innan Gelldingsey fyrir austan. Enn riettsyni rædur ofan vr gia þeirre er gengur j fiallid fyrir jnnan Hollustade mitt ofan vmm myrar j botninn vtanverdan aa Grvndaruog fyrir vestan. Þetta lyse ec og amälga ec sem sa er eignarmadur hefer verid ad adur greindum avllum jordum vera og verid hafa landamerke j mille sagdra jarda epter mins faudurs minne og hinna ellztu manna saugn. Skal huor ockar Pall Jonsson og ec svara lagariptingum aa þeim iordvm er sellde.<sup>36</sup>

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Reykhóla:

Landspart á kirkjan í Kollabúðardal vestan fram, sem kallast Hvannahlíð, fram frá Grjótá. Þágað hefur verið brúkaður geldnauta upprekstur af staðnum. Raftviðarskógr er nokkur á þessari Hvannahlíð, og brúkar ábúandi hann til húsabótar eftir sem hann fær við komið. Silúngsveiði nokkur er fyrir þessu landi í Þorskafjarðará, til helmínga á móti Kollabúðum. Hún brúkast nú lítt fyrir fjarlægðar sakir, því þágað er meira en hálf þíngmannaleið.<sup>37</sup>

<sup>33</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 45.

<sup>34</sup> Íslenskt fornbréfasafn. IV. bindi, bls. 685-6.

<sup>35</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 502.

<sup>36</sup> Íslenskt fornbréfasafn. XIV. bindi (1551-1567), bls. 514-516. Sjá einnig bls. 517-519.

<sup>37</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 213-14.

Í Sóknalýsingum Barðastrandarsýslu segir m.a. um Reykhólakirkju og Hvannahlíð:

Inn með firðinum heitir Múlahlíð, sem endar við Grjótá, en skilur Múlaland frá Hvannahlíð. Hvannahlíð þessi heyrir til Reykhólakirkju. Áður var hún skógvaxin og bezta beitarland. Nú er hún næstum úr sér gengin að öllu. Grjótá rennur úr Múlavatni til suðurs, ofan í Þorskafjarðará. Við hana stendur Múla-, Hvannahlíðar- og Kollabúðafjárrétt. Framfjarðar- og margir Reykhólasveitarbændur reka pening sinn í þessi lönd á sumrum, rétta fé sitt í 21. viku sumars og gjalda þeim lambatolla, sem með löndin eiga, eitt lamb hver, sem á 20 lömb og þar yfir.

Kollabúðadalur, grösugur og fagur, gengur norður frá Kollabúðum. [...] Hvannahlíð heitir vestan árinnar að Grjótá, sem kemur úr Múlavatni vestur á fjallinu og fellur í Þorskafjörð. Lá Hvannahlíð áður undir Reykhóla, en er nú leigð Kollabúðabóna. [...] Hvannahlíðarfjall og Múlfjall eru vestan dalsins og innsta hluta fjarðarins, en vestan þeirra er Þorgeirsdalur.<sup>38</sup>

Landamerkjalýsingu Hvannahlíðar er að finna í landamerkjalýsingu Reykhóla frá 16. febrúar 1884. Þar segir m.a.:

Sama kirkja [þ.e. Reykhólakirkja] á og svo óbyggt land fram úr Þorskafirði sem nefnd er Kvannahlíð með þeim ummerkjum samkvæmt vitnisburðum bræðranna Brands Sumarliðasonar af 8. júlí 1883 og Sumarliða gullsmiðs í Ædey af 6. oktober s.á. eptir því sem Þorskafjarðará ræður, fram Ísfirðinga- og Andrjesargil fyrir sunnan svonefndann gölt og fram eptir fjalldalsánni norður á heiði, skilja ár þessar lönd kvannahlíðar og Kollabúða, en að neðan skilur grjótá lönd millum nefndrar kvannahlíðar og Múlakots uppí svo nefnt grjótárvatn og þaðan uppá hæðst kvannahlíðarfjall og eptir hæðstu hríggum þess, nordur á svonefndan gafl, þadan ofan eptir fjallinu á svo nefnda heimri þrepskulda eptir því sem vötnum hallar á báðar síður, til Ísfirðingagils að norðan og Þorgeirsdals að vestan og eptir Þrepskuldunum hæðstu norður á fjoll.<sup>39</sup>

Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 segir um jörðina Reykhóla:

A. Jarðnytjar: [...] 3. Beitiland [...] er gott i hvannahlíð í Kollabúðadal.<sup>40</sup>

### iii. *Kollabúðir*

Kollabúða var getið sem einna jarða í eigu Guðmundar Arasonar (ríka), sem þá átti einnig Reykhóla, í skýrslu yfir eignir hans frá 1446.<sup>41</sup>

Árið 1467 hlaut Þorleifur Björnsson m.a. jarðirnar Reykhóla, Kollabúðir og Hjalla í arf eftir föður sinn, Björn ríka.<sup>42</sup>

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Kollabúðir:

<sup>38</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 45.

<sup>39</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu (frumrit), bls. 42.

<sup>40</sup> Fasteignamat 1916–1918, undirmat A, bls. 44–45.

<sup>41</sup> Íslenskt fornbréfasafn. IV. bindi, bls. 685-6.

<sup>42</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 502.

Útigangur er í meðallagi, en nokkuð bágt að komast til beitarinnar stundum á veturnar yfir Þorskafjarðará. [...] Engjavegurinn er erfiður fram á dalinn. Úthagarnir eru bæði góðir og miklir. Hætt er kvíkfé fyrir Þorskafjarðar og Músará. [...] Þorskafjarðará og Músará renna sín hverjum megin bæjarins og stendur bærinn í túngunni. Yfir þær er oft ófært í vatnavöxtum, og er að því oft stór bagi, bæði að reka búfé heim og að heiman, og það fleira, sem menn þurfa yfir árnar að sækja.<sup>43</sup>

Í Sóknalýsingum Vestfjarða fyrir Barðastrandasýslu segir m.a. um Kollabúðadal:

Kollabúðaá kemur framan Kollabúðadal, sem er að austanverðu en Hvannahlíð vestan til. Þá fram eftir dalnum kemur, er á honum bugða svo árin rennur þar til suðurs. Fremst í dalnum heitir hún Ísfirðingagil, síðan Andrésargil. Hefir hún sín upptök frá Stórvatni í Fjalldölum.<sup>44</sup>

Austan til í dalmynnинu standa Kollabúðir, 12c að dýrleika, undir tagli, er liggur vestur úr áður umgetnum fjallgarði og skammt í suðaustur frá Þorskafjarðará. Hér eru góðir fjárhagar á sumrum, kolaskógrur nægilegur, slægjur sæmilega góðar, en torsóttar.<sup>45</sup>

Landamerkjabréf Kollabúða er dags. 16. maí 1885. Þar segir ekkert um Hvannahlíð en um merkin við Þorskafjarðará, Ísfirðingagil og Andrésargil segir:

1. Að norðanverðu er Þorskafjarðará þar til Ísfirðingagil rennur í hana, þarnæst eptir þar þartil Andrésargil birjar og eru merki eptir það uppi fremri fjalldal að svokölluðum krókatjörnum og svo eptir fjalldalsánni upp heiði allt þartil vötnum hallar norður af.<sup>46</sup>

Í Árbók Ferðafélags Íslands um Barðastrandarsýslu segir m.a. um Kollabúðir og Hvannahlíð:

Fyrir botni Þorskafjarðar, suðvestan undan Töglunum, standa Kollabúðir, góð sauðjörð, þó fremur slægnarýr og snjóþung, en ræktunarskilyrði sæmileg. [...] Kollabúðadalur, grösugur og fagur, gengur norður frá Kollabúðum. [...] Hvannahlíð heitir vestan árinnar að Grjótá, sem kemur úr Múlavatni vestur á fjallinu og fellur í Þorskafjörð. Lá Hvannahlíð áður undir Reykhóla, en er nú leigð Kollabúðabóna. [...] Hvannahlíðarfjall og Múlafjall eru vestan dalsins og innsta hluta fjarðarins, en vestan þeirra er Porgeirsdalur.<sup>47</sup>

#### *iv. Hjallar*

Hjalla var getið sem einna jarða í eigu Guðmundar Arasonar (ríka), sem þá átti einnig Reykhóla, í skýrslu yfir eignir hans frá 1446.<sup>48</sup>

<sup>43</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 211.

<sup>44</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 46.

<sup>45</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 46-47.

<sup>46</sup> Landamerkjabréf Barðastrandarsýslu (frumrit), bls. 28.

<sup>47</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 45.

<sup>48</sup> Íslenskt fornbréfasafn. IV. bindi, bls. 685-6.

Árið 1467 hlaut Þorleifur Björnsson m.a. jarðirnar Reykhóla, Kollabúðir og Hjalla í arf eftir föður sinn, Björn ríka.<sup>49</sup>

Hjallar í Gufudalssveit eru í Jarðabók.<sup>50</sup> Þar segir ekkert er viðkemur kröfusvæðinu.

Landamerkjabréf fyrir Hjalla í Gufudalssveit er dags. 13. maí 1885 en það er uppáskrifað um samþykki fyrir hönd Þórisstaða og Múlakots. Í landamerkjabréfinu segir um landamerki við kröfusvæðið:

Að utanverðu Hjallará frá sjó allt upp í svokallað Miklavatn upp á fjalli (og aðskilur hún Hjalla og Þórisstaðalönd) fyrir vestan Miklavatn er fjallið með hrygg, norður eftir og hallar eftir honum vötnum öllum, og er hryggur þessi landamerki milli Hjalla og Djúpadals frá Miklavatni allt norður á fjall, allt að gili því er Stokkgil er kallað og rennur það ofan í botninn á Þorgeirsdal úr norðri og rennur í Múlakotsá að öðru nafni Þorgeirdalsá, úr Stokkgili þessu ofan til sjávar, og aðgreinir hún lönd Hjalla og Múlakots eftir dalnum. Aðrar jarðir eiga engin ítök í Hjallalandi og Hjallar ekki heldur í öðrum jörðum.<sup>51</sup>

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um jörðina Hjalla:

*Hjallar* eru nyrzt og austast jarða þessara. Bæjarstæðið er allhátt frá sjó. Þar var áður vel búið á forna vísu, notaðar fjallslægjur og útbeit. [...] Sunnan bæjarins fellur Hjallaá úr djúpu gili til Þorskafjarðar. Kemur hún úr Miklavatni, sem er langt norðvestur á Djúpadalsfjalli. Gamli reiðvegurinn liggur upp með gili þessu að sunnan, vestur yfir hálsinn, sunnan Vörðufells og niður hjá Krossgiljum og svo vestur að Djúpafjarðarbotni.<sup>52</sup>

#### v. *Djúpidalur*

Djúpidalur er í eigu Gufudalskirkju samkvæmt máldaga kirkjunnar frá 1238.<sup>53</sup>

Jarðarinnar Djúpadals er getið í Jarðabók en þar segir ekkert er viðkemur ágreiningssvæðinu.<sup>54</sup>

Landamerkjabréf Djúpadals er dags. 2. maí 1884, en upp á það skrifa Jón Jónsson, bóndi á Miðhúsum og sem umráðamaður Miðhúsa, Jón prestur Jónsson. Í bréfinu segir m.a. um merki við ágreiningssvæðið:

Landamerkjaskrá fyrir Djúpadal: Móti Miðhúsum Djúpadals landamerki eru það ég frekast veit hringinn í kring um dalinn þannig að byrjuð er til sögn í svonefndum Þórishólma og sjónhending úr honum (til vesturs) í miðjann Merkishjalla, þaðan beint í sömu átt upp á fjallsbrún og vestur eftir henni eftir sem vötnum hallar til dalsins og þá alt af beina stefnu í hátt norður með dalnum

<sup>49</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 502.

<sup>50</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 216-17.

<sup>51</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu (frumrit), bls. 28.

<sup>52</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 47.

<sup>53</sup> Íslenskt fornbréfasafn. I. bindi, bls. 522.

<sup>54</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu (frumrit), bls. 28.

eftir fjallinu og vötnum hallandi til dalsins alt norður undir kjöl fjallgarðsins eða Porskafjarðarheiðar veg, þó til baka aftur fram af miðjum Dalsdrögum til suðurs eftir sem vötn halla og sjónhending í svonefnda Miklavatnsenda að framanverðu og með því að vestanverðu svo lengi það endist, þó úr því eftir sem vötnum hallar bæði til dalsins og að draganda þess er fer að renna í svonefnt Kerlingagil, hverju gili Djúpadalsland fylgir til sjávar og þaðan sjónhending í vestur í þann upphaflega tilnefnda Þórisþólma.

Í Árbók Ferðafélags Íslands segir m.a. um jörðina Djúpadal:

Djúpidalur stendur spölkorn frá fjarðarbotninum í dalsmynninu vestan árinnar. Brattar hlíðar eru þar á báða bóga og fremur aðkreppt, en ágætt sauðland fram til dalanna. Þverdalur gengur til norðvesturs skammt inn frá bænum. Er Þverdalsmúli milli hans og aðaldalsins.<sup>55</sup>

*vi. Múli (Múlakot)*

Í máldaga Ólafskirkju að Stað á Reykjanesi sem Þórarinn Sigurðarson biskup setti um 1363 segir:

Olafskirkia ad stad ä reykianesi a heimaland allt j barmi oc mulaland j þorskafirdi.<sup>56</sup>

Sama efni er endurtekið í máldaga Vilchins frá 1397 um kirkjuna að Stað á Reykjanesi.<sup>57</sup>

Í máldaga Staðarkirkju á Reykjanesi frá um 1470, segir að kirkjan hafi átt allt land í Múlakoti í Þorskafirði, fram að Grjótá og hálfan Þorgeirsdal, eða eins og segir m.a.:

[...] Jtem hielltt hann þenna mäldaga. huorn hann hafdi skrifa latid eptir maldagana bokinne j Schalhollli. og þennan maldaga hielltt hann medan hann hafdi stadinn vpp a vj vetur og xx. ad kirkian ætti heimaland alltt a stad [...] landit alltt j mulakoti j þorskafirdi fram ad grioti og þorgeirsdal halfan. Sagdist hann ei vita betur enn huannahlijd ætti ad fylgia þar med. [...] landit alltt j bitunni j diupafirdi og jnn ad gliufuræ. og vt ad steinum þeim sem standa a hinu ytra leiti og halfa sölva fiöru j motz vid Midhus.<sup>58</sup>

Í úrskurðarbréfi Stefáns biskups í Skálholti frá 26. júní 1501, um guðtolla til Staðarkirkju á Reykjanesi, kemur fram að skipað hafi verið að tíundir og allir guðtollar af jörðinni Múla skyldu ganga til kirkjunnar.<sup>59</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir að kirkjan á Stað á Reykjanesi eigi jörðina Múla í Þorskafirði, 8 hndr. að dýrleika.<sup>60</sup>

<sup>55</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 48-49.

<sup>56</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 196.

<sup>57</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 156.

<sup>58</sup> Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 591.

<sup>59</sup> Íslenskt fornbréfasafn. VII. bindi, bls. 567.

<sup>60</sup> Íslenskt fornbréfasafn. XV. bindi, bls. 589.

## Í Jarðabók segir m.a. um Múlakot:

Silúngsveiðivon lítil í þorskafjarðará, brúkast ei. [...] Engjar öngvar til gagnsmuna teljandi, nema litlar upp á háfjalli, sem ekki hafa verið slegnar í margt ár. Úthagarnir eru nægir, þó þeir spillist sumstaðar af skriðum. Vatnsból bregst stundum, og er þá lángur vatnsvegur í úthaga.

Engar upplýsingar eru um Múla/Múlakot eða Múlahlíð í dóma- og þingbókum sýslumanna.

## Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 segir um jörðina Múla við Porskafjörð:

Mule /: Torskefiord /: kirkejord til Stad paa Reikenes. – Dijrehed 8 hundrede [...]

Af Fieldgræs kan her aarlig gaaes 1 td<sup>e</sup> [...] Foruden Kulskov som her haves til eget Brug, kan hugst til 15 td<sup>r</sup> kul overlades Fremmede mod den sodvanlige Betaling 1 al: pr. Tound [...]<sup>61</sup>

Í Jarðatali J. Johnsen frá 1847 er jörðin Múli í Porskafirði sögð vera kirkjueign Staðar á Reykjanesi og metin á 8 hndr. Þar kemur fram að jörðin hefur ýmist verið kölluð Múli eða Múlakot.<sup>62</sup>

Engar upplýsingar koma fram í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 um Múlahlíð. Um jörðina Múla segir að skógur sé nógur, en ekkert frekar kemur fram um ítök eða eignir jarðarinnar.<sup>63</sup>

## Í Sóknalýsingum Barðastrandarsýslu segir m.a. um Múla og Hvannahlíð:

Út með Porskafirði að norðanverður, eina, í meðallagi langa, bæjarleið, gengt vöðlunum, stendur Múli, kirkjujörð frá Stað, 8 c, undir fjallsmúla, sem horfir í suður, og liggur milli Hvannahlíðar að austan en Þorgeirsdal að vestanverðu. Fjallsmúli þessi er suður undan fjallgarði þeim, er skilur á milli Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslna. Ofan eftir miðjum Þorgeirsdal liggur á sú, er Múlaá heitir. Hún skilur á milli Staðar- og Gufudalssókna. Fram af Þorgeirsdal til norðvesturs liggja Fjalldalir. Framarlega í fremri dalnum beygist Porskafjarðarheiðarvegur til norðurs upp á Fjölskylduholt. [...] Hér koma saman vegir frá Múla og Kollabúðum yfir téða heiði, sem farin er til Ísafjarðarsýslu. [...] Í Þorgeirsdal er beitarland gott á sumrum, kolaskógor góður, en litlar slægjur, eins og að heyskapur er bæði líttill og örðugur á jörðinni. Múlaá rennur úr vatni, sem er á milli Þorgeirsda尔斯 og Fjalldalanna. Hún er oftast vatnslítill og fær yfirferðar, nema í leysingum. [...] Inn með firðinum heitir Múlahlíð, sem endar við Grjótá, en skilur Málaland frá Hvannahlíð.<sup>64</sup>

Í landamerkjalýsingu Múlakots í Reykhólahreppi frá 15. maí 1885 er fjallað um merki milli Múlakots og Hvannahlíðar:

<sup>61</sup> *Pjóðskjalasafn Íslands* [hér eftir *pÍ*], Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 29.

<sup>62</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn: S. Trier, 1847, bls. 177.

<sup>63</sup> *pÍ*, Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850, bls. 16.

<sup>64</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 45–46.

2. Að innanverdu frá Porgeirs dalsár mynni á jörðin Múlahlíð alla inn með Porskafirði allt inn að Grjótá, og það fram í miðjan Porskafjörð og miðja Porskafjarðará allt fram ad áðurnefndri Grjótá, sem er landamerkjaá milli Múlakotslands og Hvannahlíðar hið neðra, og allt fram að Grjótárvatni.

3. Á fjalli uppi á jörðin Múlakot í hæðst Hvannahlíðarfjall, og eptir hæðstu hryggjum þess norður á svonefndan Gafl, þaðan ofan eptir fjallinu á svonefnda heímari Prepsyldi, eptir sem vötnum hallar á báðar síður til Ísfirðingagils að norðan og Porgeirs dals að vestan eptir hæðstu Prepskjöldum norður á fjall.<sup>65</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Skóga segir eftirfarandi um merkin gagnvart Múlakoti:

6. Út á sjó eiga Skógar í miðjan Porskafjörð gagnvart Múlakoti.<sup>66</sup>

Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 segir eftirfarandi um Múlakot:

29. Múlakot.

Dírleiki jarðarinnar hundruð 10,3. Eigandi Staðarkyrkja á Reykjanesi [...] Landamerki. Hefir engin upplýsing fengist um. [...]

C. Ónnur jarðargæði: [...] Skógar.<sup>67</sup>

#### vii. *Kirkjuból í Strandasýslu*

Landamerkjabréf jarðarinnar Kirkjuból í Kirkjubólshreppi er dags. 25. desember 1890, og samþykkt af hálfu Heydalsár, Klúku og Gestsstaða. Þar segir:

a. Að utanverðu milli Kirkjubóls og Heydalaá, Hvalvíkurgil upp á brún, svo sjónhending suður á Heydalsbrún og svo alltaf fram hana fram fyrir Þvergilskrók. b. Þá taka til landamerki að framan milli Kirkjubóls og Klúku, Miðdalsá ræður fram að svokölluðum Miðgötu hrygg, svo ræður hann upp að hól, sem er kallaður Sjónarhóll, fyrir ofan hólinn er lítið holt en á því eru dálitlir steinar tveir lítið bil á milli, frá þeim steinum er sjónhending upp í Bungukoll (kölluð Klúkubunga) það lítið á snið fram og uppeptir holtum, sem kölluð eru Háuholt, svo sjónhending frá þeim suður í Stórulaut og fram hana að háu holti, sem er fyrir ofan Litluborg, á því er stór þúfa, og úr henni sjónhending fram holtshrygg, sem liggur fyrir ofan áðurnefndu borg og úr þeim hrygg er sjónhending suður í áðurnefnt Þvergil.

## 4.2. Múlahreppur

### 4.2.1. Skálmardalsheiði

#### i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um landsvæðið:

<sup>65</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu (frumrit), bls. 28.

<sup>66</sup> ÞÍ, Sýlumaðurinn í Barðastrandarsýslu, Landamerkjabók Barðastrandarsýslu 1883–1960 (frumrit), bls. 29.

<sup>67</sup> Fasteignamat 1916–1918, undirmat A, bls. 63.

Skálmarfjörður er vestan nessins, en Skálmares, nú oftast nefnt Múlanes, vestan fjarðarins. Hann er í miðri sveit og einna mestur þverfjarðanna. Hann gengur að kalla í hánorður, en klofnar nyrzt um breitt nes, Vattarnes, og kallast Vattarfjörður vestan þess. Ganga allvíðir og vel grónir dalir norður frá fjörðunum með vatnsmíklum og straumhörðum ám, miðað við vestfirzka staðhætti. [...] Skálmarðalur gengur langt norður í fjöllin og klofnar í tvennt, Austurárdal og Gæsalad. Fjallvegurinn um Skálmarðalsheiði liggar upp Austurárdal og norður að Gjörfidal við Ísafjörð. Afbragðsgott haglendi er í Skálmarðal, sérstaklega austan ár. Er þar mikið kjarrlendi, ber og blóm.<sup>68</sup>

Norður frá Vattarfirði gengur Vattardalur. Er hann vel gróinn, og þar er birkiskógur og berjaland gott og aðalbláberin úr dalnum mjög eftirsótt. Tröllá fellur úr norðaustri í Vattardalsá norður á dalnum. Tröllatungur heitir fjalllendi þar milli ánya. Báðar árnar eiga upptök sín í vötnum þar norður á hálandinu. Þarna er hið ágætasta sauðland.<sup>69</sup>

## *ii. Vattarnes*

Um jörðina Vattarnes segir m.a. í Jarðabók:

Fijfustader. Fornt eyðiból fram á Vattardal í Múlalandi. þar er nú sel frá Múla, og hefur verið lángvarandi. Ekki hefur þetta býli bygt verið í næstu hundrað ár, eður lengur, en byggíngaleifar sjást þar, bæði tófta og girðinga. Ekki má þar aftur byggja, því túnið er mestalt yfir fallið af skriðu. Landið brúkast til beitar frá selinu, og má staðurinn þess ekki án vera.

Urðarsel heitir selstæði á Urðarhlíð í Múlalandi, og eru munnmæli, að þar hafi í fyrndinni bygð verið, en lítil sjást þess nú merki, so menn eru ekki vissir um hvört það muni satt vera. Ekki má þar aftur byggja fyrir heyskaparleysi.<sup>70</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 segir eftirfarandi um jörðina Vattarnes:

Vattarnes Selvejerjord tilhørende Repstjørn Snæbiorn Gislesen og Moder. – Díjrhed 12 hundrede [...]

Huskov til eget Brug og hugst til 4 td<sup>e</sup> kul kan overlades .... Af Fieldgræs kan her samles ½ td<sup>e</sup> aarlig [...] En øde hialeje til denne Jord, hvis Mavn er ubekjendt, afgives nogen höeavling og er herunder indbefattet – Da her i Nærheden beliggende øde Jorden Fifilstad og Urdarfel, kirken paa Skaalmarnesmule tilhørende kan ikke optages eller beboes, afgives ej heller nogen höeavling, men bruges blot som Bejteland, tog have de nogen Kulskov.<sup>71</sup>

Landamerkjabréf Vattarness er dags. 28. maí 1887. Það var samþykkt af hálfu eigenda Skálmarðals og Skálmarðalsmúla, og hljóðar svo:

<sup>68</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 58-59.

<sup>69</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 60.

<sup>70</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 216-17.

<sup>71</sup> PÍ, Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 45.

Vattarnes landamerki að vestanverðu á vestara gljúfragil sem rennur ofan fjarðarhornið á Vattarfirði, eru að sunnanverðu Tröllahlöð sem er streng klettar ofan til við þjögötuna og sjónhending eftir þeim frá fjalli til fjöru.

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um landsvæðið:

Frá Vattarnesi er brött, vel gróin hlíð með litlu undirlendi inn með austanverðum Vattarfirði. Falla þar nokkrar smáár til fjarðarins um þróng gil og gljúfur, Sprænuá, Þverá og Fornaselsá. Innar er önnur Þverá, sem fellur í Vattardalsá, skammt austan við Tröllá.<sup>72</sup>

### *iii. Skálmardalur*

Í skrá yfir jarðir sem Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti átti um 1541 og voru teknað án dóms og laga undir konungsvaldið kemur fram að ein þeirra jarða var hálf jörðin Skálmardalur. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>73</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir að kirkjan á Múla á Skálmarnesi eigi sex hundruð í jörðinni Skálmardal. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>74</sup>

Hinn 12. júlí 1573 gerði sr. Jón Þorleifsson kunnugt að hann hann hafi gefið sonarsyni sínum, Einar Þorleifssyni, hálfu jörðina Skálmardal í Múlakirkjusókn, 6 hndr. að dýrleika með þeim landamerkjum sem lýst er í bréfinu.<sup>75</sup> Í handritum Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar er varðveitt afrit af gjafabréf sr. Jóns Þorleifssonar. Þar segir:

Jhesus Marie filius.

Þad giore ec Jön prestur Porleifszon (!) godum (mönnum) kunnugt med þessu minu opnu briefe at ec hefe gefid mijnum sonar syne Einare Þorleifssyne halfa Jordina Skalmardal vj. hndr. at dyrleika er lickur J Mulakirkiusoggn a skalmanese. hefe ec fyrrskrifudum Einare gefit adurgreinda halfa jord j mina fiordungzgiof og tiundargiof. vndann mier og minum erfingium enn vnder tittskrifadann Einar og hans laugliga erfijngia med þessum anefndum landamerkium J trollahlod millum skalmar Dalz og vattarness. og sudur j Eivindargotu j millum skalmardals og jllugastada. gegnt til siofar. og til meire andsyningar og sanninda hier vm. þa set ec mitt jnsigle fyrer þetta mitt. giafarbrief huort skrifad var j nedra Gufudal med minne eigen hond þann xij dag Julij manadar Anno Dominj M.D.Lxx. og iiij.

Ad þetta ofannskrifad sie riett Copierad. epter sialfu hofudbriefinu a pergament ritudu med Einu hangande jnsigle. vottum vid vnderskrifader vnder Mula a skalmanesi dag 14 Februarij Anno 1703.

<sup>72</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 60.

<sup>73</sup> Íslenskt fornbréfasafn. X. bindi, bls. 679.

<sup>74</sup> Íslenskt fornbréfasafn. XV. bindi, bls. 587.

<sup>75</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdráttir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1993, bls. 103.

Finnur nickulaszon M.E.h.

Jon Biarnason meh.<sup>76</sup>

Hinn 25. apríl 1661 létu sr. Erlendur Einarsson og sr. Nikulás Guðmundsson skipta þeirri fasteign sem systrunum Ragnhildi og Ingibjörgu Þórólfssdætrum var til erfða fallin eftir bróður sinn, Finn Þórólfsson. Sr. Erlendur hlaut í helming konu sinnar hálfa jörðina Múla á Skálmarnesi. Ragnhildi hlotnaðist jörðin Selsker, 12 hntr. að dýrleika, sem var eign kirkjunnar og 3 hntr. í jörðinni Skálmarðal. Sr. Nikulási hlotnaðist vegna konu sinnar hálf jörðin Múli á Skálmarnesi. Ingibjörgu hlotnaðist Hamar, 6 hntr. að dýrleika, og hálfa jörðina Skálmarðal, 6 hntr. að dýrleika. Þar að auki hlotnaðist Ingibjörgu 3 hntr. í Skálmarðal til erfða móti þeim 3 hntr. sem Ragnhildur fékk.<sup>77</sup>

Hinn 21. september 1693 seldi Þórður Steindórsson, með samþykki Ragnhildar Þórólfssdóttur konu sinnar, 3 hntr. í Skálmarðal til Sigurðar Sigurðssonar og að eignin skyldi verða Guðrúnar Nikulásdóttur, konu Sigurðar.<sup>78</sup>

Hinn 18. maí 1694 gaf Þórður Steindórsson Magnúsi Björnssyni fullkomíð umboð að meðtaka af Sigurði Sigurðssyni lögféttumanni andvirði þeirra þriggja hundraða, sem hann hafði selt í jörðinni Skálmarðal og meðfylgjandi leigukúgilda. Magnús var skyldugur að svara á næstkomandi Öxaráralþingi.<sup>79</sup>

Í Jarðabók segir m.a. um Skálmarðal:

Útigángur er lakur fyrir stórveðrum og fannlögum þó annars sje land gott. [...] Silúngsveiði í Skálmarðalsá, hefur áður góð verið, en farið smám saman til rýrðar. Er þó enn að nokkru gagni. [...] Úthagarnir eru nægir og góðir á sumur, og so lengi sem að ekki vetrar að.<sup>80</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 segir eftirfarandi um jörðina Skálmarðal:

Skaalmedal ½ kirkejord til Skaalmarnesmule og ½ Selvejerjord tilhørende Eggert Olavsen paa Hergilsöe Dijrhed 12 hundrede [...]

Lejliged til Forellefangst haves som afgives Fordeel 1/12 Deel mod en kor .... Af Fieldgræs kan her faaes 2 td<sup>r</sup> aarlig .... Kulskov haves til eget Brug og hugst til 10 td<sup>r</sup> kul kan overlades [...] Den øde hialeje Breidanes ligger i Udmarken og er herunder indbegattet.<sup>81</sup>

Á manntalsþingi í Svefneyjum á Breiðafirði hinn 11. júlí 1821 var upplesið kaupbréf, dags. 2. ágúst 1820, hvar Axel Þórólfsson afsalaði til sr. Ólafs Sívertsen í Faltey 5 hntr. í Skálmarnesmúla og með 1 hntr. í heimalandi jarðarinnar og 3

<sup>76</sup> *Pjóðskjalasafn Íslands* [hér eftir *PÍ*], Handrit dr. Jóns Porkelssonar I, „Giafa Briefs Copia fyrer halfum skalmardal“.

<sup>77</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 126.

<sup>78</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 144.

<sup>79</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 144.

<sup>80</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 257.

<sup>81</sup> *PÍ*, Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 44.

og ½ hundraði í Skálmardal fyrir 120 ríkisbankadali. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.<sup>82</sup>

Á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi hinn 27. júní 1840 var upplesið forboð frá Finni Arasyni á Eyri í jarðarskógi Illugastaða en Vigfús Jónsson í Skálmardal kvað forboðið ekki eiga við um sig, eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

var upplesid Skial af 26 Junii 1840 hvarmed Eigande Jllugastada Sign Finnur Arason á Eyrí giörir forbod, ad allir, utann landsetinn á Jördunni Jllugastödum yrke eda hafe Skogartak i nefndre jardarskogi, enn Skálmardals Bónde, sem her er til Stadar Vigfus Jónsson qvedur upp med, ad þar sem Beit síe notud frá Jllugastödum, se Skálmardalsland, finnur hann sig orsa[k]adann vegna landsdrottins, ad fyrirbiða þessa Beit skylde móti vana Skógarhög honum en mest i so kallad Jllugastada Skógarland.<sup>83</sup>

Landamerkjabréf Skálmardals er dags. 28. maí 1887, samþykkt fyrir hönd Vattarness og Illugastaða. Þar segir:

1. Að austanverðu millum Skálmardals og Illugastaða í Landamerkjalaek, sem rennur ofan miðjan Blágrítishjalla af brún og ofan í Skálmardalsá. 2. Að austnverðu í ..... klett svo nefnd Tröllahlöð ofan til við þjóðgötuna úr honum bein sjónhending á brún að ofanverðu og að neðanverðu til sjávar. Ofannefnd jörð á eigin ítök í önnur lönd né heldur aðrar jarðir í hennar.

Á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi hinn 1. júlí 1912 var upplesið uppboðsafsal til Sparisjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir 4 hnadr. í jörðinni Skálmardal.<sup>84</sup> Á sama manntalsþingi var upplesið afsal hvar Sparisjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu afsalaði sömu eign til Guðmundar Bergsteinssyni.<sup>85</sup>

Á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi hinn 23. júní 1913 var upplesið afsal hvar Ari Guðmundsson seldi Sigurði Jenssyni 2 hnadr. í jörðinni Skálmardal.<sup>86</sup>

Á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi hinn 9. júlí 1934 var upplesið kaup- og afsalsbréf hreppsnefndar Flateyjarhrepps og Kaupfélags Flateyjar til Guðmundar Einarssonar fyrir 1/3 hlut í jörðinni Skálmardal. Ekkert kemur fram um afmörkun eða ítök jarðarinnar.<sup>87</sup>

#### iv. *Skálmardalsmúli (Múli á Skálmarnesi)*

Í Jarðabók segir m.a. um Múla á Skálmarnesi:

<sup>82</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-2, dóma- og þingbók 1815–1826, bls. 96r–96v.

<sup>83</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 104r–104v.

<sup>84</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/4, dóma- og þingbók 1911–1917, bls. 52.

<sup>85</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/4, dóma- og þingbók 1911–1917, bls. 52.

<sup>86</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/4, dóma- og þingbók 1911–1917, bls. 83.

<sup>87</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/5, dóma- og þingbók 1932–1937, bls. 121–122.

Skógor til raftviðar bjarglegur og til kolgjörðar og eldiviður nægur, en liggur nokkuð í fjarska, þó í heimalandi fram á Vattardal. [...] Silúngsveiði er nokkur í Vattardalsá, sem ekki brúkast fyrir fjarlægðar sakir. [...] Úthagarnir, sem nálægt staðnum liggja, eru mjög graslitlir, uppblásnir og skriðurunnir, en inn á Vattardal, nærri hálfa þíngmannaleið í burtu (sem þó er heimaland), eru nægir hagar, og þángað brúkast selför jafnaðarlega, þó selvegurinn þyki lángur og seinfær.<sup>88</sup>

Landamerkjabréf fyrir Skálmanes Múla, eign Múlakirkju, er dags. 28. maí 1887 og samþykkt af hálfu jarðanna Vattarness, Fjarðar og Ingunnarstaða. Þar segir:

1. Að utanverðu í gil sem rennur að austanverðu (~~í gil sem rennur að vestanverðu~~) í fjarðarhorni Vattarfjarðar.
2. Að vestanverðu Vattardals eftir brún dalsins sem vötnum hallar, útí svonefnda ögsl og þaðan á brún og svo sem vötnum hallar Urðarhlíðar út eftir fjallinu.
3. Og svo að vestanverðu við Múlaland í svonefndan landamerkjalæk frá fjalli til fjöru þaðan í merkjasker, sem næstliggjandi jörð að vestanverðu á lögnin við en Múli að austan.

v. *Kirkjuból á Bæjarnesi*

Í umfjöllun í Jarðabók um Kirkjuból segir ekkert er varðar kröfusvæðið.<sup>89</sup>

Landamerkjabréf Kirkjubóls er dags. 2. júní 1890 og samþykkt af hálfu Kvígindisfjarðar og Bæjar. Þar segir:

Landamerkjaskrá fyrir Kirkjuból á Bæjarnesi, landamerki að innanverðu er í porthjallagil það sem er frá fjalli til fjöru en að utanverðu milli Bæjar og Kirkjubóls úr fjallsbrúninni svo er lækjar farvegur ofan að brúninni og ofan í dýleidi. Þar fyrir neðan er kelda sem nær til sjávar og eftir miðri keldunni sker ofan til í vegnum þetta, eru þau landamerki er elstu menn til muna [...]

vi. *Fjörður*

Í Jarðabók segir m.a. um Fjörð:

Úthagarnir eru nægir, þó þeir liggi sumir í fjarska. [...] Eiðshús. Forn eyðihjáleiga í úthögum fram með Kellíngarfirði, þar sem brúkast öðruhvörju selstaða frá heimajörðunni, og er sagt að hjáleigan hafi reiknast fyrir vi c meðan bygðin varaði. Ekki vita nálægir að undirrjetta, hverjur byggíngarkostir á þessari eyðihjáleigu verið hafi – þar hefur ekki búið verið í lx ár eður lengur ö og ekki hvað fóðrast hafi.<sup>90</sup>

Landamerkjabréf Fjarðar er dags. 28. maí 1887, og samþykkt af hálfu Deildarár og Múla. Par segir m.a.:

Landamerki að vestanverðu í Svartgil og sjónhendingu til sjávar og landamerki milli Skalmardalsmúla og Fjarðar frá Öxlinni og í Hrossbreckuholt og þar fram á Þingmannaheiði þar sem vötnum hallar að báðum löndum að sunnanverðu. Lurká sem rennur ofan Lurkárdal og í Mávavatn, þar er hólmi í vatninu er

<sup>88</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 259.

<sup>89</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 253.

<sup>90</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 263.

tilheyrir báðum jörðunum til jafnaðar þar rennur úr vatninu lækur og í Breiðavog og eftir Breiðu í vestur út milli Melrakkaeyrar og Launguflögu og vestan til við Háhólm og eftir dýpsta sundi milli Engeyjar og Kambar þar suður og þá eftir miðju sundi vestan til við Hestsker en sunnan til við Þykkulönd.

#### vii. *Auðshaugsland*

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna byggingarbréf frá 1886 er varðar Auðnar og Auðshaug. Einnig er þar til afrit af landamerkjaskrá jarðarinnar frá 1889. Hún er samhljóða þeiri landamerkjaskrá sem kemur fram í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

Sameiginlegt landamerkjabréf fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnar er dags. 10. maí 1889. Var það undirritað um samþykki eigenda jarðanna Hamars og Litla-Ness. Í bréfinu er jörðunum Auðshaugi og Auðnum lýst en svo er svokölluðu Auðshaugslandi lýst sérstaklega. Í bréfinu segir:

- a: Milli Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakknum, þaðan ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar.
- b: Milli Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar.
- c: Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eftir sem vötnum hallar.
- d: Þá tekur aftur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum allt að Skiptá, ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit, heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eftir fyrsögðu. Engar jarðir eiga í lönd ofanritaðra jarða.

#### viii. *Friðland Vatnsfjarðar*

Afmörkun friðlands í Vatnsfirði kom fram í auglýsingu Umhverfisstofnunar um friðlandið, sbr. heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd í B-deild Stjórnartíðinda nr. 96/1975. Er friðlandið afmarkað með eftirfarandi hætti:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi: Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmtu leið til sjávar.

#### ix. *Kvígindisfjörður*

Í Jarðabók segir m.a. um Kvígindisfjörð:

Útigángur fyrir fannlögum í lakara lagi. Skógur til raftviðar mjög lítil, en til kolgjörðar og eldíngar nægur, og brúkast til búsnauðsynja. [...] Úhagar eru bæði góðir og miklir á sumur, og so lengi sem fannlögin byrgja ekki jörðina. Hætt er

kvíkfje nokkuð í leysingum fyrir Kvígindisfjarðará. Kirkjuvegur er bæði langur og torsóttur yfir two hálsa að Gufudal.<sup>91</sup>

Landamerkjabréf Kvígindisfjarðar er dags. 10. maí 1887. Þar segir:

1. Milli Kvígindisfjarðar og Kirkjubóls á Bæarnesi um þessi landamerki þar til og ræður það merkjum frá sjávarmáli og alla leið upp á fjallsbrún.
2. Milli Kvígindisfjarðar og Svínaness ræður markgil landamerkjum frá fjallsbrún til fjöru.
3. Til sjávar á Kvígindisfjörðu rétta sjónhending yfir fjörð frá einum þessara gildraga til annara milli sjávarmáls.
4. Til fjalls á Kvígindisfjörðu svo sem vötnum hallar að Kvígindisfirði hringinn í kringum fjörðinn og beina sjónhending úr þeirri línu sem þannig er dregin í hið áðurnefnda gil á fjallsbrúnina uppi. Í jörðinni Kvígindisfirði á engin önnur jörð ítök og sú jörð heldur engin ítök annarsstaðar.

#### *x. Illugastaðir*

Í Jarðabók segir m.a. um Illugastaði:

I eyði síðan bóluna.<sup>92</sup>

Landamerkjabréf Illugastaða er dags. 28. maí 1887:

Illugastaðalandamerki að framanverðu í landamerkjalæk sem rennur ofan með blágrítishalla og bein sjónhending og ofaní Skálmardalsá, en að utanverðu í Leitisána.

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um Illugastaði:

Illugastaðir er annað eyðibýli á sléttum hjalla inni undir fjarðarbotninum, austanvert, og hefur þess áður verið getið, því að vegurinn um Klettsháls liggur það niður að firðinum.<sup>93</sup>

### **4.3. Barðastrandarhreppur**

#### **4.3.1. Auðshaugslund**

##### *i. Auðnir*

Minnst er á jörðina Auðni í Kjálkafirði í máldaga Laurentíuskirkju á Holti í Önundarfirði frá því um 1377.<sup>94</sup>

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að ein af eignum hans var jörðin Auðnir, 3 hndr. að dýrleika með eitt kúgildi. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>95</sup>

<sup>91</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 252.

<sup>92</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 211.

<sup>93</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 59.

<sup>94</sup> Íslenskt fornbréfasafn. III. bindi, bls. 324-325.

<sup>95</sup> Íslenskt fornbréfasafn. IV. bindi, bls. 689 og 692.

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loptsdóttir, hálfa jörðina Auðnir. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>96</sup>

Samkvæmt skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur hinn 15. apríl 1480 eignaðist sonur hennar, Einar Björnsson, jörðina Auðnir. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>97</sup>

Samkvæmt skiptabréfi frá 18. júlí 1525 milli Guðrúnar Björnsdóttur og Solveigar Bjarnadóttur, dóttur hennar, á peningum sem fallið höfðu Solveigu til erfða eftir Bjarna Andrésson föður sinn, kom eitt hundrað í Auðnum til hennar eignar. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>98</sup>

Hinn 13. júní 1630 seldi Jón elsti Ívarsson Jóni eldra Magnússyni  $7\frac{1}{2}$  hndr. í Reykjarfirði. Hér í móti greiddi Jón Magnússon jörðina Auðnir á Hjarðarnesi, 6 hndr. að dýrleika. Yngsti Jón lagði bróður sínum, elsta Jóni, sinn part úr túni fyrir hans fremsta part, er Jón Magnússon aftur eignaðist „svo að hans [Jóns Magnússonar] partar lægi saman, en þeirra partar saman bræðra, miðlungs Jóns og yngsta Jóns“.<sup>99</sup>

Hinn 5. janúar 1684 fór fram gjörningur milli Einars Jónssonar og Þórðar Jónssonar þannig að Einar seldi dóttur sinni, Guðnýju Einarsdóttur, konu Þórðar, hálft annað hundrað í jörðinni Auðnum, þó með því fororði að Þórður eignaðist það hálfa annað hundrað í sömu jörðu, sem þá var eign arfa sæla Eggerts Björnssonar.<sup>100</sup>

Hinn 3. nóvember 1689 sagði póstur úr kaupmálabréfi Bjarna Jónssonar og Sigríðar Einarsdóttur eftifarandi: Í fráveru Sveins Einarssonar framsögðu hjónin Þórður Jónsson og Guðný Einarsdóttir, sem gengu Sigríði í foreldra stað, 17 hndr. í gagnlegum peningum er kæmu í garð Bjarna Jónssonar. Af þeim væru 3 hndr. í Auðnum í Brjánlækjarkirkjusókn, sem reiknaðist til arfskipta 9 hndr. í lausafé.<sup>101</sup>

Hinn 26. júní 1703 lýsti Jón Jónsson að hann hafi erft eftir móður sína nokkrar eignir. Vænist hann að sín sáluga móðir í jarðaskiptum hafi fengið af sáluga Eggerti Björnssyni fyrir 9 hndr. og 5 aura í Hamri í Þverárhlið í Mýrarsýslu og þar til 1 og  $\frac{1}{2}$  hndr. í Auðnum á Barðaströnd.<sup>102</sup>

Árið 1703 vitnaði Bjarni Jónsson:

<sup>96</sup> Íslenskt fornbréfasafn. XII. bindi, bls. 52.

<sup>97</sup> Íslenskt fornbréfasafn. VI. bindi, bls. 255.

<sup>98</sup> Íslenskt fornbréfasafn. IX. bindi, bls. 271.

<sup>99</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 119.

<sup>100</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 135.

<sup>101</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 141

<sup>102</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 86.

að 3 hndr. í jörðunni Auðnum ... sé minnar ektakvinnu, Sigríðar Einarsdóttur, eiginleg eign, hvör jarðarhundruð henni til erfða féllu eftir hennar sáluga föður, Einar Jónsson, og síðan til heimanmundar reiknuð á giftingardegi sem ofanskrafaður kaupmálabréfsins póstur útvísar, hvör áðurnefndur þriggja hundraða jarðarpartur byggður er með hálfu þriðja kúgildi og 30 álna landskulð í óágreindum aurum.<sup>103</sup>

Í Jarðabók er jörðin Auðnir skráð 6 hndr. að dýrleika. Um ítök og önnur réttindi segir:

Skógur er þar góður til kola og eldiviðar, en varla til raftviðar. Öngvum útífrá ljéður.<sup>104</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 eru Auðnir sagðar 6 hndr. að dýrleika.<sup>105</sup>

Í Jarðatali eftir J. Johnsen frá 1847 segir að jörðin Auðnir sé bændaeign og metin 6 hndr. að dýrleika.<sup>106</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 26. júní 1848 var tekið fyrir forboð frá Árna Pálssyni í Flatey, hvar hann fyrirbauð Zakarías Þorlákssyni á Auðnum alla sölu á slægjum sem tilheyrðu jörðinni, eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

Tómthúsmadur i Flatey Proprietair Arni Pálsson fyrirbydur Zacharias Þorlákssyni a Audnum alla sölu til fiemuna af Skoginum sem tilheyrir jordunni hvört sem heldur er Rapta eda kola gerðar samt [...] skogarins og einasta leifir honum Skogin til eigin kolgerðar og Rapt brúkunar, þarend önnur brukun strídi móti hans byggíngar brefi, og [...] hann vid sig [...] um þyki [...] opin berrar ákiæru.<sup>107</sup>

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna byggingarbréf frá 1886 er varðar Auðnir og Auðshaug. Einnig er þar til afrit af landamerkjaskrá jarðarinnar frá 1889. Hún er samhljóða þeirri landamerkjaskrá sem kemur fram í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

Sameiginlegt landamerkjabréf fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir er dags. 10. maí 1889. Var það undirritað um samþykki eigenda jarðanna Hamars og Litla-Ness. Í bréfinu er jörðunum Auðshaugi og Auðnum lýst en svo er svokölluðu Auðshaugslandi lýst sérstaklega. Í bréfinu segir:

a: Milli Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakkanum, þaðan ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar. b: Milli Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða

<sup>103</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 142.

<sup>104</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 266.

<sup>105</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 51.

<sup>106</sup> J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, bls. 179.

<sup>107</sup> ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 215r.

Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar. c: Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eftir sem vötnum hallar. d: Þá tekur aftur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum allt að Skiptá, ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit, heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eftir frysögðu. Engar jarðir eiga í lönd ofanritaðra jarða.

Í jarðamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 var jörðin Auðshaugur metin ásamt eyðibýlinu Auðnum, eða eins og segir í jarðamatinu:

1. Auðshaugur ásamt eyðibýlinu Auðnum.

Eig: Hjálmar J. Guðmundsson. [...]

Jörð. met. að kr. 3000. [...]

d. Ønnur jarðg: [...] Skógur til notk., en fjarlægur. [...] Dúnt. [...]

Lmbr. ekki fáanlegt og svör ófullnægjandi. Aths. Eyðibýlið Auðnar hafa legið undir Auðshaug um nærfell 40 ár, [...] Þó virðist oss, að einn þriðji af matsverði Auðshaugs mætti teljast til Auðna, vegna slægna og landnytja, er þeirri jörð fylgja.<sup>108</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 27. júní 1931 var upplesið afsal Hjálmars Guðmundssonar til Sigurðar Pálssonar, dags. 5. júní 1930, fyrir jörðunum Auðshaug og Auðnum. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðanna.<sup>109</sup>

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um jörðina Auðnir:

Býlið Auðnir var alllangt út með firðinum. Þar var búsaeldarlegt, en öll hús fallin. Smávolgrur eru í Auðnalandi.<sup>110</sup>

## ii. Auðshaugur

Ekkert er fjallað um jörðina Auðshaug í Fornbréfasafni.

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hnadr. er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Auðshaugur, 24 hnadr. að dýrleika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.<sup>111</sup>

Hinn 4. desember 1576 gerði Guðmundur Jónsson kunnugt að hann hafi selt Eggerti Björnssyni jörðina Melanes, 20 hnadr. að dýrleika. Einnig greiddi

<sup>108</sup> *ÞÍ, Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918, undirmat V, bls. 169.*

<sup>109</sup> *ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/4, dóma- og þingbók 1926–1932, bls. 309.*

<sup>110</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 90.

<sup>111</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdraettir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1993, bls. 103.*

Guðmundur Eggerti önnur 4 hndr. Hér í móti greiddi Eggert Guðmundi jörðina Auðshaug, 24 hndr. að dýrleika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.<sup>112</sup>

Hinn 24. apríl 1582 seldi Jón Björnsson Magnúsi Jónssyni alla jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi. Hér með heimilaði Jón Magnúsi að allt fé sem þar kynni að finnast og eigi fyndist eigandi að, yrði eign Magnúsar. Hér í móti gaf Magnús alla jörðina Hlíð í Porskafirði, jöfn að dýrleika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.<sup>113</sup>

Hinn 14. maí 1582 seldi Magnús Jónsson Gvendi Jónssyni alla jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi. Hér með heimilaði Magnús Gvendi að allt fé sem þar kynni að finnast og eigi fyndist eigandi að, yrði eign Gvends. Hér í móti gaf Gvendur Magnúsi 24 hndr. í jörðinni Hænuvík.<sup>114</sup>

Hinn 16. maí 1634 meðkenndi Björn Magnússon að hann hafi gefið bróður sínum, Guðmundi Jónssyni, 20 hndr. í jörðinni Auðshaug í löggjöf sína og fyrir elskusemi og auðmjúka þénustu sem Guðmundur hafði jafnan auðsýnt sér, en með því skilyrði að nefnd 20 hndr. rynnu aftur til Björns auðnaðist Guðmundi ekki að eignast skilgetið barn. Einnig tilskildi Björn að Guðmundur sýndi sér sömu ástsemi, hollustu og aðstoð og hann hafði áður gert. Loks fyrir þau 4 hndr. sem Auðshaugur væri dýrari en áður var um skrifað, þá tilskildi Björn að Guðmundur fengi honum 5 hndr. í Geitagili í Sauðlauksdalskirkjusókn.<sup>115</sup>

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Auðshaug:

Jörðin á vi c land inn í Kjálkafirði, fyrir framan Auðnir. Er þar skógur, viðsæmandi til raftviðar, góður til kola og eldiviðar. Þar eru og slægjur, en heyslæmar, og nær jörðin illa til þess. Þar hefur áður verið selstaða heimanað, nú aldrei brúkuð fyrir atorkuleysi. Þar hefur verið heimræði haust og sumar, nú er það af. Sölvafjara, hrognkelsi, skelfiskur, ekki fyrirhafnarvert.<sup>116</sup>

Við áreiðarþing hinn 22. júlí 1794 var jörðin Auðshaugur skoðuð skv. skipun stiftamtmanns og lagt mat á skaða sem jörðin hlaut af skriðum og vatni. Riðið og gengið var um jörðina og loks dæmt að jörðin skyldi metin til 16 hndr. að dýrleika og með 70 álna landskuld.<sup>117</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 jörðin Auðshaugur skráð 24 hndr. Ekkert er fjallað um afmörkun hennar.<sup>118</sup>

<sup>112</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 105–106.

<sup>113</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 108.

<sup>114</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 108.

<sup>115</sup> Jarðabréf á 16. og 17. öld, bls. 122.

<sup>116</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 267.

<sup>117</sup> *Pjóðskjalasafn Íslands* [hér eftir *BÍ*], Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/1-3, dóma- og þingbók 1791–1804, bls. 95–98.

<sup>118</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 51.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 2. júlí 1811 var upplesin lögfesta bræðranna Ólafs og Magnúsar Erlendssona fyrir landsplássi í Kjálkafirði, eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

Var upplesen Logfesta Brædranna Olafs og Magnúsar Erlendssona fyrer Landsplatse í Kiálkafyrde til Haugs.<sup>119</sup>

Nefnd lögfesta hefur ekki fundist í gögnum Þjóðskjalasafns.

Í lýsingu sr. Hálfdans Einarssonar á Brjánslækjar og Hagasóknum frá 22. ágúst 1840 segir:

Nú er hér hvergi haft í seli, nema frá Auðshaugi, sem selstöðu á inn í Kjálkafirði.<sup>120</sup>

Í Jarðatali eftir J. Johnsen frá 1847 segir að jörðin Auðshaugur sé bændaeign og metin 24 hndr. að dýrleika.<sup>121</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Auðshaug:

Landrymi mikid en erfiðt, því sumt af því liggar handan fyrir audna land, [...] Selstada fylgir Jördunni sæmilega kosta góð en miög óhæg, [...].<sup>122</sup>

Í Sóknalýsingum Barðastrandarsýslu segir m.a. um Auðshaug:

Nú er hér hvergi haft í seli, nema frá Auðshaugi, sem selstöðu á inn í Kjálkafirði.<sup>123</sup>

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna byggingarbréf frá 1886 er varðar Auðnir og Auðshaug og afrit af landamerkjaskrá frá 1889. Hún er samhljóða þeirri sem er í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

Sameiginlegt landamerkjabréf fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir er dags. 10. maí 1889. Var það undirritað um samþykki eigenda jarðanna Hamars og Litla-Ness. Í bréfinu er jörðunum Auðshaugi og Auðnum lýst en svo er svokölluðu Auðshaugslandi lýst sérstaklega. Í bréfinu segir:

a: Milli Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakkanum, þaðan ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar. b: Milli Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar. c: Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og

<sup>119</sup> ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-1, dóma- og þingbók 1804–1815, bls. 82r.

<sup>120</sup> Sóknalýsingar Vestfjarða I: Barðastrandarsýsla, Reykjavík: Samband vestfirzkra átthagafélaga, 1952, bls. 199.

<sup>121</sup> J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn: S. Trier, 1847, bls. 179.

<sup>122</sup> ÞÍ, Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850, bls. 30.

<sup>123</sup> Barðastrandasýsla. Sóknalýsingar Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 199.

þaðan fram í fjall eftir sem vötnum hallar. d: Þá tekur aftur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum allt að Skiptá, ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit, heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eftir fyrsgögðu. Engar jarðir eiga í lönd ofanritaðra jarða.

Í jarðamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 var jörðin Auðshaugur metin ásamt eyðibýlinu Auðnum, eða eins og segir í jarðamatinu:

1. Auðshaugur ásamt eyðibýlinu Auðnum.

Eig: Hjálmar J. Guðmundsson. [...]

Jörð. met. að kr. 3000. [...]

d. Önnur jarðg: [...] Skógur til notk., en fjarlægur. [...] Dúnt. [...]

Lmbr. ekki fánlegt og svör ófullnægjandi. Aths. Eyðibýlið Auðnar hafa legið undir Auðshaug um nærfell 40 ár, [...] Þó virðist oss, að einn þriðji af matsverði Auðshaugs mætti teljast til Auðna, vegna slægna og landnytja, er þeiri jörð fylgja.<sup>124</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 27. júní 1931 var upplesið afsal Hjálmars Guðmundssonar til Sigurðar Pálssonar, dags. 5. júní 1930, fyrir jörðunum Auðshaug og Auðnum. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðanna.<sup>125</sup>

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um jörðina Auðshaug:

Út með firðinum að vestan er brattlendi mikið, en þó mjó undirlendisræma. Þar er þéttur, uppvaxinn birkiskógor. Hefur hann komið á stofn, síðan selför í fjörönn lagðist niður, en venja var að gæta fjár frá Auðshaugi inn við Þverdal haust og vor, og var kallað að hafa það þar í seli. Einn ljóður var á selförinni. Fé hætti við fjörufalli, sýktist af eitruðum fjörugróðri, sem legið hafði undir ís að vetrarlagi. [...] Jörðin Auðshaugur stendur niður undir sjó, sunnan undir nesnúpnum, um það bil sem ströndin beygist til vestus. Bak við eru háir brúnahamrar og brattar skriður, en vel gróið land með sjónum. Jörðin er farsæl bújörð, góð ræktunarskilyrði og nokkur hlunnindi.<sup>126</sup>

### iii. Fjörður

Landamerkjabréf fyrir jörðina Fjörð er dags. 28. maí 1887. Þar segir:

Landamerki að vestanverðu í Svartgil og sjónhendingu til sjávar og landamerki milli Skalmardalsmúla og Fjarðar frá Öxlinni og í Hrossbrekkuholti og þar fram á Þingmannaheiði þar sem vötnum hallar að báðum löndum að sunnanverðu. Lurká sem rennur ofan Lurkárdal og í Mávavatn, þar er hólmi í vatninu er tilheyrir báðum jörðunum til jafnaðar þar rennur úr vatninu lækur og í Breiðavog og eftir Breiðu í vestur út milli Melrakkaeyrar og Launguflögu og vestan til við

<sup>124</sup> ÞÍ, Fasteignamat Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918, undirmat V, bls. 169.

<sup>125</sup> ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/4, dóma- og þingbók 1926–1932, bls. 309.

<sup>126</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 90.

Háhólm og eftir dýpsta sundi milli Engeyjar og Kambar þar suður og þá eftir miðju sundi vestan til við Hestsker en sunnan til við Þykkulönd. Einnig skal þess getið að Brjánslækjarkirkja á fjörunytjar frá Kerlingartanga að Sandvíkurboða.

*iv. Kirkjuból á Litlanesi*

Í umfjöllun um jörðina í Jarðabók kemur ekkert fram er viðkemur kröfusvæðinu.<sup>127</sup>

#### 4.3.2. Vatnsfjörður

*i. Sérstaklega um kröfusvæðið*

Innan þjóðlendukröfulínu fellur landsvæðið Uppsalir.

Í máldaga Brjánslækjarkirkju frá 1532 segir að Uppsalir sé ein af eignum kirkjunnar:

kirkian a heimland halfft og halfa Eingeý. jardernar Hlijd og Pverä. halfan Peningsdal. Uppsale og Vatzdal med skogie og haga nedan frá Eidsä og Pingmannaä ä gelldneitatungur. so langt sem skoge er vaxed. utan skog i ärmötum mille þingmanaär og Lambagilia. er kyrkian i Haga ä.

Kirckian ä selveide alla med aullum fiörugiædum ä Eide firer innan Skalmarnes. millum Sandvijkurness og kellingartanga. kirkiuskier tvö.<sup>128</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá um 1570 og síðar segir að Uppsalir sé ein af eignum Brjánslækjarkirkju:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hälfft. Eingey.

Jtem jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann frá Eidsä og Thijngannaä og framm ä Giellneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hniotum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkian i Haga ä.

Jtem á kirkian selveide alla med öllum fiörugiædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Jtem kirkiuskier tvø.<sup>129</sup>

Hinn 29. apríl 1617 sömdu sr. Teitur Halldórsson og Bjarni Björnsson um að sr. Teitur hefði sinn part af kirkjujörðinni Hlíð en Uppsalaland skyldi leggjast til jarðanna Pverár og Hellu, „en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrotni með lögum tilhera, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum“ Einnig skiptu þeir með sér kirkjubyggingu og öðrum fasteignum í Hlíð, eins og lýst er í bréfinu.<sup>130</sup>

<sup>127</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 368.

<sup>128</sup> Íslenskt fornbréfasafn. IX. bindi, bls. 644-645.

<sup>129</sup> Íslenskt fornbréfasafn. XV. bindi, bls. 585.

<sup>130</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdráettir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1993, bls. 112.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 segir um Uppsali:

Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað **Vppaler**. [...] Er kirkjueign frá Brjámslæk. [...] Er í eyði, og hefur ei bygst um lx ár.<sup>131</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er fjallað um Hellu og eyðijarðirnar Uppsali, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakka og Helluhvamm, sem eru sagðar tilheyra kirkjunni, eða eins og segir í jarðamatinu:

Af Fieldgræs falder her 4 td<sup>l</sup> aarlig [...] Kulskov til eget Brug [...] Med denne Jord ere de öde Jorder, Uppsalur, Smidumírar, Vatnsdalsbakkur og Helluhvammur, som og ere kirken [þ.e. Brjámslæk] tilhörende, conbinerede, og falder paa disse den halve höeavling som udfordres til ovenanförte Kreaturhold.<sup>132</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 31. júlí 1813 var upplesin lögfesta fyrir Uppsali og allan Vatnsdal með skógi og haga eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

4° Upplesinn Lögfesta fyrer Uppsölum og öllum Vatnsdal med Skógi og haga nedann frá Eids- og Þingmanná, og frammá Geldingstungur, só lángt sem Skógi er vaxid utan Skóg í hniótum milli Þingmannaár og Lambagilia er kirkian i Haga á, þessi daterud 30<sup>ta</sup> Júlii 1813 undir hende og Signete Bergsveinssonar á Briámslæk og nefn. G. Schevíngs.<sup>133</sup>

Í Jarðatali á Íslandi eftir J. Johnsen frá 1847 er ekkert mat fyrir Uppsali. Aðeins er sagt í neðanmálgrein að eyðijörðin Uppsalir hafi ásamt öðrum eyðijörðum verið talin með Hellu.<sup>134</sup>

Í kirknaskjölum Brjámslækjar, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, er að finna landamerkjabréf milli jarðanna Fossár og Uppsala frá 11. ágúst 1851. Þar segir eftirfarandi:

[...] millum téðra jarða við sjó hjefur fra alda öðli Uppsala á landi skipt og viljum vér það haldist, og fylgjum því, að svo miklu leiti við verður komið, stefnu árinnar, i merkja lýsingunni, verður þá djúpskér það sem leingst nær i sjó fram beint undan Uppsala á nótlaða og fjöru mark, en löndin skilur árgilið til fjalls upp alt i krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossárlendi, síðan stefna úr krók þeim i lítið leírtjarnardrag, þaðan beint upp eptir lautinni i lítin kletthól á hverjum stakur steinn stendur með vörðu broti á, þaðan beint upp á brúnina i vörðu svo yfir melhrigginn i syðri endan á norðustu og stærstu tjörninni yfir tjörnina og skáholt upp i grjótholtinn og eptir þeim alla leið norðaust á við sem vötnum hallar alt á hábrún sunnanverdt við Auðnaöxl.

Samkvæmt merkjum þessum heyrir Fossá á fjalli uppi land það alt sem vötnum veitir til suðurs en Uppsölum og Þingmannadal hitt sem i norður og útnorður

<sup>131</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 268–269.

<sup>132</sup> *Þjóðskjalasafn Íslands* [hér eftir *PÍ*], Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 53.

<sup>133</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-1, dóma- og þingbók 1804–1815, bls. 101r.

<sup>134</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 180.

hallar, einúngis er tjörnin að frárennsli til Uppsala meigin en með því að bæði er hún glöggt merki og gjörir lítin krok á merkin inn á Fossárland, þá höfum vér lagt merkin yfir hana.<sup>135</sup>

Innan þjóðlendukröfulínu fellur landsvæðið Vatnsdalsbakkar.

Engar upplýsingar eru um Vatnsdalsbakka í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703.

Engar upplýsingar eru um Vatnsdalsbakka í jarðamati Barðastrandarsýslu árið 1804.

Ekkert mat er fyrir Vatnsdalsbakka í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847. Sama gildir um jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850 og fasteignamat Barðastrandarsýslu 1916–1918.

Innan þjóðlendukröfulínu fellur landsvæðið Vatnsfjörður.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* eru taldar upp 50 jarðir, hjáleigur og kot í Barðastrandarhreppi. 26 þessara jarða koma fram í *The Old Icelandic Land Registers* eftir Björn Lárusson.<sup>136</sup> Af hinum 24, sem eru í upptalningu Árna og Páls, er 18 lýst sem hjáleigum frá ýmsum jörðum<sup>137</sup>. Þá eru talin fram fimm kot og lok er Grænhóll sögð kirkjujörð frá Haga. Tvö kotanna, Uppsalir og Hella, eru sögð eign Brjánslækjarkirkju.

Um Vatnsdal segir í lýsingu fyrir Brjánslæk í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703:

Rifhrís er til eldiviðar í heimalandi, en skóg til raftviðar og kolagjörðar brúka ábúendur í skógi í Vatnsdal, kirkjunnar landi.<sup>138</sup>

Sömuleiðis segir um jörðina Vaðal:

Rifhrís er þar til eldiviðar lítið, en skóg brúkar ábúandi með leyfi í Vatnsdal.<sup>139</sup>

Þá segir um Haga á Barðaströnd

Skógur er þar nægilegur til eldíngar, en ei til kolgjörðar eður raftviðar. Annars á kirkjan kolviðarskóg í Mórudal, en raftviðarskóg í Vatsdal og í Trostansfirði. Þessa skóga brúkar kirkjunnar patronus til sinnar þurftar, og kirkjujarðanna uppbryggíngar, en ei lánar burt fyrir tolla.<sup>140</sup>

Um jörðina Miðhlíð segir:

<sup>135</sup> ÞÍ, Kirknaskjöl, Brjánslækur á Barðaströnd (landamerkjabréf milli jarðanna Fossár og Uppsala, 11. ágúst 1851).

<sup>136</sup> Sjá, Björn Lárusson, *The Old Icelandic Land Registers*, Lund: C.W.K. Gleerup, 1967, bls. 188–199.

<sup>137</sup> Þær jarðir eru Brjánslækur, Hvammur, Hagi, Múli, Miðhlíð, Haukaberg, Holt og Hreggsstaðir (Rekstaðir).

<sup>138</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, Dala- og Barðastrandarsýsla, Kaupmannahöfn: S.L. Möller, 1938, bls. 269–271.

<sup>139</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 276–277.

<sup>140</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 278–279.

Þar er brúkaður skógur til kola og eldiviðar, í Haukabergslandi, en til raftviðar í Vatnsdal og Mórudal, en hvert í þessum jörðum eru ítök, sem liggi til Miðhlíðar, eða hverninn sú brúkun sje undirkomin, vita ábúendur ekki.<sup>141</sup>

Vatnsdalur kemur ekki fram í lýsingum annarra jarða í *Jarðabók Árna og Páls*.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu árið 1804 er í lýsingu fyrir Hellu fjallað eyðijörðina Uppsali og hún sögð tilheyra kirkjunni [þ.e. Brjánslæk], eða eins og segir í jarðamatinu:

Af Fieldgræs falder her 4 td<sup>r</sup> aarlig [...] Kulskov til eget Brug [...] Med denne Jord ere de öde Jorder, Uppsaler, Smidumírrar, Vatnsdalsbakkar og Helluhvammur, som og ere kirken tilhörende, conbinerede, og falder paa disse den halve höeavling som udfordres til ovenanførte Kreaturhold.<sup>142</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 31. júlí 1813 var upplesin lögfesta fyrir Uppsali og allan Vatnsdal með skógi og haga eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

4° Upplesinn Lögfesta fyrer Uppsölum og öllum Vatnsdal med Skógi og haga nedann frá Eids- og Þingmanná, og frammá Geldíngstungur, só lángt sem Skógi er vaxid utan Skóg í hnótum milli Þingmannaár og Lambagilia er kirkian i Haga á, þessi daterud 30<sup>ta</sup> Júlii 1813 undir hende og Signete Bergsveinssonar á Briámslæk og nefn. G. Schevíngs.<sup>143</sup>

Þrátt fyrir talsverða leit þá hefur ofangreind lögfesta ekki fundist í gögnum í Þjóðskjalasafni Íslands. Búið er að leita í jarðaskjölum og kirknaskjölum úr Barðastrandarsýslu.

Í lýsingu sr. Hálfdanar Einarssonar á Brjánslækjar- og Hagasonum árið 1840 segir eftirfarandi um Vatnsdal og önnur svæði á Barðaströnd:

Smáskógar eru töluverðir í Holts- og Haukabergslandi, í Arnarbýlis-, Móru- og Vatnsdal. En raftskógor er inni í Vatnsdalsbotni og á þeim dal yfir höfuð víða mikill skógur, svo sem í plássi því, er Mörk heitir og liggur undir Hagakirkju. Líka er mikill skógur hinu megin út með Vatnsfirði, þar sem heitir Uppsalaland, og í landi Fossár á Hjarðarnesi. Víðast sýnist skógum þessum heldur hnigna, bæði af meðferð þeirra, sem þá brúka, og afturför landsins. Reyniviðarhríslur má hér og hvað sjá inn á Vatnsdal innanum birkiskógin, líka víðirtegndir fleiri en eina.<sup>144</sup>

Síðar bætir sr. Hálfdan við að engin afréttarlönd séu í sóknunum, „nema að nafninu Vatnsdalur, sem liggur undir Brjánslæk. Pangar eru einkanlega lömb rekin frá nokkrum bæjum. En vegna illra fjárheimta af dal þessum, vilja margir heldur brúka þann sið, að láta geldfé sitt ganga á fjöllum og heiðum þeim, sem

<sup>141</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 282–283.

<sup>142</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 53.

<sup>143</sup> *Þjóðskjalasafn Íslands* [hér eftir ÞÍ], Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-1, dóma- og þingbók 1804–1815, bls. 101r.

<sup>144</sup> *Sóknarlýsingar Vestfjarða*, bls. 195–196.

næst liggja bænum, hvar þetta heimtist aftur jafnbetur, þó haustleitir þar sýnist hafa óreglulegan gang”.<sup>145</sup> Loks segir í sömu lýsingu: „Í mörkinni í Vatnsdal, sem heyrir Hagakirkju til, er á einum stað dálítil girðing, lítið eitt hærri en jarðaryfirflötur í kring. Þessi tótt er kölluð smiðja, nefnilega Gests Oddleifssonar”.<sup>146</sup>

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd hinn 12. júlí 1859 var upplesið bréf, dags. 10. júní 1859, hvar sr. B. Þórðarsonar á Brjánslæk leyfði afnotkun af afréttarlandinu Vatnsdal til Jakobs Athanasíussonar. Inntaki bréfsins er ekki lýst nánar í dóma- og þingbók sýslumanns.<sup>147</sup>

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að til forna hafi þrjú býli verið í Vatnsdal: Vatnsdalsbakkar og Smiðjumýri í dalsmynninu en Helluhvammur framar í dalnum. Vatnsdalsbakkar hafi enn fremur verið í byggð langt fram á 18. öld.<sup>148</sup> Ennfremur segir:

Við Uppsalaá tekur við Brjánslækjarland. Nær það kring um allan Vatnsfjörð út fyrir Sauðanes, milli Brjánslækjar og Arnórssstaða. Til fjalla, þangað sem vötnum hallar til austurs, norðurs og vesturs.<sup>149</sup>

Síðar segir í bókinni að Eggert Magnússon á Fossá hafi um miðja 19. öld haft Vatnsdal á leigu og látið geyma sauðfé þar um haust og vor.<sup>150</sup>

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um Vatnsfjörð:

Vatnsfjörður er vestastur þverfjarðanna, sem liggja norður úr Breiðafirði. Hann er fremur lítill, en út frá honum ganga margir dalir og eftir þeim falla lækir og ár í fjörðinn. Landið er allt viði vaxið milli fjalls og fjöru, svo sem það var í árfaga Íslands byggðar, en trén eru lítils vaxtar. Þó prýða skógarnir mjög landið og skýla því og öðrum gróðri. [...] Silungsveiði er þar í ám og vötnum. Fjölbreytni er þar allmikil í landslagi, en eigi er fjalllendi stórbrotið næst firðinum, en í vestri og norðvestri eru allháir hnjúkar, Hornataer, milli Vatnsfjarðar og Arnarfjarðar. [...] Uppsaladalur heitir lítið dalverpi, sem liggur austan frá austanverðum Vatnsfirði, skammt fyrir innan Hörgsnes. Þar innan við var býlið Uppsalir, sem nú hefur lengi verið í eyði. [...] Vatnsdalsvatn er norðan bakkanna, einn kílómetra frá sjó. Fellur Vatnsdalsá úr vatninu í fjarðarbotninn. Er þar í ánni snotur foss og margar flúðir og álar. [...] Vestan árinnar kallast Eiði. Þar var um skeið smáþylið Vatnsdalsbakkar. Mörk heitir austan árinnar, austur að Smiðjukleifum og suður að Þingmannaá. [...] Dalurinn er alllangur norður frá Vatninu. Til hans falla margar ár úr vötnum á hálendinu umhverfis dalinn,

<sup>145</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Vestfjarða*, bls. 199–200.

<sup>146</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Vestfjarða*, bls. 206.

<sup>147</sup> *Plí, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu*, GA/4-2, dóma- og þingbók 1857–1862, án bls., manntalsþing 12. júlí 1859.

<sup>148</sup> Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, *Barðstrendingabók*, Kristján Jónsson frá Garðsstöðum bjó undir prentun, Reykjavík: Ísafoldarprentsmeðja, 1942, bls. 66.

<sup>149</sup> Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 68.

<sup>150</sup> Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 70–71.

Hólmavatni, Öskjuvatni, Krossvatni o.fl. Ágætir sauðfjárhagar eru í dalnum, en öræfi norður af. Hæsta fjall vestan við Vatnsdal er Lónfell, 752 m. Vestan við Vatnsdalsfjall er Hellufjall. Á því er Helluvatn. Úr því fellur smáain Eiðisá í Vatnsfjarðarbotn. Eyðibýlið Hella er sunnan undir fjallinu. [...] Penningsdalur eða Peningsdalur er rétt vestan við Hellu. Gengur hann til norðurs, og ná nyrztu drög hans norður undir Lónfell, sem gnæfir í norðri fyrir botni dalsins. Úr dalnum fellur um þróngt og djúpt gljúfur áin Penna eða Peningadalsá til Vatnsfjarðar. [...] Smjördalur gengur vestur úr Penningsdal. Um hann fellur Smjördalsá í djúpu og þróngu gljúfri. [...] Dalurinn og áin munu draga nafn af því, að búpemingi hafi verið haldið til haga í dalnum, enda þótti land þar kjarn Gott. Hella átti slægjur og selstöðu í Smjördal.<sup>151</sup>

*ii. Auðshaugur, Auðnir og Auðshaugsland*

Sjá fyrri umfjöllun um Auðshaugsland í kafla 4.3.1. að framan.

*iii. Fossá á Hjarðarnesi*

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að ein af eignum hans var jörðin Fossá, 24 hndr. að dýrleika með fjögur kúgildi. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>152</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 er Fossá skráð 24 hndr. að dýrleika. Eigandi var Guðmundur Þorleifsson. Um ítök og önnur réttindi segir:

Skógur er þar ánægjanlegur til raftviðar, kola og eldiviðar. Brúka hann Hamarsmenn fyrir sig móti torfristu, sem Fossármenn hafa í Hamarslandi.<sup>153</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er Fossá sögð 24 hndr. að dýrleika. Þá er skráð að engin hjáleiga sé þar.<sup>154</sup>

Í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847 segir að jörðin Fossá sé bændaeign og metin 24 hndr. að dýrleika.<sup>155</sup>

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, er að finna landamerkjabréf frá 1851 og 1853. Einnig eru þar til kaupbréf frá 1859, afrit af landamerkjaskrá frá 1889 og byggingarbréf frá 1894.

Í Jarðabók segir m.a. um Fossá:

Á millum Fossár og Brjámslækjar [fyrst skrifað Hellu en strikað yfir] hefur verið kot, kallað Vppsaler. Jarðardýrleiki meinast hafa verið v.c. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði, og hefur ei bygst um 1x ár. Meinast kynni að byggjast. þar er annað kot, kallað Hella. Sumir hafa heyrt

<sup>151</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 91-94.

<sup>152</sup> DI IV, bls. 689.

<sup>153</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 268.

<sup>154</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 52.

<sup>155</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 179.

hún skuli verið hafa við c. Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi þorleifssyni. Liggur í eyði og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðníngs.<sup>156</sup>

Landamerkjabréf Fossár er dags. 21. maí 1889, samþykkt af hálfu Uppsala og Brjánslækjar, og Suður-Hamars:

1: Að vestanverðu á milli uppsala og Fossár skilur samkvæmt bréfi dags. 11. ágúst 1851 Uppsala á við sjó og í djúpsker undan henni, sem fjörumarki, en löndum skilur árgilið til fjalls alt upp í króki þann þar það beygjist þvert til suðurs á Fossárland. Síðan stefna úr þeim króki í lítið leirtjarnardrag, þaðan eftir lautinni í lítinn kletthól á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á, þaðan beint upp á brúnina í Vörðu yfir melhrygginn í siði endann á norðustu og stærstu tjörninni, skáhalt upp í grjótholtin og eftir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar til suðurs allt á hábrún sunnanvert við Auðnaöxl.

2: Að sunnan verðu skilur á milli Fossár og Hamars úr miðju Nóneyjarsundi í svonefndann stóra Markklett, þaðan í Kerlingar, þaðan sjónhending að Auðnuöxl, vestanverðri. Jörðin á engin ítök í öðrum jörðum, né aðrar jarðir í henni.

Í Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um Fossá:

Fossá á land að Uppsalaá við austanverðan Vatnsfjörð. Þetta er góð bújörð og á ágætt og vítt sauðland. Auk þess gengur fé héðan norður um Þingmannadal og austanverðan Vatnsfjörð.<sup>157</sup>

#### iv. Hella (eign Brjánslækjarkirkju)

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 er Hellu lýst sem koti milli Fossár og Brjánslækjar og að sumir hafi heyrt hana hafa verið 6 hndr. að dýrleika:

Kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðníngs.<sup>158</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu árið 1804 er Hella sögð kirkjujörð frá Brjánslæk og 6 hndr. að dýrleika. Þá er einnig fjallað um eyðijarðirnar Uppsali, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakka og Helluhvamm eða eins og segir í jarðamatinu:

Af Fieldgræs falder her 4 td<sup>1</sup> aarlig [...] Kulskov til eget Brug [...] Med denne Jord ere de öde Jorder, Uppsaler, Smidumírrar, Vatnsdalsbakkur og Helluhvammur, som og ere kirken [þ.e. Brjánslæk] tilhörende, combinerede, og falder paa disse den halve höeavling som udfordres til ovenanförte Kreaturhold.<sup>159</sup>

<sup>156</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 269.

<sup>157</sup> Árbók Ferðafélags Íslands 1959, bls. 91.

<sup>158</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI, bls. 268–269.

<sup>159</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 53.

Í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847 segir að Hella sé Brjánslækjarkirkjueign og metin 6 hndr. að dýrleika. Ennfremur segir í neðanmálgrein að Hella hafi fyrrum lengi legið í eyði.<sup>160</sup>

Landamerkjaskrá frá 1890:

Jörð þessi er að dýrleika 5,7 hndr. að nýju mati og er eign Brjánslækjarkirkju. Að utanverðu ræður Penná merkjum fyrir jörð þessari allt frá fjalli til fjöru, en að innanverðu ræður Eiðisá fjalli og fjöru á milli. Undir jörð þessi heyrir hólmi eínn líttill, sem kallaður er „Helluhólmi“ og liggur á Vatnsfirði örskammt fram undan Hellulandi. Ekki á jörð þessi nein ítok eða hlunnindi í landi annara jarða nje aðrar jarðir í hennar landi.

Brjánslæk 1. mars 1890.

Porlákur Jakobsson prestur að Brjánslæk. Samþykkir eigandi að 1/3 Brjánslækjar. Sigríður Johnsen. Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi, 31. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr. A. sub. nr. 140, bls. 78. Vottar A.L.E. Fischer Sýslumaður.

Í Barðstrendingabók frá 1942 segir að Hella hafi átt slægjur og selför í Smjördalstungum. Þá segir einnig að síðast hafi verið búið á Hellu um 1880.<sup>161</sup>

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna byggingarbréf frá 1836.

Í kirknaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna landamerkjaskrá fyrir Hellu frá 1890. Hún er samhljóða þeirri sem birtist í landamerkjabók sýslunnar.

v.            Pverá (*eign Brjánslækjarkirkju*)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 er Pverá sögð kirkjujörð frá Brjánslæk, alls 6 hndr. að dýrleika. Ennfremur segir að jörðin hafi heyrt til Guðmundar Þorleifssonar. Að öðru leyti segir um jörðina:

Nú á hún þetta ár að falla niður fyrir umhirðing á jörðunni, sem híngarð til hefur nídd verið, og sumpart í eyði legið. [...] Skógur er þar ánægjanlegur til kola og eldiviðar.<sup>162</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 Pverá skráð sem kirkjujörð frá Brjánslæk, alls 6 hndr. að dýrleika. Þá segir að jörðin hafi verið óbyggð árið 1805, en sé nýtt af kirkjustaðnum.<sup>163</sup>

Í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847 segir að jörðin Pverá sé Brjánslækjarkirkjueign og metin á 6 hndr. að dýrleika.<sup>164</sup>

<sup>160</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 180.

<sup>161</sup> Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 72.

<sup>162</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 269.

<sup>163</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 55.

<sup>164</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 180.

## Landamerkjaskrá frá 1890:

Jörð þessi er að dýrleika 5,7 # að nýju mati og er eign kirkjunnar að Brjánslæk. Jörð þessi greinist frá Brjánslækjarlandi með eftirlfylgjandi landamerkjum. Þverá deilir löndin fjalls og fjöru á milli allt uppí Þverárdalsbotn þá breitir áin nafni og heitir eftir það Mikladalsá ræður hún merkjum svo langt sem hún nær. Þá eru merkin bein lína frá upptökum Mikladalsár í vestasta kikanum hjá Máfavötnum þaðan eftir Grenjadalsá til sjávar. Engin ítok eða hlunnindi á jörð þessi í landi annara né þær í hennar landi.

Brjánslæk 1. mars 1890.

Þorvaldur Jakobsson prestur að Brjánslæk. Samþykkir: eigandi 1/3 Brjánslækjar Sigíður Johansen. Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandahreppi 31. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr. A. sub. Nr. 139 bls. 77-78. Vottar A.L.E. Fischer sýslumaður.

Í kirknaskjölum Barðastrandarsýslu, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, er að finna afrit af landamerkjabréfi frá 1890. Hún er samhljóða þeirri sem er í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

### vi. Brjánslækur á Barðaströnd

Í máldaga Gregóríuskirkju að Brjánslæk frá 1363 segir um Brjánslæk:

Kirkia hinns heilaga grogorius ad Briannslæk á heima land halft oc halua eingey.<sup>165</sup>

Sama kemur fram í máldaga Vilchins frá 1397.<sup>166</sup> Í hvorugum þessara máldaga er fjallað um afmörkun eða landamerki.

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknar undir konung, kemur fram að Brjánslækur hafi verið fjórða höfuðbólið í hans eigu, samtals 60 hndr. að dýrleika.<sup>167</sup>

Hinn 13. október 1467 vitnuðu Björn Helgason og Jón Jónsson um að Einar Jónsson hafi handfest Ólöfu Loptsdóttur vitnisburð sinn um sölu Sveins Brandssonar á hálfri jörðinni Brjánslæk til Ara Guðmundssonar, eða eins og segir í *Fornbréfasafni*:

Suo felldan vitnisburð ber eg einar Jonsson. ad eg var j hia. sa eg og heýrda á. á brianslæk á bardaströnd. ord og handaband þessara Manna. ara Gudmundssonar af einne álfu og Sueins brandssonar af annare. ad suo firir skilldu. ad ádurgreindur Sueinn brandsson sellde Ara gudmundssyne jordina hálfra briánslæk er liggur á bardaströnd. og þar med allar hálfar lækiar eignir. er þar til heirdu og þar med selldi hann honum hálfan Vatnsdal til fullrar eignar. og alla firr skrifada peninga adra med ollum þeim gögnum og giædum sem greindum jördum filger og filgdt hefur ad fornu og nyu. og hann vard fremst

<sup>165</sup> *Diplomatarium Islandicum* [hér eftir DI] III, bls. 194.

<sup>166</sup> DI IV, bls. 151.

<sup>167</sup> DI IV, bls. 688–689.

eigande ad. Hier i mote gaf firrnefndur Are gudmundsson adur skrifudum Sueinj brandssyne jardernar badar hiardardale i dyrafirde [...].<sup>168</sup>

Þá kemur fram í vitnisburði Björns og Jóns að Þorsteinn Halldórsson hafi áður átt Brjánslæk og allar Lækjareignir. Einnig segir í bréfinu:

So og vissa eg ádur nefndur einar Jonsson firir full sanninde. ad firrgreindur eiolfur halldorsson sellde þratnefndum ara gudmundssyne til fullrar eignar adur nefndan hálfan prianslæk [svo] á bardaströnd med öllum hálfum eignum er þar til heirdu. og þar med allan halfan Vatnzdal. hier j mot gaf ari gudmundsson firrskrifudum eiolfe halldorssyne haukadál i dyrafirde firir sextíjer hundrada til fullrar eignar med öllum þeim gögnum og giædum er greindre jördum filger og filgdt hefur ad fornu og nyu. Vyssa eg og þráttnefndur einar Jonsson firir full sanninde ad are Gudmundsson hiellt sijna rietta eign allan læk og lækiar eigner og þar med allan uatnsdal. firir utan þaug itök sem almenningur veit ad adrir menn áttu. so leinge sem hann lifde. og suo hiellt hanz sonur gudmundur heitinn arason sijna rietta erfd og eign so leinge sem hann lifde. alla firr skrifada peninga. oc hier efftir uil eg sueria ef þurfa þikir.<sup>169</sup>

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loptsdóttir, jörðina Brjánslæk eða eins og segir:

Her méd skiptv vær henni [Ólöfu Loptsdóttur] [...] Brianslæk aa bardastravnnd oc þeim jordum er þar ligggia til sudr at skalanesi med eyium hualatrum oc jordum aullum j kroksfirde jnnan at laxaa fratekin jordin kambr.<sup>170</sup>

Í skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur hinn 15. apríl 1480 segir eftirfarandi um Brjánslæk:

Hlaut þorleifur biornsson j sinn hlut til motz uit einar brodr sinn þessa peninga. [...] þessar iarder med brianslæk a bardastraud. hrakstader oc haukaberg. litlu hlid. v. c.º j uavllvnum. cc j drapskeri. halft þridia .c. j hvammi oc tuttugu. raudzdarl oc arnorstader. hlid oc þuera. forsa oc uattarnes. eyiarnar huallatur.<sup>171</sup>

Hinn 26. mars 1508 gaf Jón dans Björnsson Bjarna Andréssyni allar löggjafir sínar, þ.á m. Brjánslæk á Barðaströnd og allar þær jarðir sem þar ligggja og tilheyrðu Jóni, þ.e. Fossá, Þverá, Hellu, Hlíð, Arnórssstaði og Rauðsdal. Ekki er fjallað um afmörkun jarðanna í gjafabréfinu.<sup>172</sup>

Í skrá Björns Guðnasonar frá 1509 yfir eignir Bjarna Andréssonar er jörðin Brjánslækur tilgreind ásamt Engey, 60 hndr. að dýrleika. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar.<sup>173</sup>

<sup>168</sup> DI V, bls. 495–496.

<sup>169</sup> DI V, bls. 496.

<sup>170</sup> DI V, bls. 499–500. Sjá einnig DI XII, bls. 47.

<sup>171</sup> DI VI, bls. 256.

<sup>172</sup> DI VIII, bls. 197–198.

<sup>173</sup> DI VIII, bls. 266–267.

Hinn 19. september 1522 lagði Ari Andrésson Brjánslæk og Lækjareignir aftur til Hannesar Eggertssonar hirðstjóra og höfuðsmann yfir Íslandi.<sup>174</sup>

Samkvæmt skiptabréfi frá 18. júlí 1525 milli Guðrúnar Björnsdóttur og Solveigar Bjarnadóttur, dóttur hennar, á peningum sem fallið höfðu Solveigu til erfða eftir Bjarna Andrésson föður sinn, kom hálfur Brjánslækur, 15 hndr. að dýrleika, til hennar eignar.<sup>175</sup>

Í máldaga Brjánslækjarkirkju frá 1532 segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar:

kirkian a heimland halfft og halfa Eingeý. jardernar Hlijd og Þverä. halfan Peningsdal. Uppsale og Vatzdal med skogie og haga nedan frá Eidsä og Þingmannaä ä gelldneitatungur. so langt sem skoge er vaxed. utan skog i ärmötum mille þingmanaär og Lambagilia. er kyrkian i Haga ä.

Kirckian ä selveide alla med aullum fiörugiædum ä Eide firer innan Skalmarnes. millum Sandvijkurness og kellingartanga. kirkiuskier tvö.<sup>176</sup>

Árið 1547 féll dómur sex klerka, sem útnefndir voru af Gizuri biskupi Einarssyni, um kirkjueignina hálfan Brjánslæk á Barðaströnd, sem þá var í eyði og engin prestsskylda veittist að greindri kirkju. Daemt var að Gizur biskup skyldi taka að sér allan kirkjuhlutann, bæði í föstu og lausu, og fá hann í hendur þess sem hann treystti til forstöðu. Ekkert kemur fram í dómnum um afmörkun jarðarinnar.<sup>177</sup>

Í kaupmálabréfi Eggerts Hannessonar og Sigríðar Þorleifsdóttur frá 27. september 1551 kemur fram að hálf jörðin Brjánslækur, 15 hndr. að dýrleika, skyldi reiknast til Eggerts.<sup>178</sup>

Í vitnisburði Lopts Narfasonar frá 15. febrúar 1553 kemur fram að Guðrún Björnsdóttir hafi fengið Eggerti Hannessyni allt tilkall sem hún mætti eiga til Brjánslækjar, til ævinlegrar eignar og frjáls forræðis. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.<sup>179</sup>

Hinn 10. nóvember 1555 seldi Solveig Bjarnadóttir hálfina Brjánslæk með öllum gögnum og gæðum til Eggerts Hannessonar. Engar upplýsingar koma fram um afmörkun jarðarinnar.<sup>180</sup>

Gísli Jónsson biskup gerði kunnugt hinn 28. júní 1563 að Eggert Hannesson hafi komið fram með bréf og skilríki sem hann hafi haft upp á garðinn Brjánslæk og virtust þau öll myndug og lögleg. Sakir þess að móðir Eggerts, Guðrún Björnsdóttir, og sammæðra systir hans, Solveig Bjarnadóttir, höfðu lagt honum í vald alla eign og tilkall sem þær höfðu átt í Brjánslæk, þá lýsti Gísli því yfir að

<sup>174</sup> *DI IX*, bls. 111–112.

<sup>175</sup> *DI IX*, bls. 270–271.

<sup>176</sup> *DI IX*, bls. 644–645.

<sup>177</sup> *DI XI*, bls. 600–601.

<sup>178</sup> *DI XII*, bls. 313–314.

<sup>179</sup> *DI XII*, bls. 512–513.

<sup>180</sup> *DI XIII*, bls. 88–89.

hann hafi uppborið frá lögmanninum fulla og alla peninga vegna dómkirkjunnar í Skálholti fyrir lausn á hálfum Brjánslæk.<sup>181</sup>

Hinn 25. nóvember 1569 seldi Eggert Hanneson Torfa Andréssyni Brjánslæk, þ.e. 30 hndr. bóndaeignina í garðinum og einnig jörðina Arnórssstaði, tvö kúgildi fyrir 20 hndr. og jörðina Hamar á Hjarðarnesi. Torfi seldi Eggerti á móti, með samþykki móður sinnar, Guðrúnar Björnsdóttur, jörðina Hól og Litlueyri í Bíldudal, 60 hndr. að dýrleika, og Raknadal í Patreksfirði. Engar upplýsingar koma fram um afmörkun jarðanna.<sup>182</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá um 1570 og síðar segir:

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hälfft. Eingey.

Jtem jardernar Hlijd og Thuerä. önnur fyrer .x. aura leigd. enn önnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann frä Eidsaä og Thijngannaä og framm ä Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog i Hniotum i millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkian i Haga ä.

Jtem á kirkian selveide alla med öllum fiørugiædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga.

Jtem kirkiuskier tvø.<sup>183</sup>

14. nóvember 1580 seldi Torfi Andrésson allan Brjánslæk til Magnúsar Jónssonar.<sup>184</sup> Í skjölum jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem varðveitt eru í safni rentukammers í Þjóðskjalasafni, er til afrit af nefndu bréfi. Í því segir ennfremur að jörðin Brjánslækur hafi verið metin á 30 hndr. að dýrleika og þar með hafi verið Arnórssstaðir. Á móti gaf Magnús Torfa jarðirnar Trostansfjörð, 30 hndr. að dýrleika, og Litlueyri, 20 hndr. að dýrleika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðanna.<sup>185</sup>

Hinn 18. febrúar 1629 seldi sr. Jón Sigurðsson Þorleifi Magnússyni 13 hndr. í Brjánslæk, en sa hluti yrði eign bróður Þorleifs, Jóns Magnússonar. Á móti seldi Þorleifur alla jörðina Meiribrekkju í Dalasýslu.<sup>186</sup> Í skjölum jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem varðveitt eru í safni rentukammers í Þjóðskjalasafni, er til afrit af nefndu bréfi. Ekkert kemur þar fram um afmörkun jarðanna.<sup>187</sup>

---

<sup>181</sup> DI XIV, bls. 107–108. Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdrættir*, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1993, bls. 97.

<sup>182</sup> DI XV, bls. 327–328, 330–331.

<sup>183</sup> DI XV, bls. 585.

<sup>184</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 97.

<sup>185</sup> ÞÍ, Rentukammer [hér eftir Rtk.], 1928-D2/0004, Jarðabókarskjöl – Barðastrandarsýsla.

<sup>186</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 121.

<sup>187</sup> ÞÍ, Rtk., 1928-D2/0004, Jarðabókarskjöl – Barðastrandarsýsla.

16. september 1629 meðkenndi Magnús Arason að hann fengi Birni Bjarnasyni til eignar jörðina Kamb í Króksfirði, með sinni selstöðu, 30 hndr. að dýrleika. Að auki lofaði hann að svara landskuld af 6 hndr. þar til hann hafði tekið við tveimur hlutum í Brjánslæk og Arnórsstöðum.<sup>188</sup>

1. nóvember 1646 lögfesti Guðmundur Jónsson að hann til eignar ætti þriðja part bónðaeignar í Brjánslæk, „með sundurdeildum eignarskiptum á túni og engjum og húsum eftir því sem bréf innsigluð þar um tilseiga, en í allri annarri útjörðu til ristu, stungu, slægna og beitar“. Einnig lögfesti Guðmundur eign sína Hlíð með landamerkjum.<sup>189</sup> Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, er nefnd lögfesta til í afriti frá 1830. Þar segir:

[...] þá vil eg nú fromum mönnumm auglísá hvad og mer i þessari Jördu Læk sem er sá þridie partur Bondeignar med Sundurdeildumm eignarskiftum á Túni og Eingjumm og jhúsnum eftir því, sem Bref innsiglud þarmed tilseigia enn í allri annari Utjördu til ristu stúngu Slægna og Beitar lísi eg og tilkyna mínumm Parti allann þridjung til réttrar Sundurdeilingar á því er bévisar eignarskiftum skift hafi verid þarmed eigna eg mínumm Parti kyrkjujörd Hlíð med þessum landamerkjum: Hlíðarkambi og i Paulströd og alt i Sió og úti Titlingagil jafnframt Skóg ad þridjungi í öllum kyrkjunnar Skógum til eigna og mínumm parti i Læk enn vyrdist fromum sansnum Mönnnum og mér meir tileigna enn réttur tilstendur þá bíð eg mig undir lög og rétt, vid hvörn sem vill eda má mér þarum tiltala svo um mína lausafiár Tíund sem hvad annad á hvorri og giöri á Reikníng utan Biskubi sinist annad rétt enn eg hygg; vil eg einu og serhvörju sangiarnlegrar Sannsyni unna, undir sömu grein um Skógaskifti ef mönnum lyst edur vyrdist og fremur leift eda brúkad hafa inn ber, deilist eftir Sansynna manna Tilvisur þá og þegar skift verdur Skógi hvar til og mig og míð nær og þá.<sup>190</sup>

25. apríl 1661 seldi Þorleifur Kortsson jarðirnar Stórulaugar og Kálfborgará í Þingeyjarsýslu til Guðbrands Magnússonar móti 2/3 hlutum í Brjánslæk og jörðunum Fossá og Hamri á Hjarðarnesi.<sup>191</sup> Í skjölum jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem varðveitt eru í safni rentukammers í Þjóðskjalasafni, er til afrit af nefndu bréfi. Ekkert kemur þar fram um afmörkun jarðanna.<sup>192</sup>

Synir Þorleifs Kortssonar lögmanns skiptu með sér arfi hinn 8. október 1698. Í hlut Guðmundar komu tveir partar í Brjánslæk, 20 hndr. að kaupahluta. Kirkjueign fylgdi þar, 20 hndr. Einnig Arnórsstaðir, 18 hndr. að dýrleika, Fossá á Hjarðarnesi, 24 hndr. að dýrleika, Hamar í sömu sveit, 6 hndr. að dýrleika, Trostansfjörður við Arnarfjörð, 30 hndr. að dýrleika og Reykjarfjörður við

<sup>188</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 121.

<sup>189</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 124.

<sup>190</sup> ÞÍ, Jarðaskjöl: Barðastrandarsýslu, Brjánslækur og Hlíð (lögfesta Guðmundar Jónsson frá 1646).

<sup>191</sup> Jarðabréf frá 16. og 17. öld, bls. 97, 238

<sup>192</sup> ÞÍ, Rtk., 1928-D2/0004, Jarðabókarskjöl – Barðastrandarsýsla.

Arnarfjörð, 30 hndr. að dýrleika.<sup>193</sup> Í skjölum jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem varðveitt eru í safni rentukammers í Þjóðskjalasafni, er til afrit af nefndu bréfi. Ekkert kemur þar fram um afmörkun jarðanna.<sup>194</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 er jarðadýrleiki Brjánslækjar skráður 30 hndr. Eigendur eru Guðmundur Þorleifsson að 20 hndr. og Árni Guðmundsson að 10 hndr. Um hjáleigur, ítök og önnur réttindi segir:

Hjáleigur hafa þar verið í landinu: **Grafarkot**, fyrir innan ána. **Lækjarkot** í undirtúninu. Báðar fyrir löngu í eyði. Kunna ei byggjast fyrir utan jarðarinnar skaða, sökum landþrengsla. [...] Rifhrís er til eldiviðar í heimalandi, en skóg til raftviðar og kolagjörðar brúka ábúendur í skógi í Vatnsdal, kirkjunnar landi.<sup>195</sup>

Í kirknaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna gjafabréf Níelsar Fuhrmann og Helgu Eggerts dóttur yngri frá 12. júní 1720, þar sem þau gefa Brjánslæk, þá eign sem Guðmundur Þorleifsson var eigandi að, til kirkjunnar á Brjánslæk, „med öllum þeim gögnumm lög giædum hlutum og hlunnindum, Vötnum og Veidistödum til fialls og fiöru, Sem greindri Jörd filgir og fight hefur ad fornu og Nyu“. Ekki er fjallað nánar um afmörkun jarðarinnar.<sup>196</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 er jörðin Brjánslækur sögð vera að 2/3 hlutum í eign kirkjunnar en 1/3 hluti jarðarinnar er „Selvehjálf“. Dýrleiki jarðarinnar, með hjáleigum, var 30 hndr.<sup>197</sup> Hjáleiga Brjánslækjar er Undirtún, en einnig eru þrjár kirkjujarðir Brjánslækjar metnar, þ.e. Hella, Þverá og Moshlíð, hver um sig 6 hndr. að dýrleika.<sup>198</sup> Hjáleigan Undirtún er metin sérstaklega en þar segir:

Øde hialejerne Gravarkot og Lækiarkot tjene kun til Bejteland.

Í sama jarðamati er fjallað um Hellu og eyðijarðirnar Uppsali, Smiðjumýrar, Vatnsdalsbakka og Helluhvamm, sem eru sagðar tilheyra kirkjunni, eða eins og segir í jarðamatinu:

Af Fieldgræs falder her 4 tð<sup>r</sup> aarlig [...] Kulskov til eget Brug [...] Med denne Jord ere de øde Jorder, Uppsaler, Smidumijrar, Vatnsdalsbakkar og Helluhvammur, som og ere kirken [þ.e. Brjánslæk] tilhörende, conbinerede, og falder paa disse den halve höeavling som udfordres til ovenanförte Kreaturhold.<sup>199</sup>

<sup>193</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150.

<sup>194</sup> ÞÍ, Rtk., 1928-D2/0004, Jarðabókarskjöl – Barðastrandarsýsla.

<sup>195</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI*, bls. 269–271.

<sup>196</sup> ÞÍ, Kirknaskjöl Barðastrandarsýslu, Brjánslækur (gjafabréf Níelsar Fuhrmann og Helgu Eggerts dóttur yngri, 12. júní 1720).

<sup>197</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 54.

<sup>198</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opnur 53, 55 og 56.

<sup>199</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 53.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 31. júlí 1813 var upplesin lögfesta fyrir Uppsali og allan Vatnsdal með skógi og haga. Lögfestan var undirskrifuð af prestinum á Brjánslæk eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

4° Upplesinn Lögfesta fyrer Uppsölum og öllum Vatnsdal med Skógi og haga nedann frá Eids- og Þingmanná, og frammá Geldíngstúngur, só lángt sem Skógi er vaxid utan Skóg í hnótum milli Þingmannaár og Lambagilia er kirkian i Haga á, þessi daterud 30<sup>ta</sup> Júlii 1813 undir hende og Signete Bergsveinssonar á Briámslæk og nefn. G. Schevíngs.<sup>200</sup>

Á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi hinn 26. júní 1829 var upplesið skjal hvar sr. Runólfur Erlendsson lýsti friðhelgi yfir selveiði og fjörugæðum Brjánslækjar í Kerlingarfirði, eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

Pessu nærst upplesid document daterad 25<sup>ta</sup> Junii <sup>1824</sup> hvarmed presturinn [yfir] Briámslækiar og Haga kyrkiu S<sup>ra</sup> Runólfur Erlendsson lýser fridhelge yfer öllum Briamslækiar kyrkiu tilheyrande fjörugiædum og Selveide á Eýdi fyrir innann Skálmares, millum Sandvíkur og Kierlíngatanga.<sup>201</sup>

Frá haustinu 1829 til sumarsins 1832 var hjá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu tekið fyrir rekabréatumál milli sr. Runólfss Erlendssonar vegna Brjánslækjar og Guðmundar Scheving, kaupmanns í Flatey, vegna Hlíðar. Marsvín höfðu rekið upp í svokallað Lækjarfit og deilt var um hvorri jörðinni rekinn tilheyrði. Framlagðir voru málagar og ýmis skjöl og þá voru nokkur vitni yfirheyrð um landamerki jarðanna.<sup>202</sup> Við extrarétt að Brjánslæk á Barðaströnd hinn 6. október 1829 var Guðmundur Sigmundsson á Lithu-Hlíð yfirheyrður um landamerki milli Brjánslækjar og Hlíðar. Einnig var hann spurður um aðrar jarðir við Vatnsfjörð:

5° hvör eru Jnnstu landamerke á Hlíð, mótt Briamslæk. Sv. Þaug eru í Þrælatröd og Torflág, eftir sem eg hejrt hefe og ytsta Gil.

[...]

12° hvör á land utan til vid þau tilvísudu ummmerke Þrætutröd, Torfalág og ytstu Gil? Sv. Þad á Hlíð. 13° á Hlíð land fyrir nedann vatn götu? Sv. Þad veit eg ecke, þó er líklegt ad hún eige frá fjalli til fjöru. 14° hefur þar nockurn tíma verid slégid frá Hlíð? Sv. Þad vet eg ecke. 15° hvar hefur Hlíðar bónen Skógartak? Sv. og ecke veit eg þad. [...] 18° hvad mörg hundrud er undertun, Þverá, Hella og Uppsalir? Sv. eg veit ecke um Uppsale. Þad hefur Jardabokinn ad utgiora. 19 enn umm undertún Þverá og Hellu, hvörsu morg hundrud er hvört um sig? Sv. Þverá eru 6 hndr., enn Undertún og Hella er eí kostad því Briem vilde ecke láta þar uppskrifa. 20 hefur kyrkiujördinn Þverá verid tíundud sem lögbyl? Sv eg veit

<sup>200</sup> *ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-1, dóma- og þingbók 1804–1815, bls. 101r.*

<sup>201</sup> *ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., manntalsþing 26. júní 1829.*

<sup>202</sup> *ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttir 6.–9., 15., 19., 21.–22. október 1829, 13. nóvember 1829, 5. desember 1829 og 13. júní 1831 og réttur 18. júní 1832.*

ecke betur. 21 hefur Bónða Ejgnin á Briamslæk, ecke verid talinn betse Þridiungur af Þeirre Jördum? Sv. Já so hef e eg heyrt.<sup>203</sup>

Við framhald réttarins að Brjánslæk á Barðaströnd hinn 7. október 1829 var Jakob Jónsson á Ytri-Múla spurður um landamerki Brjánslækjar og Hlíðar:

5° hafa Lækiarprestar rádid firer Jördin [Hlíð], eda haft not af henni. Sv. Nej ecke þad sem eg veit til. 6° hvör eru innstu landamerke mille Hlíðar og Briamslækjar? Sv. þad er kölluð Torflaug, og so er nidur á hóltún soköllud Þrælatröd eda Pálströd, eg hefe heyrt þad, enn ecke sied þad lesid eda prentad.

[...]

12° Efter hvörium hefur þú þinn framburd um landamerke mille Briamslækjar og Hlíðar? Sv. efter födur mínum eftir sem eg hejrde hann sagde. 13° hefur þú nockurntíma hejrt Moshlíðar Tjörn nefnda? Sv. Nej.

[...] 15° Er Lækiuarfit Beitarland frá Briámslæk? Sv. beit var þar aldrei talad umm, enn Slægjaland var varid fyrir ofann götu, sem köllud var Votagata. 16° Var þar þá ecke árlega beitt peníngi frá Briamslæk? Sv. ójú þad var beitt útefter þessu lande, Þegar ecke var rekid á dalinn enn hitt var varid, sem fyrr var sagt. 17° á Briámslækur nockurt land, utan til vid þad land, sem þú eignar Hlíð? Sv. So hefe eg hejrt skrifad líka.<sup>204</sup>

Við sama réttarhald hinn 7. október 1829 var Guðbjörg Jónsdóttir á Hærri-Rauðsdal yfirheyrð um sama efni og áðurnefndir Guðmundur og Jakob:

[...] 3° hvör eru innstu landamerke milli Hlíðar og Briamslækjar? Sv. Þad er Hlíðará, og ecke önnur.

[...] 8° á Hlíðarland frá fjalle til fjöru? Sv. ója so sagde hann fader minn heitinn.

[...] 10° hefur þú nockurntíma hejrt, Moshlíðar tjörn nefnda? Sv. ónej. 11° á Briamslækur land á Saudanesi. og fyrir utan þad? Sv. ójá – 12° Er ecke Lækiarfit árlegt Beitarland frá Briámslæk? Sv. ójú.<sup>205</sup>

Við sama réttarhald hinn 8. október 1829 var Bjarni Jónsson á Hærri-Rauðsdal yfirheyrður um sama efni:

[...] 2° hefur Jördin Moshlíð, verid sér deilt, tíundud til allra Stéttu, sem lögbýli? Sv. ecke hefe eg vitad betur. 3° hafa Prestar á Læk haft ummrád yfer, eda Not af þessar jördum? Sv. J minni Tíd, hefe eg vitad landsdrottinn giöra þad, enn ecki Prestinn ad byggia Jördina, enn Not Jardarinnar, hefe eg vitad landsdrottinn [...] því hönum hefur þad goldid verid, enn hvör Samskift Presta og landsdrottins hafa þarum verid, veit eg ecke af ad segia. 4° hvör eru innstu landamerke mille Hlíðar og Briamslækjar? Sv. efter Hlíðarbændum tveimur, sem þar hafa verid

<sup>203</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 6. október 1829.

<sup>204</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 7. október 1829.

<sup>205</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 7. október 1829.

nærst, annar fyrir mína Tíd, búid þar, enn önnur í minni tid, enn sig þó munnlega, vid þann fyrr talada, sem var Oddur Jóhns son, enn Jóhn Palsson í minni Tíd, nefndu Hlíðar landa merke ad innanverdu, Hlíðará ad nedannverdu, vid Sió ad ségia, Þrælatröd uppá holtabreckunum, Torflág, sem er gégt Grásteini, og Jtstu gil, fremsta [...] nefnd af landamerkiunum í dalnum.

[...]

24° hefur Briámslækur beitarland í Lækiarfít ad láni frá Hlíð, eda Eign? Sv. þad veit eg ecke.<sup>206</sup>

Bjarni var að öðru leyti spurður að því sama og önnur vitni um eign Brjánslækjar á Sauðanesi og þar fyrir utan. Við sama rétt hinn 8. október 1829 var Þorkell Ólafsson í Moshlíð yfirheyrður um sama efni:

4° hvör eru innstu landamerke, milli Hlíðar og Briámslækjar? Sv. Þad er Hlíðará, ad nedannverdu og Bósatröd eda Þrælatröd ad ofannverdu, og þádann í Torflág, og úr Torflág, og í ýtsta Gil.<sup>207</sup>

Að öðru leyti voru svör Porkels samhljóða svörum áðurnefndra vitna. Við sama rétt hinn 8. október 1829 var sr. Runólfur Erlendsson spurður um hvernig hann sannaði að 10 hndr. í Brjánslæk hafi verið bónðaeign og lagði sr. Runólfur fram seðil sem sagði:

Jeg hefe ecke sannara fyrir mér, enn máldagar og Visitatiur ségia, ad 50 hndr. i Briámslæk, sé Beneficium, enn 10 hndr. Bóna Eýgn.<sup>208</sup>

Við sama rétt að Brjánslæk hinn 8. október 1829 var Jón Jónsson, hreppstjóri í Haga, yfirheyrður um sama efni.

1° hvad er Briámslækur talinn mörg hundrud? Sv. eftir hreppsbókinni er hann talinn 30 hndr. frá árinu 1798 til 1800.

[...]

3° Er Jördin Hlíð, tíundud til allra Stéttar sérdeilt sem lögbýle? Sv. eins og hvör önnur Jord i Sveitinne 6 hndr.

[...]

5° Er Briamslækur – hejmajördinn alleina, eda med afbýlum, eftir hreppsbókinni, 30 hndr. Sv. hejmajördinn, án þess Hlíð og Þverá, sem þar í taldar. 6° Enn Hella og Uppsalir? Sv. umm uppsale veit eg ecke, hreppsbókinn nefnir þá ecke, enn umm Hellu er ecke annad ad sia, enn hún sie bygd af

---

<sup>206</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 8. október 1829.

<sup>207</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 8. október 1829.

<sup>208</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 8. október 1829.

heimalande. 7° hve mörg hundrud er Hella talinn? eftir hreppbókinni Bladsíða 6, eckert.<sup>209</sup>

Málið var tekið fyrir hjá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu dagana 9., 15., 19., 21. og 22. október 1829. Við extrarétt að Feigsdal hinn 13. nóvember sama ár var kveðinn upp dómur í málínú. Í niðurstöðum dómsins kom m.a. fram:

Land þad sem Malsdagar allir eigna Briamslækiarkyrkiu, liggu rsoleidis fyrir höfudátt um, Vatnsdalur liggur fyrir fjardarbotni i Sudur og líted til landsudurs frá Briámslæk, Þá biggist landed med hlídinne, nockud til austurs alt ad Briamslæk, enn þadann, og alt útá Saudanes, horfir Fjallshlíðinn, og Fjara, mótt vestur, á mille Briamslækiar og Saudaness, sem er landamerke Briámslækiar, á þá Sídu, liggur Jördinn Hlíð, enn einginn annar Bær, enn hinns vegar Briámslækiar, inn med Fyrdinum, liggia Hella og Þverá er því öll Briámslækiar Eygn, sér skilt land frá ödrum Jördum, hvar einginn nema Briáms lækiar kýrkia og Proprietarius af 10 hndr. í Briamslækiar hejmalande, og Haga kyrkia á Skóg i Hniótum, á minnsta Jtak í. – Eptir i Rétt lagdar, og verifierader Máldaga útskrift, á kýrkiann ad Briámslæk hejmaland hálf, Eíngey, item Jardirnar Hlíð og Þverá etc. í þessar eru allar Biskupa Visitatiur samhljóda alt þar til Biskup sál. Jóhn Arnason i Visitatiu af 22 Aug. 1733, quedur so ad orde: Kýrkia ad Briámslæk, á hálf Heimaland 30 hndr. og þarad auke 20 hndr. í Heimalandi, sem sað göfugr höfdingsmann Gudmundur sál. Þorleifsson henni gaf, daterad Brokey 12<sup>ta</sup> Aug 1720. Eptir þetta geta visitatiur Biskupanna Síra Ólafs Gislasonar 16 Aug 1750, Dr. Finns Johnssonar dat. 14. September 1761 og Dr. Hannesar Finnssonar d. 25<sup>ta</sup> August 1790, allar eins um ad Kirkianum ad Briámslæk á Bardaströnd eige 50 hndr. í hejmalande, enn 10 hndr., hverfe frá, sem er Bónða Eign, hún eigi einnig Engey, svo og Jardirnar Hlíð og Þverá etc. – allir framanngreýnder Máldagar, taka öll Tvímaeli og Efa af, umm ad Jördinn Hlíð í Briámslækiar kýrkiusókn, hafe gétad tilhejt ödrum, enn Briámslækiar kyrkiu, i hid minnsta, alt til 25<sup>ta</sup> August 1790, og síðann, alt til þessa Tíma, sannast hvörki Rök, nje Bévisíngar fyrir, ad þesse Jörd sie frá Briámslækiar kyrkiu abalienerud, hvörke vid giöf, Testamente, Makaskipte, nje hefd, því þótt Testamente Einars sál. Ögmundssonar hefde ordir frammvisad, og þad hefde til tekid Jördina Hlíð í þau 10 hndr. sem hann átti í Briámslækiar hejmalande, og sem sagt er, hann hafe testamenterad Sál. Sýslumanni David Scheving, Þá gat Einar þó, alldrej géfid þad, hann ecke átte, og hann var og óheimill, ad þjggia þad sem hann visse ad Einar átte ecke; lögleg adkomst Sýslumanns Sál. Davíds, ej helldur kaupmanns Gudmundar Schevings er, og ej helldur nockurntíma Réttinum fyrir Siónir kominn, þar.

[...]

Páred nú Einar heitinn visse ad öll Briámslækiar Eign, sem liggu röll í samföstu bygdarlagi, útaf fyrir sig, án þess nockurt Býli annad, innann Briámslækiar Eignar ystu Takmarka, á allar Sídur, þvert og Strandleingds, liggi þar á mile, sie med Proprietair Eigninne 60 hndr. ad dýrleýka, og ad Hlíð være i kýrkiunnar hundrada Eignum innefalinn, þá hefur hann líka vitad, ad hann átte ecke jördina

<sup>209</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 8. október 1829.

Hlíð, og gat hana því ecke ödrum testamenterad, hvad og ej helldur er sannad ad skéd sie.

[...]

Dæmist rétt ad vera:

Jördinn Hlíð, med öllum hennar Herlegheitum til lands og Sióar, liggiande i Briámslækiarkirkiusókn, innan Bardastrandar Sysslu, á eptir nefndrar kirkiu Máldögum, allt hingadtil ad álítast ad hafa verid, og héreptir, ad vera Briámslækiar kirkiu sannur og ófráskiliannlegur fasteignar Ejendómur [...].<sup>210</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 24. júní 1836 var upplesin ofannefnd lögfesta Guðmundar Jónssonar frá 1646.<sup>211</sup>

Í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847 segir að jörðin Brjánslækur sé 30 hn dr. að dýrleika og að 1/3 hluti sé bændaeign en 2/3 hlutar séu kirkjueign. Í neðanmálgrein segir að árið 1805 hafi eyjan Engey legið undir Brjánslæk og enn fremur að eyðihjáleigurnar Grafarkot og Lækjarkot hafi verið hafðar til beitar.<sup>212</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um Brjánslæk:

Briámslækur. [...] skógur nógur, [...] gieldfiár afrétti i Vatnsdal, [...] Liggur hér undir Eyan Eingey, slægiu land besta, her er kofna tekia ad góðum mun ædarvarp teljandi og haustbeit góð fyrir saudfie; Jördin er fremur erfid.<sup>213</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 5. júlí 1855 var upplesið landamerkjabréf staðar og kirkju Brjánslækjar. Inntaki þess er ekki lýst í dóma- og þingbók sýslumanns.<sup>214</sup>

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd hinn 12. júlí 1859 var upplesið bréf, dags. 10. júní 1859, hvar sr. B. Þórðarsonar á Brjánslæk leyfði afnotkun af afréttarlandinu Vatnsdal til Jakobs Athanasiussonar. Inntaki bréfsins er ekki lýst nánar í dóma- og þingbók sýslumanns.<sup>215</sup>

Þann 23. ágúst 1860 skoðaði Ó.E. Johnsen prófastur kirkjuna að Brjánslæk, en í kirkjustól Brjánslækjar kemur fram að þá hafi kirkjan haldið „öllum eignum og ítökum átölulaust nema að því leiti að en er ei til lykta leidd þræta sú sem risin er á milli Beneficiatii og Haga kirkju eigenda útaf Skógarparti í Vatnsdal sem

<sup>210</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., extraréttur 7. október 1829.

<sup>211</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 52v–53r.

<sup>212</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 180.

<sup>213</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1849–1850, bls. 31.

<sup>214</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/4-1, dóma- og þingbók 1852–1857, bls. 199–200.

<sup>215</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/4-2, dóma- og þingbók 1857–1862, án bls., manntalsþing 12. júlí 1859.

nefnist Mörk milli Þingmannaár og Vatnsdalsár". Þá ætlaði sóknarpresturinn að tilkynna málið til stiftyfirvalda.<sup>216</sup>

Ekki er sjálfstæða landamerkjálýsingu að finna fyrir Brjánslæk í landamerkjabók Barðastrandarsýslu 1883–1966. Í landamerkjabók kemur hins vegar fram að sr. Þorlákur Jakobsson, prestur að Brjánslæk, samþykkti lýsingar annarra jarða þ.e.a.s. fyrir Uppsali og Brjánslæk gagnvart Fossá á Hjarðarnesi árið 1889<sup>217</sup>, um Hellu og Þverá, eignir Brjánslækjarkirkju, árið 1890.<sup>218</sup> Þá samþykktu sr. Þorlákur og Sigríður Johnson landamerkjálýsingu Sauðeyja að því er snerti 1/3 hluta Brjánslækjar.<sup>219</sup>

Á manntalsþingi Barðastrandarhrepps hinn 26. maí 1899 seldi G. Zoëga fyrir sig og í umboði fyrir sameigendur sína bændahlutann í Brjánslæk og hjáleiguna Moshlíð til stiftsyfirvalda yfir Íslandi, f.h. landsjóðsins, sbr. lög 6. mars 1896. nr. 5, með öllum gögnum, gæðum, hlunnindum og ítökum.<sup>220</sup>

Í fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1916–1918 segir eftirfarandi um Brjánslæk:

Prestsetur, Landssjóðseign. [...]

b. Jarðn: [...] Eng: Aðalengjar eru Engey og svo mýra- og fjallsl., en langt í burtu; [...] d. Ónnur jarðg: [...] Skógl. mikið. Dúnt. [...] Selv: [...] við Helluhólma. Ít. í aðrar jarð. ekki teljandi. e. Ók: [...] Flateyjar og Hagakirkja eiga skógarhögg í Brjánslækjarlandi. [...]

Jörð. með girð. met. að kr. 4700. [...]

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 segir að kirkjan hafi átt kópalagnarítök í Kerlingarfirði en það sé orðið nytjalaust.<sup>221</sup>

Á bls. 100–102 í landamerkjabók Barðastrandarsýslu er eftirfarandi lýsing skráð um landamerki milli Brjánslækjar og Arnórsstaða árið 1944:

Með því að í landamerkjaskrá Barðastrandarsýslu er engin skrá um landamerki milli jarðanna Arnórsstaða og Brjánslækjar í Barðastrandarhreppi og að undanförnu hefir af þeim ástæðum ríkt nokkur óvissa um legu þeirra, þá höfum við undirritaðir, ég Guðmundur J. Einarsson bóndi, og umráðamaður Brjánslækjar og við Bjarni Gestsson og Karl Andersen eigendur og ábúendur

<sup>216</sup> *ÞÍ*, Brjánslækur á Barðaströnd, AA/1, Kirkjustóll Brjánslækjar 1750–1860, án bls.

<sup>217</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu, bls. 63.

<sup>218</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu, bls. 78.

<sup>219</sup> Landamerkjabók Barðastrandarsýslu, bls. 89.

<sup>220</sup> *ÞÍ*, Kirknaskjöl Barðastrandarsýslu, Brjánslækur (skjöl um sölu á bændahlutanum til stiftsyfirvalda 1897–1898).

<sup>221</sup> Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 73.

Arnórstaða, eftir að hafa kynnt okkur álit gamals fólks og gömul skjöl um þetta efni, gert með okkur sætt um það, að landamerki milli jarða skuli vera: „Um gil það á Arnórsstaðhlíð, sem liggur niður með utanverðri svokallaðri Kerlingu, sem er klettadrangur í fjallinu og neðst úr gilinu til sjávar niður um miðja skriðu þá, er úr gilinu hefur fallið“. Teljum við, að landamerki þessi komi heim við merki þau milli téðra landa, sem tilgreind eru í afsalsbréfi fyrir Arnórsstöðum gerðu í Saurbæ árið 1547 og prentuð er: Íslensku fornbréfasafni, XI bindi bls. 594, þar sem fram er tekið, að landamerkin séu „Kerlingarskriða“. Framanskráðu til staðfestu eru eiginhandarnöfn aðila rituð í votta viðurvist.

Gert að Brjánslæk, 11. september 1944.

Guðmundur J. Einarsson, Bjarni Gestsson, Karl Andersen. Vottar að réttri dagsetningu og undirskriftum. Gísli A. Magnússon. Hákon J. Kristófersson.

Ráðuneytið samþykkir framangreind landamerki.

Reykjavík 13. okt. 1944.

Gústaf A, Jónsson Dómsmálaráðuneytið. Móttekið 25/10 '44 kl. 13. Innfært í afsals- og veðmálaregistur Barðastrandarsýslu, Litra S nr. 256 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi Barðastrandarhrepps. Jóhann Skaptason sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu.

Hinn 10. ágúst 1949 var tekið fyrir að skipta prestssetrinu Brjánslæk milli þáverandi ábúanda, Guðmundar J. Einarssonar, og prestssetursins, eða eins og segir í landskiptabók Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1941–1962:

Miðvikudaginn 10. ágúst 1949 var undirritaður, Sigurður Elíasson, skipaður oddamaður af sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, ásamt úttektarmönnum, Hákon Kristóferssyni, Haga og Þorsteini Ólafssyni, Litluhlíð, samankomnir að Brjánslæk til þess samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, ds. 29. nóvember 1948 og símskeyti ds. 13. júlí 1949 að skipta prestssetrinu Brjánslæk milli núverandi ábúanda Guðmundar J. Einarssonar og prestssetursins.

Samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins ber að gæta eftirfarandi atriða við skiptin: Hjáleigurnar Moshlíð og Hella eru teknar undan aðaljörðinni og koma eigi til skipta. Að öðru leyti skal jörðinni skipt til helminga, en þess skal gætt, að prestssetrið fái í sinn hlut land umhverfis kirkjuna og íbúðarhús staðarins.

Eftir að hafa kynnt sér landgæði og staðhætti, var nefndin ásátt um, að ekki komi til mála að skipta öðru landi en túni og nánasta ræktanlegu landi og Engey (eyjunni) til slægna.

Land það, sem til skipta kom er innan eftirgreindra merkja: Að innan takmarkast landið af Lækjará frá sjó að gili því, er fellur ovanvert við túnið. Frá móturnum gils þessa og Lækjarár takmarkast landið af beinni línu út og upp í stóran stein sem stendur í hellinum upp af innri enda Gormsins. Frá steini þessum beint lína ca. 296 m löng út og niður í grasi græna klöpp, sem liggur beint upp af „Brjánslæknum“, en af klöpp þessari ber Helluhólmi beint yfir íbúðarhúsið á

Brjánslæk. Þaðan bein lína niður í miðjan „Brjánslækinn“ þar sem hann fellur niður af Reiðholtinu. Þaðan bein lína til sjávar <sup>í stefnu</sup> um innri enda Engeyjar í stefnu á íbúðarhúsið á Deildará á Múlanesi. Að neðan ræður stórstraumsflóðmál.

Innan þessara takmarka skiptist landið þannig:

J hlut prestssetursins fellur allt land ofan brekkubrúnar og beinnar línu <sup>þaðan</sup> í Lækjará, milli hlaðinna varða, en Guðmundur Einarsson hlýtur allt landið neðan þessarar línu, að undanskilinni núverandi hestagirðingu, sem skal vera óskipt.

Engey skal skiptast til slægna jafnt milli beggja aðila, þannum um gömul merki, sem liggja um eiðið norður og suður, þvert yfir eyna og skulu Urðirnar fylgja vesturpartinum. Samkvæmt hlutkesti, sem fram fór hlaut prestssetrið vesturhlutann.

Flögurnar eru óskiptar.

Allt annað land, sem jörðinni fylgir, en það sem að framan greinir, skal óskipt til jafnra afnota fyrir báða aðila, þar með veiði öll og hlunnindi staðnum tilheyrandi.

Girðingar, sem eru á hvorum hinna útskiptu hluta, skulu honum fylgja, en nefndin lítur svo á, að henni beri eigi að skipta húsum staðarins.

Upplesið. Samþykkt.

Sig. Elíasson. H.J. Kristófersson. Þorsteinn Ólafsson.<sup>222</sup>

Hinn 23. október 1954 var tekið fyrir að mæla út úr óskiptu landi jarðarinnar Brjánslækjar viðbótarræktunarlandi, eða eins eins og segir í landskiptabók Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1941–1962:

Föstudaginn 23. október 1954, var undirritaður, Sigurður Elíasson, skipaður oddamaður af sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, ásamt úttektarmönnum, Hákonni Kristóferssyni Haga og Þorsteini Ólafssyni, Litluhlíð, samankomnir að Brjánslæk, til þess samkvæmt bréfi frá dómsmálaráðuneytinu ds. 7. okt. 1954 og álitsgjörð landnámsstjóra til dómsmálaráðuneytsins ds. 1. okt. 1954, að mæla út úr óskiptu landi jarðarinnar Brjánslækur viðbótar ræktunarland.

Samhliða landamerkjalinu þeirri er gengur frá „Brjánslæknum“ um innri enda Engeyjar í íbúðarhúsið á Deildará voru mældir út 2.97 ha sandlendi neðan og ofan þjóðvegarins. Var þá óskipt ofan vegar um 4.6 ha af jafngóðu landi, en neðan vegar erfiðara land.

Ábúandi jarðarinnar vildi ekki sætta sig við úthlutun þessa og lagði þá oddamaður til, að bætt yrði við ábúanda ½ ha ofan vegar af því landi, sem áður getur. Féllust úttektarmenn á þessa málamiðlun, en ábúandi neitaði að taka úthlutun á þessum forsendum og krafðist 4 ha alls. Á þetta gátu úttektarmenn ekki fallist, einkum ekki þegar tillit er tekið til þess, að ábúanda skipuðust bætt

---

<sup>222</sup> *Pjóðskjalasafn Íslands* [hér eftir PÍ], Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/25, landskiptabók Vestur-Barðastrandarsýslu 1941–1962, bls. 5–8.

skilyrði til ræktunar þess land, sem hann átti fyrir neðan vegar með viðbót þeirri er fyrr getur.

Þar sem sættir náðust ekki í málínu var það látið óafgreitt.

Upplesið. Samþykkt.

Sig. Elíasson. Hákon J. Kristófersson. Þorsteinn Ólafsson.<sup>223</sup>

#### vii. Undirtún (*hjáleiga Brjánslækjarkirkju*)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 er Undirtúni ekki sérstaklega lýst, en sagt er um Lækjarkot, hjáleigu Brjánslækjar, að hún sé í „undirtúninu“.<sup>224</sup>

Í jarðamati Barðastrandarsýslu árið 1804 er Undirtún skráð sem hjáleiga Brjánslækjar. Enginn jarðadýrleiki er skráður. Loks er skráð að eyðihjáleigurnar Grafarkot og Lækjarkot nýtist sem beitiland.<sup>225</sup>

Í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847 er ekkert mat fyrir Undirtún. Í neðanmálgrein fyrir Brjánslæk segir að 1805 sé sagt frá hjáleigunni Undirtúni, en hennar sé ekki getið í öðrum heimildum.<sup>226</sup>

Í *Barðstrendingabók* frá 1942 virðist sem hjáleigan hvorttveggja kölluð Undirtún og Undirhús.<sup>227</sup>

#### viii. Vaðall (*Efri- og Neðri-Vaðall*)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* fyrir Barðastrandarsýslu frá 1703 er Vaðall sagður 30 hndr. að dýrleika. Eigandi var Guðrún Eggerts Þóttir í Saurbæ á Rauðasandi. Um ítok og önnur réttindi segir:

Rifhrís er þar til eldiviðar lítið, en skóg brúkar ábúandi með leyfi í Vatnsdal.<sup>228</sup>

Hinn 21. júní 1742 seldi Ormur Daðason sýslumaður Ólafi Árnasyni sýslumanni 20 hndr. í Vaðli með öllum gögnum og gæðum. Ekki er fjallað um afmörkun jarðarinnar í kaupbréfinu.<sup>229</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 26. apríl 1777 léti Einar Ögmundsson lesa upp vitnisburði tveggja manna um landamerki Vaðals. Í framhaldinu lögfesti Einar jörðina Vaðal. Ekki er fjallað um efni lögfestunnar eða afmörkun jarðarinnar.<sup>230</sup>

<sup>223</sup> ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráð safn, P/25, landskiptabók Vestur-Barðastrandarsýslu 1941–1962, bls. 9–10.

<sup>224</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VI, bls. 270.

<sup>225</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 55.

<sup>226</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 180.

<sup>227</sup> Pétur Jónsson, „Barðastrandarhreppur“, bls. 72–73.

<sup>228</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* VI, bls. 276–277.

<sup>229</sup> ÞÍ, Jarðaskjöl Barðastrandarsýslu, Vaðall (kaupbréf, 21. júní 1742).

<sup>230</sup> ÞÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/1-2, Dóma- og þingbók 1776–1790, án bls., manntalsþing 26. apríl 1777.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 11. apríl 1792 var upplesið gjafabréf Davíðs Schevings sýslumanns, dags. 15. febrúar sama ár, hvar hann gaf jörðina Lægri-Vaðal á Barðaströnd, 20 hndr. að dýrleika, til fátækra og þurfamanna á Barðaströnd til ævinlegra nota með tveimur kúgildum.<sup>231</sup> Sama bréf var upplesið 20. júlí 1792 á Alþingi við Öxará.<sup>232</sup>

Alþingisbók 1792; gjafabréf Davíðs Schevings sýslumanns fyrir Neðri-Vaðal til fátækra þurfamanna á Barðaströnd.

Í jarðamatí Barðastrandarsýslu árið 1804 er jörðin Vaðall skráð sem fátækra jörð, alls 30 hndr. að dýrleika.<sup>233</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 22. júlí 1814 var upplesið kaupbréf, dags. 5. mars 1814, hvar Davíð Scheving sýslumaður seldi jörðina Neðri-Vaðal til Guðmundar Sigmundssonar á Litlu-Hlíð.<sup>234</sup>

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd hinn 24. júní 1830 var upplesið kaupbréf, dags. 17. september 1829, hvar Guðmundur Sigmundsson á Litlu-Hlíð afsalaði jörðinni Neðri-Vaðli, 10 hndr. að dýrleika, til Jóns Halldórssonar á Sellátrum.<sup>235</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 24. júní 1837 voru upplesin landamerki jarðarinnar Hamars á Barðaströnd. Minnst var á landamerki milli Hamars og Vaðals þegar Porkell Gunnlaugsson bjó á Hamri og Guðmundur Sigmundsson bjó á Neðri-Vaðli. Landamerkjum Hamars er þannig lýst í dóma- og þingbókinni:

1° ad utannverdu á hún úr Skilavog midium i Skirkolla kletta þadann eftir Bergiabrúninni fyrir utan Hamars Tún, þadann bejnt i Þórdarkinnarhögg, af Þórdarkinnarhöggi frammeftir dalnum eftir so kölludumm Hnjótum, nedann til vid heyveg, og ?? ?? frá Hamri, frammí dalinn, þadann í Vídirhvamm fram til, þadan eftir Hagabrún framm í lækiarskard, og hagana alla frá fiallbrún. 2° ad nedann og innanverdu, Brandshólma úr Krókunum eftir Bugabrecku, í Grundarhlóla, úr Endanum á þeim, bejnt til Sióar, og innad Hvalkrók, sem er innre krókurinn úr Sandinum uppí Backana, þadann þvert í lágina, sem er í midt Brunnaleiti, og Hlýdina alla þadann út eftir fremmst í Skógarbrecku framm vid Katla Gil heim í nærstu lækiarsvad, efst í Brecku Brúninni, hvadann lækiarsitra rennur, ofanní ána.

Hafdi hr. Gunnlögsen heisrif, þegar hann var á Hamri. Framannnefnd landamerki er greindist á eldstu kunnugra og grejndra manna vitnisburdum, ?? landamerki mille Hamars og Vadals, þegar Gunnlögsen á Hamri var og Guðmundur heitinn Sigmundsson bió á Nedra Vadli; enn umm peníngs

<sup>231</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/1-3, dóma- og þingbók 1791–1804, bls. 55.

<sup>232</sup> *Alþingisbækur Íslands = Acta Comitiorum Generalium Islandiae XVII (1791–1800)*, Reykjavík: Sögufélag, 1990, bls. 96.

<sup>233</sup> Jarðamat Barðastrandarsýslu 1804, opna 59.

<sup>234</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-1, dóma- og þingbók 1804–1815, bls. 131r.

<sup>235</sup> PÍ, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/2-3, dóma- og þingbók 1827–1833, án bls., manntalsþing 24. júní 1830.

Samgaungu mille Hamars og Vadla kom aldrey til afskifta mille nábýlismanna. Ei heldur um Torfristu, hvört heldur ? var brúkud ???<sup>236</sup>

Í *Jarðatali á Íslandi* eftir J. Johnsen frá 1847 er jörðin Vaðall neðri (lægri) metin á 20 hndr. að dýrleika. Hún er skráð sem bóndaeign. Jörðin Vaðall efri (hærri) er hins vegar skráð sem fátækraeign og metin á 10 hndr.<sup>237</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 26. júní 1848 lýsti Sigurður Sigurðsson smiður kaupbréfi, dags. 5. apríl 1847, hvar hann keypti 12 hndr. í Vaðli af Jóni Halldórssyni.<sup>238</sup>

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 5. júlí 1855 var upplesinn vitnisburður um landamerki Hærri- og Neðri-Vaðals.<sup>239</sup>

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd hinn 11. júlí 1864 var upplesið kaupbréf til Árna Bjarnasonar á Sveinseyri, dags. 5. desember 1862, á hlut í jörðinni Vaðli eða 10 hndr. að fornu mati.<sup>240</sup>

Landamerkjaskrá frá 1890:

Landamerkjabréf á jörðunum Efri og Neðri Vaðall á Barðaströnd jarðir þessar eiga saman óskipt land. Landamerki gagnvart Hamri:

Lína dregin úr Neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett þaðan beina sjónhending í Ísfirðingavörðu á Þórðarkinnarhöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrrinum á Kikafellinu. Allt miðað frá sömu vörðu.

2. Úr Breiðakrók eða öðru nafni Fúlakrók eftir honum sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhending í Grundarhló, sem myndar beina línu í Grundarbrún og þaðan beina línu í Hvalkrók til svávar.

Landamerki gagnvart Krossi samkvæmt lögfestu fyrir Vaðli frá 7. sept. 1810.

Eftir landamerkjunum að neðanverðu rennur lækur um svo kallaðar Krossurðir og í gegnum Orminn þaðan eftir holtunum ofan eftir landamerkjálág ofan til sjávar í Vaðalinn fyrir utan Réttarnes. Að ofan eru landamerkin þar sem Urðarlækur hefur upptök sín, þaðan þvert á fjall í Girðisbrekku og beint þaðan í þverárkika úr þeim kika í Hosuhlíðarvatn þaðan norður á fjallsbrún. Í tak er aðeins hálf selveiði í Selapætti í Hagavaðli.

Staddur að Hamri 19. október 1889 í umboði hreppsins og Árna Bjarnasonar á Felli í Tálknafirði Guðmundur Jónsson vegna Hamars Jakob Aþaníusarson oddviti Guðmundur Jónsson vegna Hamars Guðmundur Jónsson vegna Hvamms. Að því er jörðin Krók snertir, samþykki ég undirskrifaður landamerkjabréf þetta.

Brjánslæk 10. apríl 1890.

<sup>236</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 66v–67r.

<sup>237</sup> J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 180.

<sup>238</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 215r.

<sup>239</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/4-1, dóma- og þingbók 1852–1857, bls. 200.

<sup>240</sup> *PÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, GA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 38.

Þorvaldur Jakobsson. Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr. A. sub. nr. 137 bls. 76-77. Vottar A.L.E .Fischer sýslumaður.

Á manntalsþingi að Vaðli á Barðaströnd hinn 20. júní 1913 var þinglýst afsal fyrir 10 hndr. í Neðri-Vaðli.<sup>241</sup>

#### 4.4. Rauðasandshreppur

##### 4.4.1. Bæjarbjarg

i. *Bær (réttindi)*

Í Jarðabók segir m.a. um Saurbæ á Rauðasandi:

Kirkjan á bjarg fyrir innan Látrabjarg (vide alibi). Þar í fuglaveiði með mannhættu, og hvannatekja í meira lagi.<sup>242</sup>

Í landamerkjabréfi Bæjar í Rauðasandshreppi, dags. 18. júní 1886, er heimalandi jarðarinnar fyrst lýst, og svo er getið þeirra landsparta og kirkjuítaka sem Bæjarkirkju eru eignuð annars staðar. Þar segir svo í lið 4:

4: Landamerki Bæjarkirkjuítaks í Látrabjargi: Ítak þetta er nú kallað Bæjarbjarg og eru merkin þessi: að vestanverðu í miðja Saxagjá eftir þeirri stefnu, sem hún liggur frá sjó upp bjargið svo að norðaustanverðu eftir vatnshalla suður af fjallinu fyrir norðan Djúpadal austnorðan að línu þeirri er hugsast dregin lóðrétt frá sjó upp bjargið upp með vestari rönd grasflesis þess sem kallað er Melalykkja upp yfir bjargið, og eftir sömu stefnu yfir Geldingsskorardal á fjall upp svo langt norðvestur, sem vötnum hallar suður af fjallinu.

ii. *Hvallátur (Látur)*

Í Jarðabók segir m.a. um Látur:

Hlunnindi eru þar. Eggver og fuglaveiði í Látrabjargi og Látranúp (alias Bjarnarnúp), sem er á milli Látra og Breiðuvíkur, óþróttandi, en verður eftir að síga, og er mannhætta.<sup>243</sup>

Landamerkjabréf Hvallátra er dags. 27. júní 1889 og hljóðar svo:

Landamerkjalýsing jarðarinnar Hvallátra í Rauðasandshreppi. Landamerkin eru að sunnanverðu Laxagjá eins og hún liggur skýr upp frá sjó á Bjargbrún og eftir sömu stefnu svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu. Síðan eru merkin norður eftir vatnshalla fyrir botn Látradals yfir Klofavörðu og svo vestur kjölinn eftir vatnshalla milli Látradals og Breiðuvíkur og vestur í Núp þann, sem kallaður er Bjarnarnúpur og í gjá þá í núp þann, sem kölluð er Bjarnargjá og eftir henni til sjáfar. Hvallátrar eiga engin ítok í annara jarða löndum, en Bæjarkirkja á 10da hverja vætt ag öllum þeim hvöllum sem reka upp á Látraland. Sauðlauksdalskirkja á og eftir máldagabók Gísla biskups Jónssonar „ LX

<sup>241</sup> *ÞÍ*, Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, óskráðGA/3-1, dóma- og þingbók 1835–1866, bls. 81–82.

<sup>242</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 299.

<sup>243</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 311.

sauðabeit til Látra um vetur og Sölvafjöru fyrir VI manna íferð ítem bjarg tollaust til fylginga og eggja efra og neðra í tem skip tollaust teinar og minni.

*iii. Breiðavík*

Í Jarðabók segir m.a. um Breiðuvík:

Egg og fugl eru nóg í Bjarnarnúp (Látranúp), en þángað er nú mesta mannhætta að gánga og síga.<sup>244</sup>

Landamerkjabréf Breiðuvíkur er dags. í maí 1889. Þar segir:

Breiðavíkur landamerki að norðanverðu eru: Í sker það undir svokölluðum Breið sem kallað er Landamerkjasker beint upp Breiðinn yfir Landamerkjahrygg svokallaðann og beint á fjall upp og svo eftir vatnshalla eftir kjöl þeim sem liggur milli Breiðuvíkur og Vatnadals og eftir vatnshalla milli Örlygshafnar og Breiðuvíkur alt inn í Brúðgumaskarð og svo eftir vatnshalla milli Keflavíkur og Breiðuvíkur og enn eftir vatnshalla milli Látradals og Breiðuvíkur vestur á núp þann sem heitir Bjarnarnúpur og í gjá þá sem liggur beint ofan núp þennan til sjávar og sem kölluð er Bjarnargjá. Svo á Breiðuvík bjargspart í bjarginu sem að vestanverðu nær í vestari rönd Melalykkju beint frá sjó upp bjargið yfir miðjann Þorsteinhvamm á fjall upp svo langt norður sem vötnum hallar: En að austan verðu eru merkin milli Breiðuvíkur og Keflavíkur í Raufahrygg og sker það, sem ofanundan honum er í fjörunni og beint upp og norður á fjall svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu. Breiðuvík á engin ítok í annara manna löndum og aðrar jarðir eiga ekki ítok í landi Breiðavíkur nema Bæjkirkjan á tíundi hverja vætt af hvöllum þeim sem þar reka eins og af hvöllum þeim sem reka annarsstaðar í hreppnum.

## 5. KRÖFULÍNUR OG RÖKSEMDIR

### 5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau svæði sem hér fara á eftir teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 10c eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði sem verður greint frá hér á eftir. Í eftirfarandi umfjöllun um þjóðlendukröfulínur íslenska ríkisins er vikið stuttlega að helstu heimildum er styðja afmörkun þjóðlendukröfulína og sjónarmiðum er búa að baki þeirri afstöðu íslenska ríkisins að um svæði utan eignarlanda sé að ræða. Vísast hér að öðru leyti til fyrri umfjöllunar í kröfulýsingu þessari, þar sem frekari heimilda er getið, þ.á m. um landnám á svæðinu. Eftirfarandi umfjöllun byggir á þeim heimildum er liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í

---

<sup>244</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla (VI. bindi), bls. 313.

þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

## 5.2. Hvannahlíð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hvannahlíð* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.1 sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sýslumörkum beint norður af upptökum Fremri-Fjalladalsár (**1**). Þaðan bein sjónhending í upptök Fremri Fjalladalsár og ánni fylgt suður eftir Andrésargili og Ísfirðingagili í Porskafjarðará og að þeim stað sem Grjótá rennur í Porskafjarðará (**2**). Grjótá er fylgt frá þeim stað sem hún rennur í Porskafjarðará upp í mitt Grjótárvatn (Múlavatn) (**3**). Frá miðju Grjótárvatni (Múlavatni) norður eftir fjallinu á vatnaskilum milli Kollabúðardals (og Ísfirðingagils) að norðan og Þorgeirsduals að vestan í svonefnda Heimri-Fjalladalsá (**4**). Þaðan eftir hæstu Prepskjöldunum norður að sýslumörkum og vatnaskilum (**5**). Þaðan norður eftir sýslumörkum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst litið til lýsingar á landsvæðinu Hvannahlíð í landamerkjabréfi Reykhóla í Reykhólahreppi, en þar er Hvannahlíðar getið meðal eigna kirkjunnar. Þar segir n.t.t.:

Ennfremur skal getið þeirra eigna kirkjunnar ... Sama kirkja á og svo óbyggt land fram úr Porskafjörði sem nefnd er Hvannahlíð með þeim umerkjum samkvæmt. Vitrnisburðum bræðrana Brands Sumarliðasonar f. 8. júlí 1883 og Sumarliða gullsmiðs í Ædey f. 6. okt. [innskot á spassíu: upp á hæðst Hvannaheiðarfjall og eftir hæðstu hryggjum þess ræður á svonefndan gölt] eftir því sem Porskafjarðará ræður. Fram Ísfirðingagil og Andrésargil fyrir sunnan svonefndan Gölt og fram eftir fjallsánnri norður á heiði skilja ár þessar lönd Hvannahlíðar og Kollabúða, en að neðan skilur Grjótá lönd millum nefndrar Hvannahlíðar og Múlakots upp í svonefnt Grjótárvatn og þaðan ofan eftir fjallinu á svonefnda heimari þrepskildá eftir því sem vötnum hallar á báðar síður til Ísfirðingagils að norðan og Þorgeirsduals að vestan og eftir Prepskjöldunum hæðstu norður á fjöll.

Afmörkun þjóðlendukröfulínu styðst einnig við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, en um er að ræða jarðirnar Kollabúðir, sem er aðliggjandi til austurs, Múla (Múlakot), sem er aðliggjandi til suð-vesturs, og Djúpidal, sem er aðliggjandi til vesturs.

## 5.3. Skálmardalsheiði

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Skálmardalsheiði* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.1 sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m. hæð sunnan við Glámu (**1**).

Þaðan suður eftir hreppamörkum Vesturbýggðar og Reykhólahrepps í punkt í 642 m. hæð norður af Kjálkavatni (2). Þaðan er línan dregin beint í austur í punkt í 491 metra hæð (3) og þaðan norðaustur í punkt í 558 metra hæð (4). Þaðan beint austur fyrir sunnan Djúpavatn í Rauðuborg (5). Þaðan beint til sýslumarka, sem fylgt er vestur í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við lýsingar í landamerkjabréfum jarðanna Skálmardal, Vattarnes og Skálmardalsmúla í Skálmarfirði og jarðanna Fjarðar og Kirkjubóls í Kerlingafirði og Litlanes í Kjálkafirði, sem eiga það sameiginlegt að þar er merkjum inn til landsins (til norðurs) ekki lýst eða lýst með takmörkuðum hætti. Er því miðað við að jarðirnar hafi ekki talið til eignarréttar það svæði er fellur innan kröfulínu (punktar (3)-(5)), heldur einungis svæði sem nær til Skálmardals, Vattardals og Mjóafjarðar.

Jafnframt er litið til afmörkunar á kröfusvæðinu Vatnsfjörður, sjá kafla 5.5, sem er aðliggjandi kröfusvæðinu til vesturs (punktur (1)-(2)), og til afmörkunar á kröfusvæðinu Auðshaugslund, sjá kafla 5.4, sem mætir kröfusvæðinu til suðvesturs (punktur (3)). Ennfremur er litið til afmörkunar á jörðunum Klettur og Seljalaland í Kollafirði í landamerkjabréfum þeirra jarða, sem eru aðliggjandi kröfusvæðinu til austurs (punktur (5)), sem og til afmörkunar á jörðunum Illugastaðir í Skálmarfirðir og Kvígindisfjörður í Kvígindisfirði, sem eru þó ekki aðliggjandi kröfusvæðinu.

#### 5.4. Auðshaugslund

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Auðshaugslund í Kjálkafirði* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.1 sé þjóðlenda innan eftifarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (1). Þaðan suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (2). Úr Krókavatni er Þverá fylgt til sjávar (3) og þaðan eftir strandlengjunni í Skiptá, þar sem hún rennur í sjó (4). Skiptá er síðan fylgt upp í Skiptárvötn (Djúpavatn á korti) (5). Þaðan er hreppamörkum fylgt í upphafspunkt norður af Kjálkavatni í 642 metra hæð.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við lýsingu á Auðshaugslundi í sameiginlegu landamerkjabréfi jarðanna Auðshaugs og Auðna á Hjarðarnesi í Barðastrandahreppi frá 10. maí 1889. Þar er fyrst lýst landamerkjum Auðshaugs, síðan landamerkjum á milli Auðshaugs og Auðna á Hjarðarnesi, þannig að Brúará skilji á milli jarðanna. Jörð Auðna nái síðan frá Brúará að Þverá og upp í Krókavötn. Síðan segir:

Þá tekur aftur við Auðshaugslund frá ofansögðum merkjum allt að Skiptá, ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugslund frá Litlanesi í Múlasveit, heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eftir fyrsögðu.

Svonefndu Auðshaugslandi er því lýst aðskildu frá landi jarðanna Auðshaugs og Auðna.

Við afmörkun kröfulínu er jafnframt horft til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Litlanes í Kjálkafirði, sem er aðliggjandi til suðurs, og Fjörð og Kirkjuból í Kerlingafirði, sem eru þó ekki aðliggjandi. Ennfremur er horft til afmörkunar á kröfusvæðunum Vatnsfjörður, sbr. kafla 5.5, og Skálmardalsheiði, sbr. kafla 5.3, sem eru aðliggjandi til vesturs og austurs.

### 5.5. Vatnsfjörður

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Vatnsfjörður* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.2 sé þjóðlenda innan eftifarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á hátindi Klakks (1). Eftir það er sýslumörkum fylgt austur til þess staðar þar sem eru hreppamörk Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m. hæð sunnan við Glámu (2). Þaðan suður eftir hreppamörkum Vesturbyggðar og Reykhólahrepps í punkt í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (3). Frá þeim punkti suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (4). Þaðan áfram suður eftir hábrún Auðnaaxlar og þaðan til vesturs eftir vatnaskilum yfir grjótholtin Kletthól og lítið leirtjarnardrag í þann krök í árgili Uppsalaár sem beygist þvert til suðurs (5). Þaðan er Uppsalaá fylgt til sjávar (6) og strandlengjunni þaðan fylgt að ósi Eiðisár (7). Eiðisá er fylgt til upptaka (8) og þaðan bein sjónhending í upptök Pennár (9) og henni fylgt til sjávar (10), þaðan sem strandlengjunni er fylgt að ósi Grenjadalsár (11), sem fylgt er að upptökum (12) og þaðan bein sjónhending í upptök Mikladalsár/Pverár (13). Mikladalsá/Pverá er fylgt til sjávar og strandlengjunni í Stekkjarlæk þar sem hann rennur til sjávar (14). Þaðan sjónhending í Hestmúla og Hestmúla fylgt þar sem hann er hæstur að Lækjarskarði (15). Þaðan bein sjónhending yfir í hátind Pverfells (16) og þaðan norður í átt að Lækjarheiði og þaðan stefna í hátind Búrfells (17). Frá hátindi Búrfells er farin bein sjónhending til sýslumarka (18), sem er fylgt í upphafspunkt á hátindi Klakks.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst miðað við afmörkun á friðlandi í Vatnsfirði í auglýsingu nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði, er samþykkt var í menntamálaráðuneytinu þann 25. mars 1975. Þar er mörkum hins friðlýsta svæðis lýst svo:

Með Pverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettin Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan

skemmmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.

Innan þjóðlendukröfulínu er síðan jafnframt svæði sem nefnt er Brjánslækjartorfa og liggur vestan við friðlandið samkvæmt framangreindri friðlýsingu. Við afmörkun þess svæðis er horft til landamerkjabréfa fyrir jörðina Vaðal (Efri- og Neðri-Vaðall) sem er aðliggjandi til vesturs. Að öðru leyti styðst afmörkun þess svæðis sem nefnt er Brjánslækjartorfa við þær takmörkuðu lýsingar sem hafa fundist á landamerkjum jarða í eigu Brjánslækjarkirkju í suðvestanverðum Vatnsfirði.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er tekið tillit til þess að innan afmörkunar friðlandsins samkvæmt framangreindri auglýsingu falla jarðirnar Þverá og Hella í Vatnsfirði, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum þeirra jarða. Þjóðlendukröfulínu er því lýst þannig að jarðirnar Þverá og Hella falli þar utan, með því að svæði á milli Eiðisár og Pennár annars vegar og á milli Grenjadalsár og Þverár hins vegar (frá ósum að upptökum) falla utan kröfulýsingar.

Innan þjóðlendurkröfulínu fellur svæðið Uppsalir, er var jörð er lagðist í eyði og er afmörkun hennar óþekkt. Ekki hefur fundist landamerkjabréf eða aðrar ritaðar heimildir um landamerki Uppsala.

Eins hafa ekki fundist landamerkjabréf eða aðrar ritaðar heimildir um jörðina Brjánslæk, er gefa til kynna að svæði innan kröfulýsingarsvæðis teljist til eignarlands. Þrátt fyrir að í auglýsingu nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði sé vísað til landamerkja Brjánslæks og landa Brjánslæks og Uppsala er því litið svo á að svæðið, eins og það er afmarkað af þjóðlendukröfulínu, sé ekki innan eignarlanda.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er enn fremur horft til afmörkunar á kröfulínnum vegna Skálmardalsheiði og Auðshaugslands, sjá kafla 5.3 og 5.4, sem eru aðliggjandi til austurs. Þá er horft til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Auðnir, Auðshaug og Fossá á Hjarðarnesi í Kjálkafirði og Vatnsfirði. Um austur- og suðurmörk á Hjarðarnesi vísast því til umfjöllunar um þjóðlendukröfusvæðið Auðshaugsland í kafla 5.4.

## 5.6. Bæjarbjarg

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Bæjarbjarg* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.4.1 sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við sjó í miðri Saxagjá (**1**). Saxagjá er fylgt frá sjó og upp á bjargið (**2**) og svo austur eftir vatnshalla suður af fjallinu fyrir norðan Djúpadal allt í hæsta punkt á fjalli fyrir norðan Geldingsskorardal (**3**). Þaðan lóðrétt suður til sjávar (**4**) og strandlengjunni síðan fylgt vestur í upphafspunkt í miðri Saxagjá.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Bæ í Rauðasandshreppi á merkjum svonefnðs Bæjarkirkjuítaks í Látrabjargi. Þar er merkjum Bæjarkirkjuítaks lýst þannig:

Ítak þetta er nú kallað Bæjarbjarg og eru merkin þessi: að vestanverðu í miðja Saxagjá eftir þeirri stefnu, sem hún liggar frá sjó upp bjargið svo að norðaustanverðu eftir vatnshalla suður af fjallinu fyrir norðan Djúpadal austnorðan að línu þeirri er hugsast dregin lóðrétt frá sjó upp bjargið upp með vestari rönd grasflesis þess sem kallað er Melalykkja upp yfir bjargið, og eftir sömu stefnu yfir Geldingsskorardal á fjall upp svo langt norðvestur, sem vötnum hallar suður af fjallinu.

Jafnframt er litið er til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Hvallátra og Breiðavík, sem eru aðliggjandi þjóðlendukröfusvæðinu.

## 6. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR

Að öðru leyti en að framan greinir hafa ekki fundist dómar eða aðrar úrlausnir er varða kröfusvæðið sem máli skipta.

## 7. KRÖFUGERÐ

### 7.1. Hvannahlíð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hvannahlíð* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sýslumörkum beint norður af upptökum Fremri-Fjalladalsár (**1**). Þaðan bein sjónhending í upptök Fremri Fjalladalsár og ánni fylgt suður eftir Andrésargili og Ísfirðingagili í Þorskafjarðará og að þeim stað sem Grjótá rennur í Þorskafjarðará (**2**). Grjótá er fylgt frá þeim stað sem hún rennur í Þorskafjarðará upp í mitt Grjótárvatn (Múlavatn) (**3**). Frá miðju Grjótárvatni (Múlavatni) norður eftir fjallinu á vatnaskilum milli Kollabúðardals (og Ísfirðingagils) að norðan og Þorgeirsdals að vestan í svonefnda Heimri-Fjalladalsá (**4**). Þaðan eftir hæstu Þrepskjöldunum norður að sýslumörkum og vatnaskilum (**5**). Þaðan norður eftir sýslumörkum í upphafspunkt.

### 7.2. Skálmardalsheiði

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Skálmardalsheiði* sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m. hæð sunnan við Glámu (**1**). Þaðan suður eftir hreppamörkum Vesturbyggðar og Reykhólahrepps í punkt í 642 m. hæð norður af Kjálkavatni (**2**). Þaðan er línan dregin beint í austur í punkt í 491 metra hæð (**3**) og þaðan norðaustur í punkt í 558 metra hæð (**4**). Þaðan beint austur fyrir sunnan Djúpavatn í Rauðuborg (**5**). Þaðan beint til sýslumarka, sem fylgt er vestur í upphafspunkt.

### 7.3. Auðshaugsland

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Auðshaugsland* í *Kjálkafirði* sé þjóðlenda innan eftifarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (1). Þaðan suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (2). Úr Krókavatni er Þverá fylgt til sjávar (3) og þaðan eftir strandlengjunni í Skiptá, þar sem hún rennur í sjó (4). Skiptá er síðan fylgt upp í Skiptárvötn (Djúpavatn á korti) (5). Þaðan er hreppamörkum fylgt í upphafspunkt norður af Kjálkavatni í 642 metra hæð.

### 7.4. Vatnsfjörður, friðland

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Vatnsfjörður* sé þjóðlenda innan eftifarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á hátindi Klakks (1). Eftir það er sýslumörkum fylgt austur til þess staðar þar sem eru hreppamörk Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m. hæð sunnan við Glámu (2). Þaðan suður eftir hreppamörkum Vesturbyggðar og Reykhólahrepps í punkt í 642 metra hæð norður af Kjálkavatni (3). Frá þeim punkti suður eftir vatnaskilum um Kjálkafjarðarvötn yfir í Krókavatn (4). Þaðan áfram suður eftir hábrún Auðnaaxlar og þaðan til vesturs eftir vatnaskilum yfir grjótholtin Kletthól og lítið leirtjarnardrag í þann krök í árgili Uppsalaár sem beygist þvert til suðurs (5). Þaðan er Uppsalaá fylgt til sjávar (6) og strandlengjunni þaðan fylgt að ósi Eiðisár (7). Eiðisá er fylgt til upptaka (8) og þaðan bein sjónhending í upptök Pennár (9) og henni fylgt til sjávar (10), þaðan sem strandlengjunni er fylgt að ósi Grenjadalsár (11), sem fylgt er að upptökum (12) og þaðan bein sjónhending í upptök Mikladalsár/Þverár (13). Mikladalsá/Þverá er fylgt til sjávar og strandlengjunni í Stekkjarlæk þar sem hann rennur til sjávar (14). Þaðan sjónhending í Hestmúla og Hestmúla fylgt þar sem hann er hæstur að Lækjarskarði (15). Þaðan bein sjónhending yfir í hátind Þverfalls (16) og þaðan norður í átt að Lækjarheiði og þaðan stefna í hátind Búrfells (17). Frá hátindi Búrfells er farin bein sjónhending til sýslumarka (18), sem er fylgt í upphafspunkt á hátindi Klakks.

### 7.5. Bæjarbjarg

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Bæjarbjarg* sé þjóðlenda innan eftifarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við sjó í miðri Saxagjá (1). Saxagjá er fylgt frá sjó og upp á bjargið (2) og svo austur eftir vatnshalla suður af fjallinu fyrir norðan Djúpadal allt í hæsta punkt á fjalli fyrir norðan Geldingsskorardal (3). Þaðan lóðrétt suður til sjávar (4) og strandlengjunni síðan fylgt vestur í upphafspunkt í miðri Saxagjá.

## 8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdu fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa inn á kröfukort nýja punkta í samræmi við örnefni, svo og til að gera breytingar á kröfum á einstökum svæðum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyssinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfuggerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfum, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 15. apríl 2019,  
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,



Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Meðfylgjandi:

- kröfukort vegna svæði 10c.
- fylgiskjöl, sbr. fskj. lista.

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

**Skjalaskrá með kröfulýsingu íslenska ríkisins ásamt viðkomandi skjölum:**

[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C\\_riki-skjalaskra.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C_riki-skjalaskra.pdf)

**Tilvísanaskrá með kröfulýsingu íslenska ríkisins ásamt viðkomandi gögnum:**

[https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C\\_riki-tilvisanaskra.pdf](https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/10C_riki-tilvisanaskra.pdf)



# ERINDI TIL ÓBYGGÐANEFDAR<sup>1</sup>

Erindi þetta er kröfugerð send í tilefni af tilkynningu óbyggðanefndar í Lögbirtingablaðinu þann 30. apríl 2019, um kröfur ríkisins um þjóðlendur á svæði 10C, Barðastrandarsýlu, sem óbyggðanefnd tók til meðferðar í nóvember 2018. Þegar þetta er ritað er sagt frá þessu á [vef óbyggðanefndar](#). Meðal krafna ríkisins um þjóðlendur er sá hluti Látrabjargs sem nefndur er Bæjarbjarg.

Einnig er vísað til upplýsinga um [málsmeðferð](#), [undirbúning málsaðila](#), og [kostnað vegna starfa nefndarinnar](#), sem má finna á vef nefndarinnar, auk skjalsins [Almennar niðurstöður óbyggðanefndar](#). Um þjóðlendur og hlutverk óbyggðanefndar er fjallað í [lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu](#) (þll.).

## FÉLAGIÐ BJARGTANGAR

Bjartangar er félag land- og sumarbústaðaeigenda á Hvallátrum við Látrabjarg. Í samþykktum félagsins er þess getið að tilgangur félagsins sé að „gæta sameiginlegra hagsmunu og réttinda félagsmanna varðandi eignir á Hvallátrum, og marka stefnu um vernd og vörslu lands, náttúru, minja og nytja á Hvallátrum og Látrabjargi“.

Í samræmi við tilmæli óbyggðanefndar um að hagsmunaðilar vinni saman að málum kemur félagið Bjartangar fram í þessari kröfugerð fyrir hönd landeigenda Hvallátra.

## AÐILD LANDEIGENDA HVALLÁTRA

Landeigendur Hvallátra telja sig eigendur að landi því sem nefnt er Bæjarbjarg í kröfugerð ríkisins, og eru því aðilar að meðferð óbyggðanefndar í samræmi við 10. gr. þll. Þessi eignarréttur byggir m.a. á [lögum um lausn ítaka nr. 113/1952](#), en vegna vanlýsingar féll Bæjkirkjuítakið niður í samræmi við lögini.

Til að einfalda vinnu óbyggðanefndar verður í þessari kröfu talið fullnægjandi að leiða út að Bæjarbjarg sé eignarland í skilningi 1. gr. þll., og farið er fram á að óbyggðanefnd taki ákvörðun til staðfestingar því í samræmi við 7. gr. laganna. Ekki er tilefni til að nefndin taki afstöðu til hugsanlegs ágreinings um hvernig eignarhaldinu er háttáð, enda fellur það utan hlutverks nefndarinnar, sem er lýst í 7. gr. þll. Sé þess hins vegar óskað að gerð sé frekari grein fyrir þessu, geta landeigendur orðið við því.

## LANDNÁM ÞÓRÓLFS SPARAR

Í Landnámu (Sturlubók) segir svo frá í 47. kafla<sup>2</sup>:

„Þórólfur spör kom út með Örlygi og nam Patreksfjörð fyrir vestan og víkur fyrir vestan Barð nema Kollsvík; þar bjó Kollur fóstbróðir Örlygs. Þórólfur nam og Keflavík fyrir sunnan Barð og bjó að Hvallátrum.“

<sup>1</sup> Erindi þetta er uppfært frá upphaflegu erindi sent óbyggðanefnd þann 15. ágúst 2019.

<sup>2</sup> Textinn er tekinn úr Landnámu í útgáfu Fornritafélagsins, en stafsetning færð til nútímavenju.

Ekki er munur sem skiptir máli í texta meginhandrita Landnámu, en í Melabók er þó sagt að víkurnar séu fyrir *norðan* Barð, sem á óneitanlega betur við. Í þessum texta felst því ótvíraett að undir landnám Þórólfs sparar fellur allt Látrabjarg<sup>3</sup> frá Bjartöngum að Keflavík, sem og jarðirnar sem í dag heita Keflavík, Hvallátrar og Breiðavík, og töluvert stærra svæði. Einnig er áréttat að Þórólfur bjó að Hvallátrum og af lýsingu landnáms hans leiðir að enginn vafi er á því að hann hefur nýtt sér og eignað sér hinum gjöfum nytjar Látrabjargs, enda hefur öll aðkoma að bjarginu frá mannabústöðum legið um um landnám hans. Allt fram á 20. öld var eggja- og fugltekja veigamikill hluti matarbúrs ábúenda Hvallátra og ein undirstaða þeirrar blómlegu byggðar sem þar var langt fram eftir þeirri öld. Því hefur að sjálfsögðu einnig verið eins farið á landnámstíma að bjargnytjar hafi verið ábúendum mikilvægar.

Það styrkir enn frekar stöðu Bjargsins sem hluta eignarlands landnáms Þórólfs sparar að landamerkjalyssingar eins og þær sem ritaðar voru á ofanverðri 19. öld, og vísað er til í kröfugerð ríkisins, lýsa landamerkjum jarðanna Hvallátra, Breiðuvíkur og Keflavíkur þannig að þær nái í sjó fram. Beinast liggur því við, að vegna mikilvægis bjargnytja hafi allt Látrabjarg verið hluti þeirra eignarréttinda sem mynduðust við landnámið, og er það í fullu samræmi við lýsingu Landnámu á landnámi Þórólfs sparar, sem tiltekur Bjargið sérstaklega sem hluta útmarka landnámsins. Því er ótvíraett að Bæjarbjarg er hluti landnáms Þórólfs sparar.

Bæjarbjarg getur því ekki verið þjóðlenda.

## BÆJARBJARG

---

Bæjarbjarg í kröfugerð ríkisins liggur því í landnámi Þórólfs sparar, þar sem stofnast hefur til eignarréttar í skilningi 3. kafla *Almennra niðurstaðna*, en þar segir sér í lagi í kafla 3.1:

„Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði.“

Síðar í sama kafla áréttar nefndin þetta svo með þessum orðum:

„Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýssingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar.“

Engin gögn eða heimildir liggja fyrir um að með nokkrum hætti hafi þessi hluti Látrabjargs, Bæjarbjarg, glatað eða verið fært úr stöðu sinni að vera hluti eignarlands, sem hún öðlaðist við landnám, enda liggur fyrir að Bæjarbjargs er ítrekað getið sem ítaks í mörg hundruð ár. Bæjarbjarg hefur heldur ekki verið afréttur eða almenningur, enda væri slíkt í andstöðu við að það væri ítak, sem er einkaréttarlegs eðlis, og engar lýsingar eru til um afrétt á þessu svæði, eða í Rauðasandshreppi yfir höfuð, en samkvæmt landamerkjalyssingunum frá ofanverðri 19. öld, nái jarðir hreppsins yfir allt land innan marka hans. Enginn vafi er því á því að um einkaréttarleg réttindi hefur verið að ræða á Bæjarbjargi frá landnámi fram á þennan dag.

Bæjarbjarg getur því ekki verið þjóðlenda.

---

<sup>3</sup> Látrabjarg var áður var nefnt Barð, en það heiti hefur síðar fest við berggang sem skagar út úr bjarginu skammt austan Bjartanga

## BÆJARKIRKJUÍTAKIÐ

---

Ítak gefur eindregið til kynna að um eignarland sé að ræða, þar sem það felur í sér t.d. nýtingu eða umráð í eignarlandi annars manns. Í 4. kafla *Almennra niðurstaðna* segir svo:

„Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinн öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu egnarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítok í landsvæðum sem ekki eru undirorpín beinum egnarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tímamann verið það“

Í fornbréfasafni (D.I. III., bls. 192-193) er máldagi Saurbæjkirkju á Rauðasandi, er þórarinn biskup Sigurðsson setti, frá árinu 1363, og annar (D.I. IV., bls. 149-150) frá árinu 1397 í Vilchinsbók. Í hvorugum þeirra er getið ítaks eða annarra réttinda Saurbæjar í Látrabjargi. Af umfjöllun um landnámið að ofan má því ráða að Bæjarbjarg hafi verið innan eignarlanda sem leiddu af landnámi þórólfs sparar. Síðasta setning ofangreindrar tilvitnunnar á því ekki við.

Eins og fram kemur í kröfulýsingu ríkisins eru réttindi Saurbæjkirkju í Bæjarbjargi fram komin þegar Jarðabókin er gerð og er þá greinilega um réttindi til bjargnytja að ræða, og síðan er ítakinu og afmörkun þess lýst í landamerkjabók frá ofanverðri 19. öld, og þar sérstaklega tekið fram að um ítak er að ræða. Rétt er að taka fram að þó að landamerkjabréfin lýsi landamerkjum ítaksins breytir það ekki stöðu þess sem ítaks. Réttindi Saurbæjkirkju hafa því myndast úr eignarlandi og verið einkaréttarlegs eðlis óslitið þar til þau féllu niður í samræmi við lög um lausn ítaka.

Að sama skapi leiðir af landamerkjabréfum jarðanna Hvallátra og Breiðuvíkur að þær ná í sjó fram og því rétt að álykta til samræmis að Bæjarbjarg liggi í eignarlandi.

Bæjarbjarg getur því ekki verið þjóðlenda.

## KRÖFUGERÐ RÍKISINS

---

Landeigendur Hvallátra hafa um áratugaskeið haldið til því til haga að Bæjkirkjuítakið hafi fallið niður með lögum um lausn ítaka nr. 113/1952, og mótmæltu m.a. á þeim forsendum viðskiptum sem leiddu til að ríkið telur sig hafa orðið eiganda ítaksins.

Ekkert er um það fjallað í kröfugerð ríkisins hvers eðlis ítakið eigi að vera, með hvaða hætti ítakssvæðið hafi verið skilið frá jörðinni Hvallátrum, eða hvernig hafi verið staðið að því, eða hvaða gögn liggja slíku til grundvallar. Ekki er heldur gerð grein fyrir því hvernig þetta eignarland geti orðið að þjóðlendu. Heldur er ekki fjallað um það af hálfu ríkisins hvers vegna ítakið eigi ekki að falla undir lög um lausn ítaka nr. 113/1952, eða hvort og þá á hvaða forsendum um væri um að ræða ítak í afrétti. Yfirhöfuð eru engin rök í kröfugerð ríkisins fyrir því að svæðið liggi eða hafi nokkurn tímamann frá landnámi legið utan eignarlanda. Í raun er ómögulegt að átta sig á því hvernig kröfugerðin á að byggja á þeim heimildum sem vísað er í og hvaða þýðingu tilvitnuð gögn kröfugerðarinnar hafa til að renna stoðum undir hana.

Einnig er rétt að benda á að Bæjarbjarg er ekki jörð og hefur aldrei verið, og gæti aldrei hafa verið, í ljósi staðhátta og aðstæðna. Í því samhengi er rétt að benda á að ítakið er ekki á skrá Ríkiseigna yfir jarðir í

eigu ríkisins. Ótvíráett er því að um er að ræða ítaksréttindi í „annarra jarða löndum“, eins og sagt er í landamerkjalýsingu Saurbæjar, og er því skv. lögum um lausn ítaka um eignarland Hvallátra að ræða.

Bæjarbjarg getur því ekki verið þjóðlenda.

## LOKAORD

---

Það er skýr afstaða landeigenda Hvallátra að Bæjarbjarg sé eignarland og tilheyri í raun Hvallátrum. Bæjarbjarg getur því ekki verið þjóðlenda. Í ljósi þess að um eignarland er að ræða, fara landeigendur Hvallátra fram á að óbyggðanefnd taki ákvörðun til staðfestingar því í samræmi við 7. gr. þjóðlendulaga.

15. nóvember 2019,

f.h. stjórnar Bjartanga,

Jón Pétursson, formaður

Hverafold 4,  
112, Reykjavík  
S: 899 5561

## HNITAMERKI HVALLÁTRA

Bréf þetta er viðauki við erindi félagsins Bjargtanga, f.h. landeigenda Hvallátra, sem sent var óbyggðanefnd 15. nóvember 2019. Hér er um að ræða lýsingu á landamerkjum jarðarinna Hvallátra eftir að ítak Bæjarkirkju í jörðinni féll niður samkvæmt lögum um lausn ítaka nr. 113/1952.

Af landmerkjunum má glöggt sjá að ítak Bæjarkirkju, sem stofnaðist til eftir lok 14. aldar, hefur verið tekið úr landnámi Þórólfs sparar, nánar tiltekið því landi sem nú fellur undir Hvallátra, því landamerki Hvallátra að Breiðavík, eins og leiða má af landamerkjabók frá lokum 19. aldar, liggja eftir hefðbundnum og nokkuð skýrum landfræðilegum kennileitum frá Bjarnargjá í Bjarnarnúpi, eftir kili (vatnaskilum) allt upp á Urðarhjalla og þaðan eftir skilum út á Eyjaskorarnúp, og svo línu þaðan niður í sjó um Melalykkju. Síðasta hlykkinn má reyna að skýra þannig að Melahilla, sem liggur þarna neðar í Bjarginu, félli að mestu Breiðavíkurmegin, enda aðgengileg og nytjuð þaðan.

Að ósk Óbyggðanefndar er hnitasetning þessi jafnframt send á Landform til uppráttar.

### HNITASKRÁ

Eftirfarandi hnit eru gefin upp í ISN93 hnitudum, eins og þau eru lesin af kortum hjá map.is, og með hæðarsetningum þegar það var unnt. Almennt gildir að punktarnir tengjast staðbundnum kennileitum sem hægt er að sjá á korti, eins og hæsta punkti eða hæðarmerktum punkti, og að merkin liggi að öllu jöfnu að öðru leyti eftir vatnaskilum, og má því hnika til út frá betri kortum til að það náist fram.

Hnitaskrá, lesist fyrst niður fyrri dálk, og svo áfram þann síðari.

A	N	Hæð	Lýsing	A	N	Hæð	Lýsing
248426	571072		Bjarnargjá	251037	568744	312 m	
248752	571091	206 m		251239	568408	316 m	
248505	570552	203 m		252307	567324	415 m	Urðarhjalli
249151	570138		Hálsvarða	251037	568744	312 m	
249705	569600			252933	566248		Eyjaskorarnúpur
250216	569255	284 m		252519	565917		Melalykkja

### LOKAORD

Í samræmi við tilmæli óbyggðanefndar um að hagsmunaaðilar vinni saman að málum kemur félagið Bjartangar fram í þessum viðauka fram fyrir hönd landeigenda Hvallátra.

21. nóvember 2019,

f.h. stjórnar Bjartangar,

Jón Pétursson, formaður

S: 899 5561





Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sími 520-5600, rikiseignir.is  
rikiseignir@rikiseignir.is

Reykjavík 11. nóvember 2019  
Tilvísun: RE19100012/10.9.7.139790

Efni: Ákvörðun Þjóðlendna á svæði 10 C (Barðastrandarsýslur)

Vísað er í kröfulysingu fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins á svæði 10 C (Barðastrandarsýslur) varðandi ríkisjarðirnar Brjánslækur 1, landnr. 139787 og Brjánslækur 2, landnr. 139790, Vesturbyggð. Ríkiseignir (Jarðeignir ríkisins) eru umráðendur fyrnefndra jarða f.h. Ríkissjóðs Íslands, landeiganda þessara jarða, og gætir hagsmuna þessara ríkisjarða.

Ríkiseignum barst bréf lögmanns Jóhanns P. Ágústssonar og Halldóru Ragnarsdóttur ábúenda Brjánslækjarjarðanna. Halldóra er dóttir Ragnars Guðmundssonar fyrrum ábúenda Brjánslækjarjarðanna. Í bréfinu koma fram áhyggjur ábúenda og gagnrýni á fram komna kröfulysingu fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ríkiseignir hafa skoðað athugasemdir ábúenda ríkisjarðanna Brjánslækur 1 og 2 efnislega. Vísað er í meðfylgjandi Minnisblað Ríkiseigna við þá efnislega yfirferð.

Með vísan í meðfylgjandi bréf lögmanns ábúenda, dags. 23. október sl., og meðfylgjandi Minnisblað og fylgigögn telja Ríkiseignir kröfulysing fjármála- og efnahagsráðuneytisins ekki vera í samræmi við fyrirliggjandi gögn Ríkiseigna.

Ríkiseignir gera því þessar athugasemdir sem koma fram í meðfylgjandi Minnisblaði, dags. 8. nóvember sl., og óska eftir að meðfylgjandi gögn verði yfirfarin við ákvörðun þjóðlendna á svæði 10 C.

Virðingarfyllst  
fyrir hönd Ríkiseigna



Óskar Páll Óskarsson



Marvin Ívarsson

## Minnisblað 8.11.2019

Marvin Ívars

Tilvísun í mál: RE19100012

## Brjánslækur á Barðaströnd – Þjóðlendumál 10 C

Brjánslækjarland er sagt hafa náð frá Uppsalaá um allan Vatnsfjörð og útfyrir Sauðanes milli Brjánslækjar og Arnórssstaða, til fjalla þangað til vötnum hallar til austurs, norðurs og vesturs. Gróflega mælt eru þetta um 22 þúsund hektarar, sem skýrir munnmæli um að land Brjánslækjar væri talið óþrjótandi. Öllum gömlum lýsingum sem lesnar eru ber að mestu leyti saman við þessa lýsingu á landi Brjánslækjar.


Aðrar jarðir og hjáleigur voru síðar stofnaðar eða teknar af þessu landi en þær eru í dag Uppsalir, Hella, Þverá, Moshlíð og Seftjörn, allt annað af upprunalegu landi Brjánslækjar ætti þar með að tilheyra Brjánslæk í dag.

Úr landi Brjánslækjar sem nefnt er Brjánslækjartorfan, hafa verið stofnaðar fjórar sumarhúsalóðir og innheimt lóðarleiga af þeim af hálfu landeiganda að Brjánslæk. Í landi Brjánslækjar (Hjallar) á milli Þverár og Hellu var stofnuð stór lóð undir orlofshúsbabyggð, fékk sú lóð nafnið Brjánslækur 2 lóð og er leigulóð í eigu landeiganda Brjánslækjar. Viðurkennt var af sveitarstjórn, Þjóðskrá og hjá sýslumanni að allar þessar lóðir væru á sínum tíma stofnaðar úr landi Brjánslækjar og að landeiganda Brjánslækjar hafi haft heimild samkvæmt því, til að stofna þessar lóðir og teljist eigandi þeirra í dag.

Í kröfulýsingu um þjóðlendu á þessu svæði er titt vitnað í að ekki sé fjallað eða lýst mörkum jarðarinnar Brjánslækjar við sölu eða eigendaskipti hennar í gegnum tíðina, en líklegt má telja að ekki hafi verið talin þörf á því þar sem stærð og mörk jarðarinnar væru öllum kunn, sbr. ofantalið.

Það er álit Ríkiseigna að þó ekki hafi verið þinglýst sérstakri lýsingu á öllu landi og mörkum Brjánslækjar þá eru margar aðrar heimildir sem styðja og veita upplýsingar um mörkin. Því er tekið undir bréf frá lögmanni ábúenda um að þarna sé gengið inná eignarland Brjánslækjar.

Meðfylgjandi loftmyndakort sýnir hófsama tillögu að mörkum eignarlands og þjóðlendu, tillaga sem gæti verið viðunandi fyrir ábúendur og landeiganda að jörðinni Brjánslæk ásamt hjáleigum. Með þessu væri um 4 þús/ha af upprunalegu landi Brjánslækjar eignarland en restin um 18 þús/ha væru þjóðlenda.



**MEGIN**  
LÖGMANNSSTOFA

Ríkiseignir,  
Borgartúni 7a,  
105 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2019.


**Efni: Ríkisjörðin Brjánslækur, Vesturbýggð.**

Til míni hafa leitað, Jóhann P. Ágústsson og Halldóra Ragnarsdóttir, ábúendur ríkisjarðarinnar Brjánslækjar, Barðaströnd, Vesturbýggðar, í tilefni af framkominni kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um þjóölendu á svæði 10 C (Barðastrandarsýslur). Kröfulýsing íslenska ríkisins sem sett er fram með vísan til 1. mgr. 10. gr. þjóölendulaga nr. 58/1998 hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu óbyggðanefndar. Þeir sem telja til eignarréttinda á svæðinu hafa frest til 15. nóvember 2019 til að gera athugasemdir við þjóölendukröfu íslenska ríkisins.

Samkvæmt fyrilliggjandi kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra er gerð krafa um að nánast allt land Brjánslækjarjarðarinnar verði þjóölenda, þ.m.t. að stórum hluta allt lálendi jarðarinnar til sjávar. Telja umbjóðendur mírir að slík krafa eigi sér fá fordæmi, þ.e. að jörð í byggð skuli nánast að öllu leyti gerð að þjóölendu. Viðbúið er að verði það niðurstaðan kunni það að hafa veruleg áhrif fyrir ábúð umbjóðenda minna á jörðinni, m.a. með hliðsjón af ákvæðum 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóölendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóölendna og afréttu.

Umbjóðendur mírir telja ástæðu til að vekja sérstaka athygli Ríkiseigna á fyrrgreindri kröfulýsingu og óska jafnframt eftir því að ríkiseignir gangi úr skugga um það hvort fyrrgreind kröfulýsing eigi að öllu leyti rétt á sér, en einungis þeir sem telja til eignaréttar á svæðinu gera gert athugasemdir til óbyggðanefndar. Þá óska umbjóðendur mírir, sem ábúendur jarðarinnar Brjánslækjar, einnig eftir skriflegri afstöðu ríkiseignar til þess hvort og þá með hvaða hætti það mun hafa áhrif á ábúð þeirra á jörðinni ef niðurstaða óbyggðanefndar verður á þá leið að jörðin verði að langstærstum hluta þjóölenda.

Virðingarfyllst,

  
Björn Jóhannesson, lögmaður



ALMENN RÁDGJÓF



FASTEIGNASALA



SLYSÁ- OG BÓTAMÁL

**Kröfulýsing  
til  
Óbyggðanefndar**

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar, dags. 15. apríl 2019, í Lögbirtingablaðinu 30. apríl 2019, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

**JÖRÐ:** Auðshaugur (lnr. 139779) Vesturbýggð.

**EIGANDI/EIGENDUR:** Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Bjarni Svanur Kristjánsson kt. 101058-6039  
Valgerður Ingvadóttir kt. 160863-4479

**MÁLFLUTNINGSUMBOÐ:** Undirritaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda

**KRÖFUGERÐ:** Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Auðshaugar**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjrabréfi fyrir Auðshaug og Auðnir frá 10. maí 1889 þar sem segir:

- a: *Milli Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakkanum, þaðan ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar*
- b: *Milli Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar.*
- c: *Þá tekur við Auðnaland og nær að Þverá sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eftir sem vötnum hallar.*
- d: *Þá tekur aftur við Auðshaugsland frá ofangsöðgum merkjum allt að Skiptá, ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesi í Múlasveit, heyrir þannig allur*

*Kollaffjödrur að innanverðu undir Auðshaug eftir fyrsgögðu. Engar jarðir eiga lönd ofanritaðra jarða.*

Jafnframt er þjoðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjoðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

#### MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist í apríl 2019 var skorað á eigendur jarða í Barðastrandarsýslu, þ.m.t. eigenda ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

#### SAGA JARÐAR:

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hntr. er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Auðshaugur, 24 hntr. að dýrleika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.

Hinn 4. desember 1576 gerði Guðmundur Jónsson kunnugt að hann hafi selt Eggerti Björnssyni jörðina Melanes, 20 hntr. að dýrleika. Einnig greiddi Guðmundur Eggerti önnur 4 hntr. Hér í móti greiddi Eggert Guðmundi jörðina Auðshaug, 24 hntr. að dýrlcika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.

Hinn 24. apríl 1582 seldi Jón Björnsson Magnúsi Jónssyni alla jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi. Hér með heimilaði Jón Magnúsi að allt fé sem þar kynni að finnast og eigi fyndist eigandi að, yrði eign Magnúsar. Hér í móti gaf Magnús alla jörðina Hlíð í Porskafirði, jöfn að dýrleika. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar.

Hinn 14. maí 1582 seldi Magnús Jónsson Gvendi Jónssyni alla jörðina Auðshaug á Hjarðarnesi. Hér með heimilaði Magnús Gvendi að allt fé sem þar kynni að finnast og eigi fyndist eigandi að, yrði eign Gvends. Hér í móti gaf Gvendur Magnúsi 24 hntr. í jörðinni Hænuvík.

Hinn 16. maí 1634 meðkenndi Björn Magnússon að hann hafi gefið bróður sínum, Guðmundi Jónssyni, 20 hntr. í jörðinni Auðshaug í löggjöf sína og fyrir elskusemi og auðmjúka þénustu sem Guðmundur hafði jafnan auðsýnt sér, en með því skilyrði að nefnd 20 hntr. rynnu aftur til Björns auðnaðist Guðmundi

ekki að eignast skilgetið barn. Einnig tilskildi Björn að Guðmundur sýndi sér sömu ástsemi, hollustu og aðstoð og hann hafði áður gert. Loks fyrir þau 4 hndr. sem Auðshaugur væri dýrari en áður var um skrifað, þá tilskildi Björn að Guðmundur fengi honum 5 hndr. í Geitagili í Sauðlauksdalskirkjusókn.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala- og Barðastrandarsýsla, segir m.a. um jörðina Auðshaug:

Jörðin á vi c land inn í Kjálkafirði, fyrir framan Auðnir. Er þar skógur, viðsæmandi til raftviðar, góður til kola og eldiviðar. Þar eru og slægjur, en heyslæmar, og nær jörðin illa til þess. Þar hefur áður verið selstaða heimanað, nú aldrei brúkuð fyrir atorkuleysi. Þar hefur verið heimræði haust og sumar, nú er það af. Sölvafjara, hrognkelsi, skelfiskur, ekki fyrirhafnarvert.

Við áreiðarþing hinn 22. júlí 1794 var jörðin Auðshaugur skoðuð skv. skipun stiftamtmanns og lagt mat á skaða sem jörðin hlaut af skriðum og vatni. Riðið og gengið var um jörðina og loks dæmt að jörðin skyldi metin til 16 hndr. að dýrleika og með 70 álna landskuld.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 jörðin Auðshaugur skráð 24 hndr. Ekkert er fjallað um afmörkun hennar, þar seigir:

Nº 2. Audshaugur

Selværjord tilhørende Repstyr M. Erlendsen Gudmund Jonsen paa

Hammar og Beboeren

Dyrhed 24 hndr.

Selvær og tildeels Lejlænding Olav Erlandsen

[...]

Beder som ved Nº 1.

Selhundefangst som afgiver 3/15 Td<sup>r</sup> Tran.

Rognkielsefangst hvoraf haves 40 stykke som eqvivalere 1/2 Vætt  
Torsk.

Af Fieldgræs faaes 3 Td<sup>r</sup> pr. Aar.

Kulskov til eget Brug.

hiemme og Udmark er under kastet Fieldskreed.

p.n. her holdes 8 lam.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 2. júlí 1811 var upplesin lögfesta bræðranna Ólafs og Magnúsar Erlendssona fyrir landsplássi í Kjálkafirði, eða eins og segir í dóma- og þingbók sýslumanns:

Var upplesen Logfesta Brædranna Olafs og Magnúsar Erlendssona fyrer Landsplatse í Kiálkafyrde til Haugs.

Nefnd lögfesta hefur ekki fundist í gögnum Þjóðskjalasafns.

Í lýsingu sr. Hálfðans Einarssonar á Brjánslækjar og Hagasóknum frá 22. ágúst 1840 segir:

Nú er hér hvergi haft í seli, nema frá Auðshaugi, sem selstöðu á inn í Kjálkafirði.

Í Jarðatali eftir J. Johnsen frá 1847 segir að jörðin Auðshaugur sé bændaeign og metin 24 hndr. að dýrleika.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Auðshaug:

91, Audshaugur. Tún í medallagi ad stærð en ógrasgefíð, eingjar ad vídáttu í medallagi en snöggar og á sundrungi, Landrymi mikid en erfitt, því sumt af því liggur handan fyrir Audnaland, kostagiði í lakara lagi, Vetrarbeit nóg, Tún eingjar og beitarland liggur undir skadrædi af arensli, Selveidi teljandi, ædarvarp þará móti valla; Selstada fylgir Jördunni sæmilega kosta góð en miög óhæg, her er miög flædi hætt. Jördin er erfid.

Sóknalýsingum Barðastrandarsýslu segir m.a. um Auðshaug:

Nú er hér hvergi haft í seli, nema frá Auðshaugi, sem selstöðu á inn í Kjálkafirði.

Í jarðaskjölum Barðastrandarsýslu er að finna byggingarbréf frá 1886 er varðar Auðnir og Auðshaug og afrit af landamerkjaskrá frá 1889. Hún er samhljóða þeirri sem er í landamerkjabók Barðastrandarsýslu.

Heildarlandamerki jarðarinnar, þ.m.t hins umþrætta lands, eru samkvæmt sameiginlegu landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir frá 10. maí 1889 og þinglesið 31. maí 1890.

Í jarðamati Vestur-Barðastrandarsýslu frá 1916–1918 var jörðin Auðshaugur metin ásamt eyðibýlinu Auðnum, eða eins og segir í jarðamatinu:

1. Auðshaugur ásamt eyðibýlinu Auðnum.

Eig: Hjálmar J. Guðmundsson. [...]

Jörð. met. að kr. 3000. [...]

d. Ónnur jarðg: Sumarbeit góð, útig. fr. góður, fjb. nokkur, beitl. víðl.

Mót. lél. Skógur til notk., en fjarlægur. Selveiði lít. og svarar varla kostnaði. Dúnt. 2-3 pund.

e. Ók. Skriðuh. á slæjguland og girð., og flæðih. mikil.

Lmbr. ekki fáanlegt og svör ófullnægjandi.

Aths. Eyðibýlið Auðnar hafa legið undir Auðshaug um nærfelt 40 ár, og sér matsn. sér ekki fært að meta það sér, vegna þess, að tún það er jörð hafði, er fyrir löngu fallið í ör, og hús öll niðurfeld. Þó virðist oss, að einn þriðji af

matsverði Auðshaugs mætti teljast til Auðna, vegna slægna og landnytja, er þeirri jörð fylgja.

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd hinn 27. júní 1931 var upplesið afsal Hjálmars Guðmundssonar til Sigurðar Pálssonar, dags. 5. júní 1930, fyrir jörðunum Auðshaug og Auðnum. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðanna.

Árbók Ferðafélagsins segir m.a. um jörðina Auðshaug:

Út með firðinum að vestan er brattlendi mikið, en þó mjó undirlendisræma. Þar er þéttur, uppvaxinn birkiskógur. Hefur hann komist á stofn, síðan selför í fjörðinn lagðist niður, en venja var að gæta fjár frá Auðshaugi inn við Þverdal haust og vor, og var kallað að hafa það þar í seli. Einn ljóður var á selförinni. Fé hætti við fjörufalli, sýktist af eitruðum fjörugróðri, sem legið hafði undir ís að vetrarlagi. [...] Jörðin Auðshaugur stendur niður undir sjó, sunnan undir nesnúpnum, um það bil sem ströndin beygist til vestus. Bak við eru háir brúnahamrar og brattar skriður, en vel gróið land með sjónum. Jörðin er farsael bújörð, góð ræktunarskilyrði og nokkur hlunnindi.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆDUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeiganda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkekrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á þinglýstum afsölum, lögfestum, sýslu- og sóknalýsingum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Auðshaug** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til þinglýsts landamerkjrabréfs fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir frá 10. maí 1889, lesið á manntalsþingi að Vaðli þann 31. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu undir tölulið 141, sem ofangreind kröfulýsing byggir á.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjrabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Auðshaug** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, um Dala- og Barðastrandarsýslu, að jörðin sé 24 hundruð að dýrleika, og að hún eigi land inn í Kjálkafírði fyrir framan Auðnir. Þá segir einnig í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 að Auðshaugur sé bændaeign og sé metin á 24 hndr. að dýrleika.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Auðshaug**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkjja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Auðshaugs**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tömlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdaust.

Á því er byggt að sa sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, (Hrd.1961:629). Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkomin eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unnin af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalyssingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### **MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:**

Kröfugerð ríkisins dags. 15. apríl 2019 vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Íslenska ríkið gerir þar kröfu um að landsvæði sem nefnt er *Auðhaugslund* í *Kjálkafirði* sé þjóðlenda, en með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði er farið inn á land **Auðshaugs**, norðan jarðarinnar Auðna. Byggir íslenska ríkið þjólendukröfulínu sína fyrst og fremst á því að í landamerkjabréfi jarðanna Auðshaugs og Auðna á Hjarðarnesi í Barðastarndahreppi frá 10. maí 1889, sé svonefndu *Auðhaugslandi* lýst aðskildu frá landi jarðanna Auðshaugs og Auðna. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjoðlendu að finna.

Rökum íslenska ríkisins um að svonefndu “*Auðhaugslandi*” sé lýst aðskildu frá landi jarðanna Auðshaugs og Auðna í landamerkjabréfi jarðanna, og teljist því þjóðlenda, er hafnað af hálfu umbjóðenda minna. Vilja landeigendur benda á að ítrekað komi fram í landamerkjabréfinu að jörðin eigi land á fjall upp þar sem vötnum hallar, eða alls fjórum sinnum. Einkum er bent á þetta orðalag í lýsingunni á milli Auðhaugs og Hamars og á milli Auðhaugs og Auðna, en þar segir fyrst um merki milli Auðhaugs og Hamars að þar ráði „*bein lína dregin af sjó gegnum mitt Markhólmasund í svonefndan Markklett, er stendur efst á sjávarbakkanum, þaðan ræður Markhryggur þar sem hann er hæstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar*“. Því næst segir um merki milli Auðhaugs og Auðna að svonefnd Brúará ráði merkjum „*frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar*“. Telja landeigendur ljóst af þessu orðalagi landamerkjabréfsins að Auðshaugi tilheyri allt land í Kjálkafirði að Skiptá, að undanskildu landi Auðna, þ.e. á milli Brúará og Þverá, og ráði vatnaskil þar um.

Ekki er fallist á að í landamerkjabréfinu sé átt við að umrætt landsvæði sé fráskilið Auðshaug, heldur að það tilheyri þeirri jörð líkt og annað landsvæði hennar, sbr. orðalag lokasetningar landamerkjabréfsins; „*allur [Kjálkajfförður að innanverðu [heyrir] undir Auðshaug eftir fyrsögðu*“. Eins má benda á að í landamerkjabréfinu er einnig talað um “*Auðnaland*” sem ekki verður skilið öðruvísi en sem hluti af landsvæði Auðna, líkt og á við um “*Auðhaugslund*”. Landsvæðið sem heyrir undir Auðshaug og Auðnir, m.a. þrætusvæðið, var upprunalega ein jörð, þ.e. jörðin Haugur. Var jörðin Auðnir líklegast stofnuð úr landi Haugs og klauf hún landsvæði Auðhaugs í sundur, sbr. það sem segir í örnefnaskrá Auðshaugs og Auðnar sem er gerð í júní 1935 í Selárdal og Helgi Guðmundsson tók saman eftir tilsgagn Péturs Jónssonar frá Stökkum. Hér er því þvert á móti ekki um aðskilið landsvæði að ræða, heldur er átt við áframhaldandi landsvæði Auðshaugs.

Þá er því haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í Barðastrandarsýslu hafi frá landnámi verið undirþið beinum eignarrétti. Landamerki Auðshaugs eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar Auðshaugs er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirþið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landmerkjum eru þinglýst athugasemdaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera, um áratugaskeið.

Smölnun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá til annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

#### **FRAMLÖGÐ GÖGN:**

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum.
3. Hornpunktaskrá
4. Þinglýsingarvottorð
5. Fasteignamatsvottorð
6. Örnefnaskrá Auðshaugs og Auðnar frá 1935
7. Menningarminjar í Vesturbyggð, Fornleifastofnun Íslands, 1997, bls. 55-59
8. Umboð

#### **ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:**

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi, 14/11 2019  
f.h. Ólafs Björnssonar hrl.

  
Skúli Geir Ólafsson

Skúli Geir Ólafsson flt.

**Hornpunktaskrá fyrir Auðshaug  
samkvæmt landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir í Barðastrandarheppi.**

1. Bein lína dregin af sjó
2. Mitt Markhólmasund
3. Markklettur
4. Markhryggur þar sem hann er hæstur
5. Markgjá í fjallinu
6. Drangi
7. Brúará að sjó
8. Þverá frá sjó
9. Krókavötn
10. Beint á fjall upp svo langt sem vötnum hallar (ath. þessum punkt er lýst oft í landamerkjaskránni)
11. Skiptá að sjó

Barðastrandarsýsla.

Auðshaugur — Auðnar 1

Barðastrandarhreppur.

Samlesið S.J.

Helgi Guðmundsson:

A u ð s h a u g u r

og

A u ð n a r

Fyrir austan Hjarðarnes (1) skerst Kjálkafjörður (2) í norður milli þess að vestan og Litlaness að austan. Skammt út frá botni Kjálkafjarðar að austanverðu fellur á til sævar, er Skiptá (3) heitir. Hún skiptir löndum milli Litlaness í Múlahreppi og Auðshaugs í Barðastrandarhreppi og er því eystri takmörk Barðastrandarhrepps og Vestur-Barðastrandarsýslu. Hjarðarnes er austasti hluti Barðastrandarhrepps. Voru áður oft fjórar sérskildar jarðir á því, Auðnar, Auðshaugur, Suðurhamar og Fossá. Þykir sennilegt, að Auðnar hafi verið byggðir af Haugslandi, því að Haugur á land í Kjálkafjarðarbotni fyrir innan Auðna. Nú er aðeins búið á Fossá og Haugi. En Fossárbondinn hefir Hamar með, og Haugsbondinn hefir Auðna með.

Hér skulu fyrst talin sker, boðar, hólmar og eyjar í Auðna- og Haugslandi og byrjað að austanverðu. Skammt frá Skiptá eru lág flæðisker, heita Skiptársker (4). Innst í Kjálkafjarðarbotni eru hólmar, sem heita ~~X~~Landhólmar (5). Kippkorn út með firðinum að vestan er grashólmi; heitir aðeins Hólmi (6). Fyrir utan hann eru flæðisker; heita Hólmasker (7). Aftur kemur kippkorn, sem ekki er getið örnefna á. En fram undan Skeiði eru Skeiðneshólmar (8)

uppi undir landi. Þar fyrir utan alllangt frá landi er hættulegt flæðisker innan til við Langanes; heitir Auðnabóði (9) eða Auðnaspillir (10). Fyrir utan Langanes út undir Auðnum eru flöt sker; heita Flötusker (11).

Inn og niður af Auðnatúni er djúpur vogur. Við hann eru tveir þangsteinar. Sá sem er nær landi heitir Sjávarfallssteinn (12). Þegar hann er að fara í kaf, flýtur upp í Auðnalendingu. Fremri steinninn heitir Skotti<sup>a</sup> (13) af lögum sinni. Þegar fjarð er af skottinu á Skotta þá er komin fjara í Torfnessspilliþög Auðnaspillir (10).

Niður undan Auðnatúni er klettasker áfast við landið; heitir Hjallsker (14). Þar er gömul hjalltóft. Þar fyrir utan er hólmi fram af Hádegisnesi; heitir Hádegisneshólmi (15). Næst koma þangrif, er heita Rimar (16). Út af þeim eru gras og lynghólmar: Hindarneshólmar (17) fram af Hindarnesi. Kippkorn þar fyrir utan kemur stór bogamynduð vík; heitir Flæðivík (18). Þvert yfir mynni hennar liggur þangrif, er heitir Treggjaldar (19).

Fram af Torfnesi eru lágir og flatir grashólmar; heita Torfneshólmar (20). Fram af þeim er hættulegt flæðisker; heitir Torfnessspillir (21). Góðan kipp suðvest af honum er varphólmi; heitir Búðarhólmi (22). Í honum eru mjög gamlar tóftir, sem bóninn á Haugi, Sigurður Pálsson, heldur að séu verbúðatóftir, því að þaðan hafi verið róið til fiskjar eftir gömlum munnmælum.<sup>x</sup> Skammt suðvestur af Búðarhólma er klettasker; Hólmasker (23). En milli Búðarhólma og þess er mjótt, en djúpt sund, sem aldrei þornar. Beint upp af því sundi, uppi undir landi, er stórt flæði-

sker: Gildrusker (24). Vestur af því eru smáþangflögur nálægt landi niður undan Stóruskriðu; heita Skriðusker (25).

Út af Hólmaskeri eru klettasker, sem nokkrar æðikollur urpu í; heitir Svartbakasker (26). Mitt á milli þeirra og lands er langt klettasker; heitir Skarðasker (27). Milli Svartbakaskers og Skarðaskers myndast stórt lón um fjöru; heitir Kvígildistjörn (28). Hún var talin kvígildisvirði af hrognkelsaveiðinni í henni á vorin. Var vaðið eftir hrognkelsunum um fjöfur. Beint vestur af Svartbakaskerjum eru tvö klettasker fram undan Haugshöfði; heita Grísasker (29). Upp af Haugshöfði að vestan er Vogur (30). Í Vogsmynnini er hnöttótt þangflaga: Hrútaflaga (31). Vestan af Grísaskerjum eru þrjú flæðisker, sem fara í kaf um stórstraumsflóð; heita Miðmundaflögur (32). Vestur af þeim eru 3 hólmar: Lynghólmar (33). Fram undan Lynghólmum eru tvö flæðisker: Löngusker (34). Þar langt frá landi er stakur boði: Kolbeinsboði (35). Það er gömul sögn, að Haugsbóndi einn, Kolbeinn að nafni, hafi farizt á boða þessum.

Rétt fyrir vestan Lynghólma er Álftaflaga (36). Þá er komið að landamerkjum Haugs og Hamars, og skal þá aftur horfið austur að landamerkum Haugs og Litlaness og örnenfni á landi talin í Auðna- og Haugslandareign.

Skiptá, er áður var getið, hefir upptök sín í vötnum uppi á fjalli; þau heita Skiptárvötn (37). Áin rennur eftir fjalldal: Skiptárdal (38). Í henni er foss; Skiptárfoss (39). Innantil við ána niðri er slægjublettur; heitir Skiptárengi (40). Kippkorn fyrir innan Skiptárengi

eru sand-malarhólar; heita Sandhólar (41). Á rennur af hálendinu úr austri í Kjálkafjarðará og heitir Austurá (42). Hún kemur úr fjalldal, er heitir Austurárdalur (43). Norðanvert við botn dalsins liggur heiðarvegur Pingmannaheiðar (44). En á vatnaskilum Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar norðanvert við veginn eru þrír steinar, sem auðsjáanlega eru hlutar úr einum steini, sem þannig hefir klofnað í sundur. Steinar þessir heita Grettistak (45). Á einn steininn eru klappaðir rúnastafir, og segja munnmæli, að þetta sé fangamark Grettis Ásmundssonar. En enginn hefir ráðið rúnir þessar að fullu svo að mér sé kunnugt.

Á kemur úr norðvestri og rennur ofan í botn Kjálkafjarðar; heitir Kjálkafjarðará (46). Milli Austurár og Kjálkafjarðarár eru tungur; heita Neðri-Kjálkafjarðartungur (47) og Hærri-Kjálkafjarðartungur (48). Norður af Kjálkafjarðartungum og Pingmannaheiðarvegi er ávöl hæð með geysistórum steini á. Hæðin heitir Steinhæð (49). Kjálkafjarðará rennur í gegnum Kjálkafjarðargljúfur (50)<sup>x</sup>.

Skammt fyrir vestan Kjálkafjarðará og rétt fyrir sunnan Pingmannaheiðarveg eru klettaborgir; heita Geldingahólar (51). Niður af þeim ofan í fjarðarbotninn að vestan renna tvö smágil, Lambagil (52). — T Kjálkafjarðará frá Gljúfrum til sjávar eru tvö silungafljót; heita Hærrafljót (53) og Neðrafljót (54). Niður af Lambagiljum er lítill lækur fyrir vestan Kjálkafjarðará; heitir Kjálkafjarðarseil (55).

Fórum aftur til fjalls. Frá Geldingahólum og út með firð-

---

x) Hér ætti að koma (53) og (54) og breytt

inum að vestan er grashjalli hátt uppi; heitir Seljahjalli (56). Neðan við hann inn undir Lambagiljum er holt; heitir Melur (57). Út frá Melnum er bunguvaxið skóglendi; heitir Bingur (58). Út og niður af Bing er mýri: Seljamýri (59). Niður af henni gengur tangi fram í fjörðinn; heitir Seljatangi (60). Þar eru Seltóftir (61). Skammt fyrir innan Seljatanga er reiðvað á Kjálkafjarðarvaðli (62). Frá Seljatanga út með firðinum út að þverá er skógi vaxin hlíð; heitir Bæli (63). Yzt í Bæli rétt við þverá er skógarhjalli; heitir Bælishjalli (64). Upp af honum er lítil hyrna: Múlatafla (65). Þá er komið að þverá (66).

Neðst við sjóinn innan til við þverá er sel; heitir Haugssel (67). Þar var haft við fé frá Haugi haust og vor fram undir síðustu aldamót. Þverá rennur eftir þverdal (68) og kemur úr þverdalsvatni (69). Fjallid milli þverdals og fjarðarins heitir Múlafjall (70).

Austnorður af þverdalsvatni er hæð; heitir Vatnshæð (71). Fyrir norðan hana liggur Þingmannaheiðarvegurinn vestur í Þingmannadalsbotn.

Nú hafa verið talin örnefni í Haugslandareign í Kjálkafjarðarbotni. Á Haugur land frá Skiptá að þverá, sem skiptir hér löndum milli Haugs og Auðna. Næst verða talin örnefni í Auðnalandi og fyrst getið þeirra, sem eru á láglendinu út með firðinum upp undir brún. Vestanvert við þverá, þar sem hún kemur fram úr dalmynninu, heitir þrengsli (72). Gras- og skógarhjalli gengur þaðan út með fjallinu; heitir Markhjalli (73). Fyrir neðan hann er stór brokflói; heitir Gormur (74). Kringum Gorminn að neðanverðu er

nes fram í sjó; heitir Skeiðnes (76).

Út af Markhjalla og upp af Gormi eru skógi vaxnar skriður; heita Skriður (77). Fyrir utan Skriður er stór hryggur: Stórihryggur (78). Upp af honum í brúninni er stórt klettagil; heitir Stórahryggsgil (79). Út ogniður af Stórahrygg eru skógarrunnar og mýrarblettir; heita Stórahryggsmýrar (80). Kippkorn fyrir utan Stórahrygg út með hlíðinni er holt eða leiti; heitir Vörður (81). Ber það nafn af mörgum smávörðum, sem þar eru. Kippkorn utar er daldrag upp í fjallíð; heitir Barkárdalur (82). Úr honum kemur lítil á: Barká (83). Innan til í daldragini er skógi vaxin kinn; heitir Barkárkinn (84). Hæst í henni er falleg lyngbrekka; heitir Bekkur (85). Barká rennur til sjávar rétt fyrir innan nes, er heitir Langanes (86).

Frá Barká út með hlíðinni heitir Bæli (87). Yzt í Bælum er dálítíl skógarbrekka: Háabrekka (88). Niður af Bælum og upp af Langanesi er skóglendi; heitir Flatiskógor (89). Liggur hann út með firðinum út undir Bæjargil (90). Það rennur ofan til sjávar innan til við túneyðibýlisins. Auðnar (91). Á Bæjargilsþróminni að innanverðu er barð; heitir Kvíarhóll (92). Niðri í Bæjargili innanverðu er dálítíl laug; heitir Laug (93). Aðaltúnið á Auðnum var fyrir utan Bæjargil, en dálítill túnblettur var til forna fyrir innan það og hét Hesthústún (94).

Beint upp af gamla Auðnabænum er malarhóll utan túns; heitir Bæjarhóll (95). Beint upp af Bæjarhól eru vallendismóar uppi undir hjalla. Þar var Stekkur (96). En svæði þetta var kallað Vindheimar (97). Gömul munnmæli

segja, að þar hafi Auðnabær staðið til forna. Út af Vindheimum eru mýrar með volgum uppsprettum: Laugamýrar (98). Upp af þeim er lágor hjalli, grasi vaxinn; heitir Nautahjallastykki (99). Fyrir utan Laugamýrar og Nautahjallastykki kemur gil ofan úr fjalli. (Bæjargil er ekki eins vatnsmikið og gil þetta). Það heitir Valagil (100). Kemur það úr gljúfrum í brúninni. Þau heita Valagilsgljúfur (101). Valagil rennur ofan með Auðnatúni að utanverðu. Fyrir utan Valagil er lágor grashjalli uppi undir hlíðinni; heitir Valagilshjalli (102). Út af gamla Auðnabænum liggur vegurinn yfir Valagil og þar í skarð á holti, sem heitir Miðmundaholt (103). Út af Auðnatúni fyrir utan Valagil taka við engjar og beitiland; heitir Hádegisnes (104). Neðst á því er grjóthóll; heitir Hádegishóll (105). Þar á nesinu er mýrarkelda; heitir Gormur (106). Ofan eftir nesinu liggur ávalur hryggur, vaxinn fjalldrapa og broki, heitir Hádegishundrað (107), því að talið var, að hryggur þessi væri ígildi jarðarhundraðstil beitar á vetrum. Fyrir utan Hádegisnes gengur holtarmur fram til sjávar; heitir Brúarárholt (108). Innan til í holti þessu liggur upp eftir því djúp graslaut; heitir Hvallág (109) (Hvarflág?). Ofan eftir holtunum utanverðum rennur árspræna til sjávar; heiti Brúará (110). Kemur hún úr dálitlu dalverpi, sem heitir Brúarárdalur (111). En Brúará skiptir hér löndum milli Haugs og Auðna. Verður nú farið aftur að innri landamerkjum Auðna og örnefni talin á fjallinu frá Þverá ofanverðri. Tvö gil með alllöngu millibili renna ofan í Þverá að vestan; heita Fremra-Þvergil (112) og (Litla-)Þverá á

kortinu) Heimra-pvergil (113). Hæð norður af Fremra-pvergili heitir Krókavatnahæð (114). Fyrir norðan hana eru vötn: Krókavötn (115). Fjallið út af pverdal út með firðinum heitir Fláfjall (116). Þar í brúninni eru grashillur; heita Flár (117). Yzt á Fláfjalli er dalverpi upp með Barká. Dalverpi þetta er hærri hluti Barkárdals. Í honum þarna er klettahóll; heitir Sjónarhóll (118). Vestan til við Barkárdal er langur hjalli, sem liggur fram undir Auðnaöxl (119). Hún er 571 meter yfir sjó og er mjög víðsýnt af henni. Sést af henni á Glámu, Drangjökul og á two hnúka upp af Trékyllisvík á Ströndum. Aður um getinn hjalli heitir Skálahlíð (120). Undir henni er lítill hjalli: Littihjalli (121). Frá Barkárdal út eftir út undir Laugamýrar og Vindheimi liggja langir hjallar; heita Nautahjallar (122). Á þeim eru graslautir: Kúalágar (123). Frá Auðnaöxl og út með fjallinu fyrir ofan Skálahlíð liggur dálítið dalverpi; heitir Auðnaskál (124). Þar hefir Valagil upptök sín. Þar var talið kostbezt í Auðnalandi fyrir kvíær á sumrum. Austan til við Valagil vestur af Skálinni er lágor klettahjalli; heitir Gyríðarhjalli (125). Yzt á hjallanum er hnúkur; heitir Gyríðarhjallakast (126). Fyrir vestan Valagil niður á brún er grashjalli; heitir Hæsti-hjalli (127). Út af Hæstahjalla er stórt grashvolf; heitir Miðhjallabréð (128). Liggur hún út að Brúarárholti. Fyrir neðan Miðhjallabréð og ofan Hádegisnes eru lágor grashjallar út að Brúarárholti. Hjallar þessir heita Lághjallar (129). Nú er komið að ytri takmörkum Auðnalands hið efra og eru þá talin öll örnefni í landareigninni. Fórum

þá til sjávar og getum örnefna í Haugslandi með sjó fram og til á láglendinu fyrst. Rétt utan/við Brúará gengur djúp laut upp með Brúarárholti að vestanverðu; heitir Kúalág (130). Frá Brúará og út eftir gengur lágur holthjalli, sem heitir Langholt (131). Liggur alfaravegurinn eftir holtinu. Niður af því er breitt og stutt nes; heitir Hindarnes (132). Fyrir utan það er Flæðivík og upp af henni eru háir bakkar, grasi vaxnir: Grænibakki (133). Upp af honum og yzt á Langholtinu er mjög stór stakur steinn: Skjólsteinn (134). Utan til við Grænabakka og Skjólstein skerst djúpt lækjardrag ofan í Flæðivík; heitir Djúpilækur (135). Þar fyrir utan eru slægnablettir með smálækjum; heita Lækir (136). Ná þeir út undir Hlaðstekk.

Förum aftur inn á Langholt og getum örnefnanna uppi á fjallinu. Af Langholti liggur aurgata, sem heitir Rauðagata (137), upp í dálítið dalverpi, sem heitir Haugsdalur (138). Örnefnin 139–153 eru í Haugsdal þessum.

Upp af götunni er hóll; heitir Sjónarhóll (139). Vestur af honum er djúp lyng- og graslaut, sem liggur til norðurs; heitir Langalág (140). Neðst í henni eru tveir tjarnarpollar; heita Hærri-Lómatjörn (141) og Neðri-Lómajörn (142). Úr þeim rennur Djúpilækur. Vestan til við Löngulág eru margir hólar með graslautum á milli; heita Ásmundarhólar (143). Nyrzti hóllinn heitir Grenhóll (144). Norður af Ásmundarhólum eru grasflesjur; heita Drangaflatir (145). Gengur þar stórt klettahorn fram úr fjallinu; heitir Drangar (146). En Drangar og Brúará skipta hér löndum. Niður af Dröngum og sunnan til við Drangaflatir er holt með

smátindum; heitir Drangastrýta (147). Milli holtsins og hlíðarinnar er vik; heitir Drangakverk (148). Þegar kemur út fyrir Drangakverk kemur löng graslaut suður með hlíðinni. Lautin heitir Þróngahlíð (149). Kippkorn heimar eða sunnar er önnur laut, sem liggur neðar; heitir Mávaflatir (150) eða Hærrivellir (151). Hlíðin þar upp af heitir Mávahlíð (152). Fyrir sunnan Mávaflatir lækkar landið, og er þar djúp laut; heitir Bælisbollí (153). Þá er komið að Hlaðsskarði og hafa Ásmundarhólar verið til vinstri handar meðan ofan var farið. Austanvert við Hlaðsskarð (154) er Hlaðhóll (155). Það er hár malarhóll, 62 metra yfir sjó. Á honum er ævargömul varða. En innög upp af Hlaðhól er stór slétt flót inn að Lómatjörn. Flötin heitir Mannamótsvellir (156). Það er gömul sögn, að Auðshaugur og Auðnar hafi í fyrndinni verið ein jörð og eitt býli, og hafi þá eitt sinn búið þar þrír bræður. Fór vel á með tveimur þeirra, en misklíð var á milli hins þriðja og hinna tveggja. Var þá horfið að því ráði að skipta jörðinni. Sá bróðirinn, sem var ósamþykkur hinum tveimur, reisti bú á Auðnum, en hinir tveir héldu við búinu á Haugi. Auðnabóndanum búnaðist bezt og græddi of fjár. Samkomulagið batnaði ekki heldur við skilnaðinn, heldur magnaðist óvináttan svo, að þeir Haugsbændur ráða af að veita bræður sínum atför og hann þeim. Ekki er getið um mannsöfnuð, en sagt er, að þeir hafi hitzt á Mannamótsvöllum og barizt þar. Lauk bardaganum svo, að Auðnabóndinn felldi báða bræður sína, og er sagt, að Mannamótsvellir beri nafn af fundi þessum. En Mannamótsvellir eru því nær mitt á milli bæjanna Haugs og Auðna. Engar

menjar fundar þessa sjást nú á þessum slóðum.

Fyrir utan Hlaðhól er djúpur grashvammur. Í honum er stekkur, sem heitir Hlaðsstekkur (157). Niður af honum er allstórt nes; heitir Torfnes (158). Má telja, að þvert yfir frá því sé mynni Kjálkafjarðar. Upp af Hlaðsstekk í hlíðarrótunum (fjallsrótunum) er klettahjalli; heitir Réttarhjalli (159). Fjallið hér fyrir ofan heitir Haugsfjall (160). Í klettunum upp af Hlaðsstekk eru tvær hillur; heita Neðribreiðhillu (161) og Hærribreiðhillu (162). Úr Neðribreiðhillu liggur breiður gangur út klettana út undir Stóruskriðu; heitir Breiðhillusporður (163). En úr Hærribreiðhillu og fram í hlíðina liggur tæpur þræðingur; heitir Nálarstígur (164).

*utan?*

Kippkorn fyrir/~~L~~ Torfnes er nesmynd; heitir Gildrunes (165). Mun nafn þetta vera dregið af refagildru, sem þar hefir verið. En beint fram af nesinu er Gildrúsker, sem einnig er kallað Gildrunessker. Inn og upp af Gildrunesi er grashjalli eða brekka; heitir Skyrbrekkur (166). Spölkorn fyrir utan Gildrunes er stór skriða frá fjalli til fjöru; heitir Stóraskriða (167). Hefir hún hlaupið fram úr geysimikilli gjá í fjallsbrúninni. Heitir gjáin Paurildargjá (168). Það er gömul sögn, að gjá þessi sé heitin eftir tröllkonu þeirri, sem Paurildur hét. Ekki er þess getið, hvar hún hafi átt heima. En eitt sinn elti hún mann, sem hún vildi ná á vald sitt, eftir fjallsbrúninni fyrir ofan Auðshaug. Sást til þeirra frá Haugi, og stikaði Paurildur svo stórum, að heimamönnum þótti maðurinn í mikilli hættu. Hlaupa þeir þá í bænhúsið og hringja klukkunni

að hún sté svo þungt á fjallsbrúnina, að hún hrundi undan fæti hennar, og kom þá skarðið í brúnina, sem nú heitir Paurildargjá. En Stórasekiða varð úr því sem niður hrundi. Paurildur fórst í hruni þessu. En sagt er, að hún sé heygð í haug, sem er uppi á fjallinu skammt frá Paurildargjá. Haugurinn heitir Paurildarhaugur (169). Spölkorn fyrir utan Stóruskriðu rennur uppsprettulækur til sjávar, heitir Írskilækur (170). Gömul munnmæli herma, að eitt sinn hafi írskir farmenn átt búðir í Búðarhólma og hafzt þar við. Hafi þeir þá sótt neyzluvatn í læk þennan. En lækur þessi mun vera næsta gott vatnsból við hólmann.

Inn og upp af írskalæk er grasgeiri uppi undir klettum; heitir Gyltuból (171). Upp af þeim í neðstu klettum er grashilla; heitir Hvannahjalli (172). Spölkorn fyrir utan írskalæk gengur klettabelti frá fjallsrótum fram að sjó; heitir Skörð (173). Á þeim er hagagarður frá fjalli til fjöru. Mýrarnar fyrir utan Skörð út að Haugsá heita Skarðamýrar (174). Skammt fyrir utan Skörð rennur lækur eða á ofan til sjávar; heitir Haugsá (175). Kemur hún úr litlu dalverpi fyrir ofan Haugstún og heitir dalverpið Haugsdalur (176). Fyrir innan Haugsá í neðstu klettum eru litlar grashillur; heita Grænunef (177). Haugsá rennur ofan innan til við aðaltúnið á Haugi. En áður var túnbrettur fyrir innan ána og hét Hesthústún (178). Fyrir utan Haugsá er Auðshaugstún (179) og Auðshaugsbær (180). En býli þetta er tíðum nefndur aðeins styrra nafninu, Haugur (181). Hæst á Haugstúni er slétt flöt; heitir Fótur (182). Fyrir neðan Fót er hvammur; heitir Alviðra (183). Niður af Al-

viðru er túnblettur; heitir Litlatröð (184). Úti á túninu er annar blettur; heitir Pemba (185). Niður af Litlutröð er dálítíl flöt; heitir Bænhúsflöt (186). Á henni er gömul tóft; heitir Bænhústóft (187). Sést móta fyrir, þar sem talið er, að kórinn hafi verið. Út af Bænhúsflöt er hólmynd; heitir Bæjarhóll (188). Yzt og neðst á túninu út undir Djúpalæk gengur fram dálítíð klettanef; heitir Torfnes (189). Fram úr Haugstúni og fram í sjóinn gengur hár og hrikalegur höfði; heitir Haugshöfði (190). Þar sem hann er hæstur, er hringmynduð ævagömul tóft eða önnur mannvirki. Þessi hluti höfðans heitir Auðshaugur (191), og dregur bærinn nafn af honum. Höfðinn er skilinn frá landinu af Vog og lágu grasi vöxnu mjóu eiði. Á því er slétt flöt; heitir Króksflöt (192). Austan til á höfðanum sést fyrir afargömlum tóftum. Sú sögn hefir fylgt Auðshaugnum, að í honum væri gullkista fólgin, og var því haugurinn stundum kallaður Gullkista (193). Sagt er, að eitt sinn hafi menn nokkrir grafið í hauginn eftir gullkistunni. Grófu þeir ofan með stórum steini, sem þar er enn. Koma þeir ofan á stóra hellu, og var talið, að gullkistan væri undir henni. Taka nú mennirnir vogir og vilja lyfta hellunni upp. Þá verður þeim litið til bæjarins og sjá, að hann stendur í ljósum loga. Hætta þeir þá við verkið og flýta sér til bæjarins til þess að slökkva logann. En þar var allt með kyrrum kjörum og hafði ekki í honum kviknað. Þóttust þeir nú sjá að þeim væri ekki ætlað að ná fénu og áttu ekki við það framar. Sjást enn glögg merki þess, að grafið hefir verið í hauginn ofan með áðurnefndum steini.

Frá Vattarnesi er brött, vel gróin hlíð með litlu undirlendi inn með austanverðum Vattarfirði. Falla þar nokkrar smáár til fjarðarins um þróng gil og gljúfur, Sprænuá, Þverá og Fornaselsá. Innar er önnur Þverá, sem fellur í Vattardalsá, skammt austan við Tröllá.

Að öðru leyti víast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

#### MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeiganda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálfent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsöllum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjólum er varða **Vattarnes** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til eftirfarandi þinglýstra landamerkjabréfa sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjskrá fyrir Vattarnes lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28. maí 1887 og innfært í landamerkjabók

Barðarstrandarsýslu, landamerkjaskrá fyrir jörðina Skálmardal eign Múlakirkju, dags. 28. maí 1887, lesið á manntalsþingi að Vattnesi í Múlahreppi og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu og landamerkjaskrá fyrir Skálmanes Múla (eign Múlakrikju), dags. 28. maí 1887, lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28. maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýlsu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Í skrá um eignir Guðmundar (ríka) Arasonar á Reykhólum frá 1446, þegar þær voru teknað undir konung, kemur fram að ein af eignum hans var jörðin Vattarnes í Múlakirkjusókn, 12 hndr. að dýrleika. Um **Vattarnes** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigendi sé lögrjettumaðurinn Ásgeir Sigurðsson að Ósi í Steingrímsfirði. Sama kemur fram í jarðamati Barðastrandarsýslu frá 1804 að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Vattarnesi**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mínir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Vattarness**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tömlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalauðst.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast (Hrd.1961:629). Ríkisvaldið

hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

#### **MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:**

Kröfugerð ríkisins dags. 15. apríl 2019 vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

**Vattarnes** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur að kröfusvæði ríkisins á **Skálmardalsheiði í Múlahreppi**. Svo virðist sem kröfulínur skarist ekki en áskilinn er réttur til að leggja fram endanlega kröfulínur í greinargerð. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðarinnar sé enga þjoðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land á **Barðarstrandarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Vattarness** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Vattarnes** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða.

Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með

samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

**FRAMLÖGÐ GÖGN:**

1. Kröfugerð þessi.
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð
4. Umboð

**ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:**

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Pess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðarnefnd.

Selfossi 14/11 2019  
f.h. Ólafs Björnssonar hrl.

Skúli Geir Ólafsson

Skúli Geir Ólafsson flt.

**NORDIK**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2019

**Varðar: Kröfur landeiganda jarðarinnar Skálmardals**

---

Til Nordik lögfræðiþjónustu hafa leitað hluti landeigenda jarðarinnar Skálmardals, Reykhólahreppi, landanr. 139675, og falið okkar að gæta réttinda sinna vegna kröfu ríkisins um að viðurkennt að þjóðlendu sé að finna innan landamerkja jarðarinnar.

Eigendur jarðarinnar Skálmardals eru níu talsins samkvæmt upplýsingum úr lögbýlaskrá ársins 2018. Þrír landeigenda, þ.e.a.s. Ágúst Heiðar Sigurðsson, Ólafur Örn Valdimarsson og Pétur Kúld Pétursson standa að baki kröfulýsingu þessari og teljast vera umbjóðendur okkar. Samtals eiga þessir þrír 50% jarðarinnar í óskipri sameign. Þrátt fyrir að ekki séu gerðar kröfur fyrir hönd allra landeigenda er við það miðað að aðrir landeigendur verði látnir þola kröfur samkvæmt meðfylgjandi kröfulýsingu og úrskurð Óbyggðanefndar í framhaldiniu enda séu kröfur annarra landeiganda gerðar þeim til hagsbóta.

Meðfylgjandi kröfulýsing er gerð eftir athugasemdum landeigenda og staðkunnugra. Þar sem gagnaöflun málsins er enn ekki lokið er gerður áskilnaður um breytta, eða eftir atvikum nákvæmar, kröfulýsingu eftir því sem gögn málsins gefa tilefni til. Þá verður lagður fram uppdráttur frá teiknistofu með kröfulínu landeigenda þegar slíkur uppdráttur liggur fyrir.

F.h. landeigenda Skálmardals



Gunnar Egill Egilsson, lögmaður

# NORDIK

LÖGFRÆÐIPJÓNUSTA

## Kröfulýsing

Af hálfu eigenda jarðarinnar Skálmardals er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Skálmardals verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist svæðið allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarétti.

Er þess aðallega krafist að viðurkennt verði að við heildalandamerki jarðarinnar Skálmardals verði farið eftir vatnaskilum, í samræmi við óskráðar venjur þar um. Nánar tiltekið er þess krafist að viðurkennt verði að svæðið sem afmarkast, samkvæmt kröfulýsingu íslenska ríkisins í punkt í 558 metra hæð (4) og til norðurs eftir fjallabrun eftir vatnaskilum, í austri í Rauðuborg (5) og þaðan til norðausturs eftir vatnaskilum en að norðanverðu eftir sýslumörkum eftir vatnaskilum, skuli allt teljast sem hluti jarðarinnar Skálmardals.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og síðar framlögðum málkostnaðarrekningi, að skaðlausu, að teknu tilliti til virðisaukaskattks.



Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. ágúst 2019

### Efni: Kröfulýsing

Til lögmannsstofunnar hefur leitað Pálína S. Pálsdóttir, kt. 230465-3129, og falið að gæta hagsmuna sinna vegna jarðarinnar Múla í Reykhólahreppi (139650). Umrædd jörð er staðsett á svæði 10C, þ.e. á landsvæðinu sem nefnt er Hvannahlíð í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Óbyggðanefnd tók svæði 10C til meðferðar í nóvember 2018, sbr. 8. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og veitti fjármála- og efnahagsráðherra frest til 15. febrúar 2019 til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu, sbr. 1. mgr. 10. gr. sömu laga. Fresturinn var framlengdur til 15. apríl 2019 og kröfur ríkisins bárust þann dag. Þær ná til fimm svæða sem eru í kröfulýsingunni nefnd Hvannahlíð, Skálmardalsheiði, Auðshaugsland, Vatnsfjörður og Bæjarbjarg. Af hálfu íslenska ríkisins var þess krafist að landsvæði sem nefnt er Hvannahlíð sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sýslumörkum beint norður af upptökum Fremri-Fjalladalsár (1). Þaðan bein sjónhending í upptök Fremri Fjalladalsár og ánni fylgt suður eftir Andrésargili og Ísfirðingagili í Þorskafjarðará og að þeim stað sem Grjótá rennur í Þorskafjarðará (2). Grjótá er fylgt frá þeim stað sem hún rennur í Þorskafjarðará upp í mitt Grjótárvatn (Múlavatn) (3). Frá miðju Grjótárvatni (Múlavatn) norður eftir fjallinu á vatnaskilum milli Kollabúðardals (og Ísfirðingagils) að norðan og Þorgeirsduals að vestan í svonefnda Heimri-Fjalladalsá (4). Þaðan eftir hæstu Þrepskjöldunum norður að sýslumörkum og vatnaskilum (5). Þaðan norður eftir sýslumörkum í upphafspunkt.

Þá var skorað á þá sem telja til eignarréttinda á landsvæðum sem falla innan þjóðlendukröfusvæða íslenska ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega í síðasta lagi 16. ágúst 2019 fyrir óbyggðanefnd. Með vísan til framangreinds hefur umbjóðandi minn falið mér að gera eftirfarandi kröfu:

**Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur umbjóðanda okkar að öllu landi innan hnít punkta þeirra sem tilgreindir eru í meðfylgjandi yfirlýsingu um landamerki og uppdrætti þeirra hnít punkta, sjá fylgiskjöl nr. 1 og 2.**

**Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.**

Í landamerkjayfirlýsingu í fylgiskjali nr. 1 hafa landamerki jarðarinnar Múla við Þorskafjörð í Reykhólahreppi verið hnítsett í samræmi við þá lýsingu sem fram kemur í landamerkjaskrá dags. 15. maí 1885 fyrir Múla og aðliggjandi jarðir og þá lýsingu sem fram kemur í örnefnaskrá fyrir Múla dags. 22. febrúar 1982. Yfirlýsinguna útbjó Þórður Þórðarson, kt. 131268-3949, hjá Landlínum ehf. Á meðfylgjandi upprætti í fylgiskjali nr. 2 hefur lína verið dregin í samræmi við þessa hnítpunkta. Landamerkin milli Múla og Hvannahlíðar samkvæmt framangreindu liggja eftir farvegi Grjótár, allt frá upptökum hennar í litlu vatni á Hvannahlíðarfjalli, og að þeim stað sem hún sameinast Þorskafjarðará. Vatnið, sem Grjótá rennur úr, má sjá merkt með ör á mynd í fylgiskjali nr. 3.

Í kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins eru landamerkin dregin með þeim hætti að Grjótá er réttilega fylgt frá Þorskafjarðará og í norðvestur upp á fjallið en í stað þess að elta farveg Grjótár alla leið að upptökum hennar eru landamerkin ranglega sveigð til suðvesturs úr farvegi Grjótár og eftir litlum læk sem í hana rennur úr Múlavatni. Líkast til er þetta gert sökum þess misskilnings að Múlavatn, sem hinn litli lækur rennur úr, sé Grjótárvatn.

Múlavatn má sjá á landakorti mælt 1911, endurskoðað af LÍ 1977 en með vega- og örnefnaleiðréttингum frá árinu 1989. Sjá kortið á fylgiskjali nr. 4. Á þessu korti er vatnið einungis nefnt Múlavatn en ekki Grjótárvatn. Þá er til þess að líta að í örnefnaskrá Múla frá 22. febrúar 1982 er haft eftir Sigvalda Daðasyni að hann hafi aldrei heyrt nafnið Grjótárvatn notað um Múlavatn. Sjá örnefnaskrá í fylgiskjali nr. 5. Umrædd ummæli Sigvalda má finna neðst á blaðsíðu nr. 7 og efst á blaðsíðu nr. 8. Að draga landamerkin með hnítpunkt í Múlavatn af hálfu íslenska ríkisins er þannig rangt þar sem umrætt vatn er ekki Grjótárvatn.

Að draga landamerkin með hnítpunkt í Múlavatni er enn fremur rangt með vísan til þess að farvegur Grjótár liggur hvorki frá né um Múlavatn. Þessu til stuðnings vísast til loftmynda í fylgiskjölum nr. 6 og nr. 7. Á síðari myndinni hefur ör verið dregin eftir farvegi árinnar. Á þessum myndum má glögglega sjá að farvegur Grjótár liggur í norðvesturátt frá Þorskafjarðará en uppi á fjallinu sveigir

farvegurinn með áberandi hætti í norður. Á þeim stað sem farvegurinn sveigir í norður rennur líttill lækur í ána sem kemur úr Múlavatni. Í áðurnefndri örnefnaskrá í fylgiskjali nr. 5 er orðrétt haft eftir Sigvalda Daðasyni:


*“Grjótá kemur norðan af fjalli, úr smávatni, sem þar er, en Sigvaldi hefur ekki heyrt nafn á því. Lækur, sem rennur úr Múlavatni í Grjótá, er nafnlaus.”*

Landamerkin eins og þau eru hnittsett á yfirlýsingu í fylgiskjali nr. 1 og á uppdrætti á fylgiskjali nr. 2. fylgja farvegi Grjótár og eru því rétt. Landamerkin sem íslenska ríkið vill miða við eru hins vegar röng þar sem þú fylgja ekki farvegi Grjótár nema að hluta til. Rétt er að ítreka að ekki er ágreiningur um að landamerkin fari eftir farvegi Grjótár og vísast þar til landamerkjaskrár, örnefnaskrár og ekki síst kröfugerðar íslenska ríkisins í máli þessu.

Af öllu framangreindu er ljóst að landamerki þau sem tilgreind eru á hnittpunktum í yfirlýsingu í fylgiskjali nr. 1, sbr. uppdrátt að þeim sömu punktum í fylgiskjali nr. 2, fela í sér rétt landamerki milli Hvannahlíðar og Múla.

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til þess að rökstyðja nánar eða með breyttum hætti gerðar kröfur, tefla fram lagarökum, málavöxtum og málsástæðum allt eftir því sem þurfa þykir. Hafa má samband við undirritaðan vegna málsins í síma 868-2989 eða á tölvupóstfangið magnus@norval.is

Virðingarfyllst,



Magnús Davíð Norðahl lögmaður

Hjálagt:

1. Yfirlýsing um landamerki jarðarinnar Múla.
2. Uppdráttur af hnitsettu landamerkjum jarðarinnar Múla.
3. Mynd með ör á vatnið sem Grjótá rennur úr.
4. Mynd af landakorti mælt 1911, endurskoðað af LÍ 1977 en með vega- og örnefnaleiðréttингum frá árinu 1989. Kortið er útgáfíð 1989.
5. Örnefnaskrá frá 9. mars 1982.
6. Loftmynd af farvegi Grjótár.
7. Loftmynd af farvegi Grjótár með ör.

# YFIRLÝSING UM LANDAMERKI

## JARÐARINNAR MÚLA VIÐ ÞORSKAFJÖRÐ Í REYKHÓLAHREPPI

Í landamerkjayfirlýsingu þessari hafa landamerki jarðarinnar Múla við Þorskafjörð í Reykhólahreppi verið hnittsett í samræmi við lýsingu þá sem fram kemur í landamerkjaskrám fyrir Múla (dagsett 15.05.1885) og aðliggjandi jarðir, og lýsingu þá sem fram kemur í örnefnaskrám fyrir Múla (skráð 22.02.1982) og aðliggjandi jarðir. Nánari lýsingu á legu landamerkjanna er að finna á meðfylgjandi uppdrætti, dagsettur 16.11.2011, en hann lýsir skilningi núverandi landeiganda Múla og aðliggjandi jarða um legu landamerkjana Múla.

### HNITSETNING SNERTIR EFTIRFARANDI FASTEIGNIR

- A. Múli (139650), Reykhólahreppur
- B. Hjallar (139581), Reykhólahreppur
- C. Hvannahlíð (139599), Reykhólahreppur
- D. Kollabúðir (139621), Reykhólahreppur
- E. Skógar (139681), Reykhólahreppur

### FRAMKVÆMD HNITSETNINGAR

**Hnitakerfi:** Landshnitakerfi, viðmiðun ÍSN93

#### Aðferð og uppruni:

- 1) Myndkort Loftmynda ehf. með 50 cm greinihæfni, byggt á loftmyndum teknum úr 3500 metra hæð árið 2005.

### HNITPUNKTAR

Nr	F	Aðferð	Kennileiti	X hnit – Y hnit	NM	ÁF
1	AB	Myndkort <sup>1</sup>	Þorskafjörður við Múlaá (Þorgeirsaldasá)	354728,5 – 569095,6	1,0 m	5,0 m
2	AB	Myndkort <sup>1</sup>	Múlaá (Þorgeirsaldasá) í Þorgeirsdal	354728,4 – 570906,4	1,0 m	1,0 m
3	AB	Myndkort <sup>1</sup>	Múlaá (Þorgeirsaldasá) í Þorgeirsdal	355482,1 – 572733,1	1,0 m	1,0 m
4	AB	Myndkort <sup>1</sup>	Múlaá (Þorgeirsaldasá) í Þorgeirsdal	355370,9 – 574043,2	1,0 m	1,0 m
5	AB	Myndkort <sup>1</sup>	Múlaá (Þorgeirsaldasá) í Þorgeirsdal	354648,5 – 574892,9	1,0 m	3,0 m
6	AC	Myndkort <sup>1</sup>	útfall úr sunnanverðu Þröskuldavatni	354977,5 – 575216,0	1,0 m	1,0 m
7	AC	Myndkort <sup>1</sup>	vatnaskil norðaustan við Þröskuldavatn	355150,3 – 575561,4	1,0 m	20,0 m
8	AC	Myndkort <sup>1</sup>	vatnaskil austan við Þröskuldavatn	355439,3 – 575340,6	1,0 m	15,0 m
9	AC	Myndkort <sup>1</sup>	vatnaskil suðaustan við Þröskuldavatn	355421,9 – 574839,5	1,0 m	15,0 m
10	AC	Myndkort <sup>1</sup>	vatnaskil á Hvannahlíðarfjalli sunnan Gafis	356748,4 – 575362,0	1,0 m	30,0 m
11	AC	Myndkort <sup>1</sup>	vatnaskil á há Hvannahlíðarfjalli	357227,3 – 574570,0	1,0 m	40,0 m
12	AC	Myndkort <sup>1</sup>	upptök Grjótár á Hvannahlíðarfjalli	357248,4 – 573771,9	1,0 m	1,0 m
13	AC	Myndkort <sup>1</sup>	Grjótá á Hvannahlíðarfjalli	356697,5 – 572611,4	1,0 m	1,0 m
14	AC	Myndkort <sup>1</sup>	Grjótá norðan við Spákonufell	356903,9 – 571843,2	1,0 m	1,0 m
15	ACD	Myndkort <sup>1</sup>	Þorskafjarðará við Grjótá	357767,5 – 571518,0	1,0 m	15,0 m
16	ADE	Myndkort <sup>1</sup>	Þorskafjarðará við Músará	357394,9 – 570911,2	1,0 m	15,0 m
17	AE	Myndkort <sup>1</sup>	Þorskafjörður við Þorskafjarðará	357399,4 – 570685,8	1,0 m	5,0 m

### SKÝRINGAR


**F:** Fasteignir sem land eiga að landamerkjálínu. Hugtakið fasteign er skilgreint í lögum um skráningu- og mat fasteigna nr. 6/2001.


**Hnit:** X hnit jafngildir austurhniti (lengdarbaugur/austurás). Y hnit jafngildir norðurhniti (breiddarbaugur/norðurás).

**NM:** Nákvæmni mælinga gefin upp í metrum. Byggt á upplýsingum um tækjabúnað, aðferðafræði og grunngögn.

**ÁF:** Ákvárdæð frávik frá mældri staðsetningu, mælt í metrum. Gefur möguleika á að staðsetja punkt innan ákveðins svæðis (NM+ÁF).


**ÁL (sjá uppdrátt):** Áætluð lína út frá texta í landamerkjaskrám og örnefnaskrám, hniffestum kennileitum, og greiningu landslags með fjarkönnunargögnum.






Fskj. 4

## BLAD 23 GUFUDALUR



INSTITUT

( 22 Langadalsströnd )



10. mars 1982

Austur-Barðastrandarsýsla

Múli 1

Reykholahreppur

Fskj. 5

M ú l i

Farið var yfir örnefnaskrá Múla eftir Samúel Eggertsson með Sigvalda Dagssyni, Álftamýri 4, Reykjavík, og staðsetti hann nöfnin. Sigvaldi er Strandamaður, f. 1913, en kemur að Fjarðarhorni í Gufudalssveit um 10 ára aldur. Hann kemur að Múla í Þorskafirði um fermingu og er þar í tvö ár, síðan þrjú ár á Kollabúðum. 1934 fer hann að Múla aftur og býr þar til 1949. Síðan rak hann bú á Kollabúðum í félagi við tengdaföður sinn, Kristján Sigurðsson (heimildarmann Samúels) til 1962. Skráð var í Örnefnastofnun 22. febr. 1982.

Nafn jarðarinnar hefur nokkuð verið á reiki, ýmist nefnd Múli eða Múlakot. Nú mun jörðin oftast nefnd Múli, og verður það nafn notað hér. Landamerkjum er svo lýst í landamerkjaskrá: 1. Að utanverðu eru landamerki milli Múlakots og Hjalla: Porgeirsaldalsá frá upptökum vatna þeirra, er í hana renna vestan af Þorskafjarðarheiði. 2. Að innanverðu frá Porgeirsaldasármynni á jörðin Múlahlið alla inn með Þorskafirði allt inn að Grjótá, og það fram í miðjan Þorskafjörð og miðja Þorskafjarðará allt fram að áðurnefndri Grjótá, sem er landamerkjaá milli Múlakotslands og Hvannahliðar hið neðra, og allt fram að Grjótárvatni. 3. Á fjalli

uppi á jörðin Múlakot í hæst Hvannahliðarfjall og eftir hæstu hryggjum þess norður á svonefndan Gafl, þaðan ofan eftir fjallinu á svonefnda Heimari-Þröskulda, eftir sem vötnum hallar á báðar síður (?) til Ísfirðingagils að norðan og Þorgeirsdals að vestan, eftir hæstu Þröskuldum norður á fjall.

Byrjað er á örnefnum í túni. Eiriksvöllur (1) eða Eyrisvöllur (2) er fyrir sunnan Bæjarlæk (3) upp við veg, sem nú er. Litið er eftir af Eiriksvelli, vegurinn er efst í honum. Enga sögn þekkir Sigvaldi um Eirík. Suður af Eiriksvelli er Skott (4) og Ærhúshóll (5) beint niður af, þar sem Skott og Eiriksvöllur mætast. Ærhúsflöt (6) er fyrir sunnan hólinn, og þar liggja áfram niður eftir Hvammur (7) og Höfðaflöt (8) og Höfði fram af henni (sjá síðar). Aðeins vestar, fyrir vestan Höfðaflöt, er klettahalli, kallaður Snoppa (9). Brunnhúsflöt (10) er fyrir vestan lækinn, niður af bæ. Brunnhús var þar á læknum.

Aftur er komið upp undir veg, vestan við bæ. Þar er Álfkonuhóll (11). Sigvalda var sagt, að ekki mætti slá hólinn, og gerði hann það aldrei. Miðaftanshóll (12) er beint niður af Álfkonuhól, vestur og niður af bæ. Fjóshóll (13) er beint niður af bæ, og Miðdegishóll (14) er þar nokkru neðar. Miðaftanshóll og Miðdegishóll voru eyktamörk. Jaðar (15) nefnast flatir beint vestur af bæði Miðaftanshól og Álfkonuhól.

Norðaustur frá túninu inn í Þorskafjarðarbotn liggur Múlahlið (16). Framhald hennar er Hvannahlið.

Verða nú talin örnefni á Múlahlið, frá túni og inn eftir. Höfði (17) er fyrir neðan tún. Það er klettabrik og lærur á milli. Höfði nær í fjöru, og er ekki fært fyrir framan hann um flæði. Höfðaflöt er beint upp af Höfða, eina flötin fyrir sunnan lækinn.

Tjaldsker (18) er út af Höfða. Það dregur nafn af fuglinum, þar var alltaf tjaldshreiður. Nátthagi (19) er niður með Höfða. Höfði er niður á milli Nátthaga og Vaðalshvamms (20), sem er graslæna upp með túninu, sjóarmegin við það. Úr Vaðalshvammi var farinn svokallaður Útvaðall (21) (eða Ytrivaðall (22)) yfir fjörðinn, og var þá komið á Vaðalseyri í Skógalandi. Gimbrarlækur (23) rennur gegnum Vaðalshvamm. Ekki hefur Sigvaldi heyrt neitt um tildrög nafnsins.

Tangi (24) liggur inn með firðinum og út í hann, inn að Háubökkum (25). Það eru háir klettabakkar, ekki langur kafli.

Þá er komið að Steinkinn (26), sem er á leiðinni upp í fjall, upp með Gimbrarlæk og nær upp í brún. Steinkinn var stundum slegin. Ekki er hægt að telja hana grýtta, en nokkrir steinar eru þó í henni. Fjallið upp af bænum er nefnt Múli (27), og Steinkinn er kinnin í honum.

Skjólbrekka (28) er fyrir ofan Eiriksvöll; vegurinn liggur nú undir henni. Hellisholt (29) er upp með Bæjarlæk að vestanverðu. Svolitill skúti er í það og hægt að fela sig þar. Krakkar höfðu gaman af að fara í hann.

Aftur er farið upp í Múla. Vörðuhóll (30) er beint upp frá bæ. Það er það lengsta, sem sést frá bæ. Varða var á hólnum. Haldið er áfram að sunnanverðu í Múlanum. Upp með Vörðuhóll er Löngulæna (31), þó nokkuð löng laut langt upp í fjall. Fverlæna (32) er suður úr Löngulænu. Fram (þ. e. til fjalls) úr henni er Djúpidalur (33), og er þá komið aftur ofan undir brún. Djúpidalur er skvompa, sem sést ekki, fyrr en komið er alveg að.

Hæsti hryggur á fjallinu heitir Kjölur (34). Hann er hæstur suðaustan við vatnið, sem er uppi á fjallinu, Múlavatn (35). Við austurenda vatnsins er fúaflói, Vatnsflói (36). Þar var alltaf slegið, en ekki var það hægt í rigningu. Startjörn (37) er milli flóans og vatnsins. Í henni var lika slegið. Slægjur á Múla voru litlar og reytingslegar, var hver blettur nýttur, sem nothæfur var.

Úr Múlavatni rennur lækur til norðausturs, sem sameinast Grjótá (sjá síðar). Sigvaldi hefur aldrei heyrt nafn á þessum læk. Sunnan við hann heitir Spákonufell (38) og nær að Grjótá. Engin sögn er Sigvalda kunn um þetta nafn. Spákonufell er suður af Náttmálahrygg (39), sem var eyktamark frá Kollabúðum.

Út af Spákonufelli heitir Slakkabréð (40). Þar myndast slakki inn í fjallið. Sunnanverðu í Kjölnum eru lyngflesjur, sem heita Lágar (41). Milli Slakkabréðar og Lága, eða eiginlega í sjálfrí Slakkabréðinni, er Privörðuklettur (42), standklettur. Hann er í lægri brúninni, ekki þar sem sést hæst. Kletturinn dregur

nafn af Privörðum (sjá síðar). Stórahjallabréður (43) er áframhald af Slakkabréður út eftir. Siðan er Kolviðarhjallabréður (44); þær skerast ekki í sundur.

Þá er komið aftur heim í Steinkinn og farið til baka inn hlið. Flatholt (45) er slétt malarholt upp af Háubökkum. Þangað varð að fara til að sjá inn að Kollabúðum. Upp af því er Kolviðarhjalli (46). Þar er kjarr í hliðinni, en engin merki eru um kolagerð. Heimstistekkur (47) er undir hjallanum inni í hliðinni. Sést fyrir honum enn.

Kúrlhvammur (48) er heim og niður af stekknum, tekur við af Háubökkum við sjóinn. Getur ekki talizt, að þar sé skógur. Reiðhvammur (49) er við sjóinn, innanverðu við Kúrlhvamm. Úr Reiðhvammi var alltaf hægt að fara yfir fjörðinn á fjöru, og var þar kallaður Innvaðall (50). Komið var þá móts við stekkinn í Skóum (sjá Örnefnaskrá Skóga). Í Reiðhvammi er Nýistekkur (51), sem sést vel enn. Stekkurinn í Reiðhvammi og Skóga-stekkur standast á.

Krókur (52) nefnist lægð, sem liggur fram frá Heimstastekk fram í Stórahjalla. Stórihjalli (53) er rétt fyrir neðan brún. Á honum er dálitið hrís.

Innstastekkjarklif (54) er á milli Nýastekks og Innstastekks. Það er klettur í sjó, og er ekki farið fyrir framan það. Innstistekkur (55) er þar fyrir innan. Hann sést vel. Þar grænkar fljótt á vorin. Innstastekkjahjalli (56) er upp af Innstastekk, miðhliðis, niður undan Stórahjallabrekkunni.

Þar inn af er Privöróuhjalli (57), beint niður af Privöróukletti. Hrisrjóður er á milli hjallanna. Privörður (58) eru niður af Privöróuhjalla. Þar voru þrjár vörður með ferðamannagötunni, sem var. Niður undan vörðunum er Privörðunes (59). Ekki var farið yfir fjörðinn innar en þarna. Mjög sjaldan var þó varið yfir fjörðinn á Privörðum. Þar var vont að fara vegna drullu, t.d. urðu baggar á hestum mjög óþrifalegir. Heldur var farið utar, þótt dýpra væri, eða farið inn fyrir.

Bekkur (60) er niður af Privöróuhjalla og upp af Privörðum, er þarna á milli. Það er grasi gróinn og grænn hjalli og mjög skjólasamt þar fyrir skepnur. Slakki (61) er hvilft eða slakki inn í fjallið, fyrir utan Spákonufell. (Í skrá Samúels er talað um Hærri- og Lægrislakka, einnig Hærri- og Lægribekk, en Sigvaldi kannast ekki við það.) Fram af Bekknum eru tvö holt, Slakkaholt (62). Mesti skógurinn er í Slakka og niður af Slakkaholtunum.

Húskleif (63) (Sigvaldi kannast ekki við Húskleif í skrá Samúels) er dálítil kleif niður úr Slakka niður undir veg, eins og hann er nú. Við kleifina hefur séð fyrir tóftum til skamms tíma, liklega eftir beitarhús. Húskleifarrjóður (64) er töðugresisvöllur sunnan við kleifina. Þar er ekki hris. Guðmundarhjalli (65) liggur upp úr Húskleif og fram í Spákonufellið. Dæld eða slakki er fyrir ofan kleifina, þar byrjar hjallinn. Slegið var á Guðmundarhjalla. Ekki þekkir

Sigvaldi tilefni nafnsins. Fyrir ofan Guðmundarhjalla eru Slakkaholtin.

Slakkabakkar (66) eru við sjóinn, út undir Privörðunesi. Heita Slakkabakkar einu nafni frá Privörðunesi fram að Hellisholti (67). Svolitill hellir er í holtið. Ekki er hægt að fela sig þar, en skepnur fara oft í hann. Hellisholt er upp af Fjarðarhorni (68). Fram af Fjarðarhorni er Háakleif (69). Vegurinn lá undir henni, ef ekki var hásjávað. Nú liggur vegurinn uppi á Háukleif.

Nú er komið inn í fjarðarbotn og að Porska-fjarðará (70), sem er á landamerkjum móti Kollabúðum. Í ánni er Hvalhólmi (71) alveg niðri við sjó, og fer hann í kaf á stórstraumsflæði. Reyndar er engin á hérna megin við Hvalhólma nú. Hvalhólmi er undir Háukleif. Þar á að hafa rekið hval. Arapyttur (72) hét fljót í ánni, rétt fyrir ofan Hvalhólma. Hann er nú búinn að vera, án hefur fyllt hann upp. Einhvern tíma drukknaði maður í Arapytti, en Sigvaldi veit ekki, hvort það var Ari, sem pytturinn dregur nafn af.

Bugar (73) heita grasmýrar meðfram Porska-fjarðaránni, frá Arapytti og fram að Réttareyri.

Réttareyri (74) liggur að Grjótá (75), sem kemur ofan af Hvannahliðarfjalli (76) og rennur í Porskafjarðará. Hún er á merkjum Múla og Hvannahliðar. Réttarklettur (77) er alveg við Grjótá og réttin undir honum. Í landamerkjaskrá segir, að Grjótá sé á merkjum allt fram að Grjótárvatni (78). Í skrá Samúels segir, að Grjótárvatn

sé sama og Múlavatn, en Sigvaldi hefur aldrei heyrt nafnið Grjótárvatn um það né nokkurt annað vatn. Grjótá kemur norðan af fjalli, úr smávatni, sem þar er, en Sigvaldi hefur ekki heyrt nafn á því. Lækur, sem rennur úr Múlavatni í Grjótá, er nafnlaus. Fellskrókur (79) er slakki inn í Spákonufellið, upp með Grjótá.

Þá er farið upp á Hvannahlíðarfjall og nyrzt á það. Múli á, samkvæmt landamerkjaskrá, hæst Hvannahlíðarfjall, norður á svonefndan Gafl (80). Það er norðurendinn á fjallinu, brattur með klettum. Merkin liggja síðan ofan eftir fjallinu á svonefnda Þröskulda (81). Þröskuldar eru sandhryggur og hjallar, sem liggja ofan í Porgeirsdal (82) og yfir dalinn. Dalurinn lokast við Þröskulda. Þröskuldar gera bungu heiman við Þröskuldavatn (83). Vatnið er mjög grunnt, en þornar ekki alveg. Þröskuldavatn er í mýri og leirdrulla í því; þetta er aðeins dálítill tjörn. Þröskuldavatn er norðan merkjanna, eins og þeim er lýst í landamerkjaskrá, en nú mun þeim hafa verið breytt þannig, að aðeins Hvannahlíðin tilheyrir Reykhólum nú. Heimst í Þröskuldum eru Þröskuldabrekkur (84). Það eru brattar slægjubrekkur, sem liggja niður í Porgeirsdal. Þær eru miklu brattari en hallinn af Þröskuldum að norðan; er meira atliðandi þar. (Í landamerkjaskrá er talað um Heimari-Þröskulda, en Sigvaldi þekkir aðeins þessa einu Þröskulda.)

Porgeirsdalur er langur dalur, og verður nú haldið heim (suður) eftir honum. Eftir honum rennur

Porgeirs dalsá (85). Hún er af sumum nefnd Múlaá (86) (eða Múlakotsá (86a)), en að sögn Sigvalda mun það nafn ekki haft um ána, fyrr en komið er niður undir sjó.

Austur af Pröskuldavatni heitir Fögruhliðarfjall (87), stórt svæði, og á því er lítið vatn, nefnt Fögruhliðarvatn (88). Úr vatninu rennur Fögruhliðargil (89) ofan í á, milli Fögruhliðar og Svörtugilja. Milli Pröskuldabrekkna og Fögruhliðargils er Fagrahlið (90) (Fögruhlið) og Fögruhliðarhorn (91). Fagrahlið er falleg, þar vex töðugresi og reyr, en ekki skógur. Fögruhliðarhorn gengur fram úr fjallinu ofan undir á. Dalurinn lokast af horninu, og sér ekki fram fyrir það, fyrr en komið er á það.

Svörtugil (92) eru frá Fögruhlið alla leið heim að Sandhólum. Það eru gil í hliðinni, svört i klettunum. Svörtugil eru liklega þrjú. Sandhólar (93) liggja þvert yfir dalinn ofan að á, mynda sneiðing. Upp af þeim og niður af Rjúpnalágum er Staki-Sandhóll (94), stakur hóll uppi í brún.

Upp úr Svörtugiljum er Dýjahjalli (95); á honum eru dý. Upp af honum er Hvassihjalli (96). Þar er frekar hvasst, ef fara þarf eftir hjallanum. Þetta eru klettar, sem koma í fjallið. Var mikið um gren þarna áður. Þar upp af er Sandfell (97), hæsta bungan á fjallinu og sést bæði frá Kollabúðum og vestan frá. Sandfellshryggur (98) liggur fram frá Sandfelli.

Vestur og út af Sandfelli heita Rjúpnalágar (99), lyng- og grasflesjur, dálitið svæði. Austur af

þeim er Seljadalur (100), dálitil kvos, þar sem var slegið. Austur af þeim er einnig Sandfellslækur (101), læna með smálækjarsytru í, líka slægjuland. Hryggur er meðfram Seljadal, og milli hans og Náttmálahryggs er Sandfellslækur, sker þá í sundur. Sandfellslækur er fram (þ. e. nørður) úr Múlavatni, og lækjarsytran rennur í það. Heim úr Seljadal rennur Seljadalslækur (102) og í ána. Meðfram honum miðhliðis eru seltóftir.

Bunga (103) er hæð, hallandi á báða veginum í fjallsbrún, á leiðinni austur undir Kjölinn. Þá er komið heim undir Hasaldsbrekku. Bunguhjallar (104) eru nefndir í skrá Samuels, en Sigvaldi þekkir þá ekki. Líklega eru þeir sama og hann nefnir Bungu. Bungusund (ft.) (105) eru graslænur upp af Bungu, uppi á fjalli. Þar var slegið. Bungulækur (106) hlýtur að vera lækjarsytra, uppsprettta í Bungunni.

Nú er farið ofan að á. Seljahorn (107) er melhorn, sem skerst út í ána, niður undan Bungu. Fifumýri (108) er heim úr því. Þar er dálitið slægjuland. Mikil fifa er í mýrinni.

Kolarjóður (109) er heim í brekkunni, heimar en Fifumýri. Þar er skógarkjarr. Líklega eru þar ekki kolagrafir. Heiman við Fifumýri er Fremrikelda (110). Það er eiginlega Bungulækur, sem kemur þar niður og myndar mýrarsund. Heimrikelda (111) er svipuð, forarmýri, þó nokkuð heimar en Fremrikelda. Keldurnar eru báðar í hliðarlögginni. Upp úr Heimrikeldu er Stórhóll (112),

sandhóll, en ekki stór þrátt fyrir nafnið.

Fram og upp af Stórhól er Hasaldbrekka (113). Ekki er vitað um skýringu á nafninu. Þetta er brött brekka og leirdrulla í henni og sleipt, svo að hestar vildu renna til í henni. Þar var farið með heyband. Upp af Hasaldbrekku er Langabrekka (114), griðarlöng brekka. Hún nær út á Vang (115) (Væng, S.E.), en það er atliðandi, sem myndar annan barm Kviadals. Hinn barmurinn myndast af Stóra-Sjónarhól (116), sem er uppi í brún og ber við himin frá bæ að sjá, og Lægri-Sjónarhól (117), sem er neðar, stutt fyrir ofan bæ. Hann er u. þ. b. um miðjan Múla. Vörðuhóll er fyrir sunnan Bæjarlækinn, en Sjónarhólarnir fyrir vestan.

Fram af Stóra-Sjónarhól eru Lægri-Krosslágar (118) og Hærri-Krosslágar (119). Þær liggja eiginlega í kross og eru uppi á fjalli með Kjölnum, vestanverðu við hann.

Kviadalur (120) er upp frá túni, milli Sjónarhólanna og Vangs. Kvar voru neðst í honum. Þær hafa sézt og gera e. t. v. enn, alveg í vegjaðrinum. Sigvaldi man ekki eftir fráfærum á Múla.

Fram úr Kviadal að ánni liggja tveir ásar, Heimriás (121) og Fremriás (122). Fornistekkur (123) er í endanum á Heimriás, nær ánni. Sést fyrir honum enn. Kurlholt (124) heitir lyngholt við fremri endann á Fremriásnum. Hörðeyri (125) er alveg þar sem vegurinn fer yfir ána. Milli ásanna og Hörðeyrar eru mýrar.

Ain rennur í gljúfri neðan vegar. Rétt fyrir

neðan veginn heitir Gljúfrahorn (126) við ána.

Votihvammur (127) er dálitið fyrir neðan veg, milli Klifs og túns. Gamli vegurinn lá yfir túnið og með sjó, yfir Klif (128) alveg úti við á.

Heimrahorn (129) og Ytrahorn (130), sem nefnd eru í skrá Samúels, þekkir Sigvaldi ekki.

Lélegt mótag var á Múla. Eitthvað var tekið í Krosslágum og Bungusundunum og síðast í myrunum fyrir framan túnið.

Hreinritað í Örnefnastofnun

9. mars 1982

*Jónína Hafsteinsdóttir*  
Jónína Hafsteinsdóttir

Sigvaldi Dagsson hringdi í Örnefnastofnun 19. mars 1982. Hann er búinn að lesa skrána og telur ekkert athugavert við hana.


J.H.

Stafrófsskrá örnefna.

Álfkonuhóll	11	Heimrahorn	129
Arapyttur	72	Heimriás	121
Bekkur	60	Heimrikelda	111
Brunnhúsflöt	10	Heimstistekkur	47
Bugar	73	Hellisholt	29
Bunga	103 sbr. 104	Hellisholt	67
Bunguhjallar	104 sbr. 103	Húskleif	63
Bungulækur	106	Húskleifarrjóður	64
Bungusund	105	Hvalhólmi	71
Bæjarlækur	3	Hvammur	7
Djúpidalur	33	Hvannahliðarfjall	76
Dýjahjalli	95	Hvassihjalli	96
Eiríksvöllur	1 = 2	Hærri-Krosslágar	119
Eyrisvöllur	2 = 1	Höfðaflöt	8
Fagrahlið	90	Höfði	17
Fellskrókur	79	Hörðeyri	125
Fífumýri	108	Innstastekkjarhjalli	56
Fjarðarhorn	68	Innstastekkjarklif	54
Fjóshóll	13	Innstistekkur	55
Flatholt	45	Innvaðall	50
Fornistekkur	123	Jaðar	15
Fremriás	122	Kjölur	34
Fremrikelda	110	Klif	128
Fögruhliðarfjall	87	Kolarjóður	109
Fögruhliðargil	89	Kolviðarhjallabréu	44
Fögruhliðarhorn	91	Kolviðarhjalli	46
Fögruhliðarvatn	88	Krókur	52
Gafl	80	Krosslágar, Hærri-	119
Gimbrarlækur	23	Krosslágar, Lægri-	118
Gljúfrahorn	126	Kurlholt	124
Grjótá	75	Kurlhvammur	48
Grjótárvatn	78	Kviadalur	120
Guðmundarhjalli	65	Lágar	41
Háakleif	69	Langabrekka	114
Hasaldbrekka	113	Lægri-Krosslágar	118
Háubakkar	25	Lægri-Sjónarhóll	117

- |                    |              |                  |              |
|--------------------|--------------|------------------|--------------|
| Löngulæna          | 31           | Stórihjalli      | 53           |
| Miðaftanshóll      | 12           | Stóri-Sjónarhóll | 116          |
| Miðdegishóll       | 14           | Svörtugil        | 92           |
| Múlaá              | 86 = 85, 86a | Tangi            | 24           |
| Múlahlið           | 16           | Tjaldsker        | 18           |
| Múlakotsá          | 86a = 85, 86 | Útvaðall         | 21 = 22      |
| Múlavatn           | 35           | Vaðalshvammur    | 20           |
| Múli               | 27           | Vangur (Vængur)  | 115          |
| Nátthagi           | 19           | Vatnsflói        | 36           |
| Náttmálahryggur    | 39           | Votihvammur      | 127          |
| Nýistekkur         | 51           | Vörðuhóll        | 30           |
| Reiðhvammur        | 49           | Ýtrahorn         | 130          |
| Réttareyri         | 74           | Ýtrivaðall       | 22 = 21      |
| Réttarklettur      | 77           | Þorgeirsdaلسá    | 85 = 86, 86a |
| Rjúpnalágar        | 99           | Þorgeirsdalur    | 82           |
| Sandfell           | 97           | Þorskafjarðará   | 70           |
| Sandfellshryggur   | 98           | Þrívörðuhjalli   | 57           |
| Sandfellslákur     | 101          | Þrívörðuklettur  | 42           |
| Sandhólar          | 93           | Þrívörðunes      | 59           |
| Sandhóll, Staki-   | 94           | Þrívörður        | 58           |
| Seljadalslákur     | 102          | Þröskuldabrekur  | 84           |
| Seljadalur         | 100          | Þröskuldar       | 81           |
| Seljahorn          | 107          | Þröskuldavatn    | 83           |
| Sjónarhóll, Lægri- | 117          | Þverlæna         | 32           |
| Sjónarhóll, Stóri- | 116          | Ærhúsflöt        | 6            |
| Skjólbrekka        | 28           | Ærhúshóll        | 5            |
| Skott              | 4            |                  |              |
| Slakkabakkar       | 66           |                  |              |
| Slakkabrún         | 40           |                  |              |
| Slakkaholt         | 62           |                  |              |
| Slakki             | 61           |                  |              |
| Snoppa             | 9            |                  |              |
| Spákonufell        | 38           |                  |              |
| Staki-Sandhóll     | 94           |                  |              |
| Startjörn          | 37           |                  |              |
| Steinkinn          | 26           |                  |              |
| Stórahjallabréttur | 43           |                  |              |
| Stórhóll           | 112          |                  |              |

Fskj. 6



Fskj. 7

